


Rétt að byrja

Helgi Björnsson segist eiga nóg inni þó að það sé minni gelgja í honum en áður. Hann birtist í tveimur nýjum sjónvarpsþáttum um helgina og ætlar sér stóra hluti í veitingageiranum. ➔ 22



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Konur í meirihluta

Ugly Hauksdóttir og Ninna Pálmadóttir eru meðal leikstjóra á RIFF. ➔ 28



Trúði á það góða

Sigurður Rósant missti móður sína sviplega í sumar. ➔ 30



Sérútbúið leynihólf

Eitt stærsta fikniefnamál Íslandssögunnar. ➔ 26



Nýr
réttur!

Lambasteik

MEÐ BÉARNAISE-SÓSU OG KARTÖFLUGRATÍNI

Heit máltíð,
tilbúin á 12 mín.


Hægeldun tryggir að vítamín
og næringarefni halda sér.

Íslensk framleiðsla, íslenskt
kjöt, án allra rotvarnarefna.

1944

MATUR FYRIR
SJÁLFSTÆÐA
ÍSLENDINGA

Veður



Fremur hæg suðvestanátt en 10-18 og skúrir eftir hádegi. Hægari vindur austanlands fram eftir degi og bjart með köflum. **SJÁ Síðu 42**



Maðurinn leiddur fyrir dómara.

Ákærður fyrir manndráp

DÓMSMÁL Karlmaður á sjötugsaldri hefur verið ákærður fyrir manndráp og brennu, en hann er grunaður um að vera valdur að brunanum að Bræðraborgarstíg í júní.

Maðurinn er ákærður fyrir manndráp á pari auk þriðja manns. Öll eru pólskir ríkisborgarar.

Fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gær að bótakröfur hlaupi á tugum milljóna króna. –aa

Vinna eftir vísbendingum

LÖGREGLUMÁL Stóðeild ríkislög-reglustjóra hefur unnið eftir vísbendingum sem hafa borist um dvalarstað egypsku fjölskyldunnar sem flytja átti af landi brott á miðvikudag.

Um að ræða sex manna fjölskyldu, hjónin Dooa og Ibrahim Kehdr og börnin þeirra fjögur sem eru á aldrinum fimm til tólf ára.

Þau flúðu til Íslands árið 2018 sökum ofsókna í heimalandi þeirra vegna þátttöku Ibrahim í stjórnmálastarfi.

Fram kemur í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins að ekki hafi verið tekin ákvörðun um að lýsa eftir fjölskyldunni að svo stöddu.

Fjöldi fólks hefur mótmælt brottvísuninni. Rósa Björk Brynjólfssdóttir, þingkona Vinstri grænna, sagði skilið við flokk sinn í vikunni vegna málsins og fylgdu tvær þungavigtarkonur í flokknum í kjölfarið.

–aa, ilk

Myndaveisla í Kringlunni



Það er sannkölluð ljósmyndaveisla í Kringlunni þessa dagana. Út septembermánuð stendur yfir göngugötusýning samtakanna World Press Photo þar sem gestir geta skoðað verðlaunaðar fréttaljósmyndir ársins. Alls fengu 44 ljósmyndarar frá 24 löndum verðlaun í átta efnisflokkum. Í Kringlunni hefur einnig verið komið fyrir stórum hjartalaga bás þar sem vinir og fjölskylda geta setið og séð um að mynda sig sjálf. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Meti greiðslur fyrir sjúkraflug

DÓMSMÁL Flugfélagið Mýflug óskar eftir því að gert verði sérstakt mat vegna ágreinings félagsins við Sjúkratryggingar Íslands um greiðslur vegna sjúkraflugs. Matsbeiðnin er til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

Mýflug hefur um árabíl annast sjúkraflug samkvæmt samningi við Sjúkratryggingar.

Mun flugfélagið telja að það eigi inni greiðslur vegna ársins 2018 og árána þar á undan. Byggist það á því að grunngjald sem var í tilboði félagsins hafi miðast við ákveðinn fjölda fluga en að flugin hafi verið mun fleiri.

Þannig mun Mýflug segja að félagið hefði haft grunngjaldið hærra í tilboði sínu ef vitað hefði verið að flugin yrðu fleiri en áætlað var. Auk grunngjaldsins er greitt sérstaklega fyrir hvert flug. Ekki er ágreiningur um þær greiðslur, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

–gar

Ættleiðingarbiðlistar að styttast í Tékklandi

Um þessar mundir eru flest ættleidd börn frá Tékklandi. Fjórar íslenskar fjölskyldur og tékknesk börn hafa verið pörðuð saman á þessu ári. Framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar segir að samstarfið við Tékkka hafi reynst farsælt.

SAMFÉLAG Biðlistar eftir ættleiðingu frá Tékklandi hafa styst. Á þessu ári hafa fjórar íslenskar fjölskyldur og tékknesk börn verið pörðuð saman og eru tvö þeirra nú þegar komin til landsins. Hin tvö munu væntanlega koma til landsins síðar á þessu ári.

Núna koma flest ættleidd börn á Íslandi frá Tékklandi og samstarfið hefur gengið farsælega. Félagið Íslensk ættleiðing, sem hefur milli-göngu um ættleiðingar, er einnig í samstarfi við fjögur önnur lönd, Tógó, Búlgaríu, Kína og Kólumbíu.

„Yfirvöld í Tékklandi eru afar hrifin af íslenskum umsækjendum og hafa sagt okkur að undirbúningur, stuðningur og eftirfylgd hjá Íslenskri ættleiðingu sé til mikillar fyrirmyndar,“ segir Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri félagsins.

„Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur við ættleidd börn og foreldra þeirra er mikilvæg. Íslenska ættleiðingarmódelið leggur áherslu á þessa þætti, stuðning við fjölskyldur áður en ættleitt er, stuðninginn meðan fjölskyldan er að taka fyrstu skrefin og eftirfylgd við fjölskyldurnar. Þetta módel hefur vakið athygli.“

Starfsemi félagsins er tryggt með þjónustusamningi við dómsmálaráðuneytið og er reksturinn óháður fjölda barna sem ættleidd eru til landsins.

Frumættleiðingum hefur fækkað mikið á undanförunum árum, ekki aðeins á Íslandi heldur í öllum heiminum. Meðal annars vegna þess að Kína hefur lokað á umsóknir og vegna þess að tæknifrjögvanum hefur fjölgað. Eftirspurnin gengur þó í bylgjum.

Kristinn segir að meiri kröfur séu



Sjö fjölskyldur eru á biðlista í upprunalöndum og sex í ferli. MYND/GETTY

Tékkka vantar fleiri umsækjendur sem eru að velja fyrir sér ættleiðingum barna með skilgreindar þarfir, systkina og eldri barna.

Kristinn Ingvarsson, framkvæmdastjóri Íslenskrar ættleiðingar



gerðar til umsækjenda og að fleiri börn séu með sérstaklega skilgreindar þarfir. Þetta séu áskoranir sem færri umsækjendur treysta sér í og fari ekki alltaf saman við væntingar þeirra sem langar til að ættleiða. „Tékkka vantar fleiri

umsækjendur sem eru að velja fyrir sér ættleiðingum barna með skilgreindar þarfir, systkina og eldri barna,“ segir hann.

Í dag eru aðeins sjö virkar umsóknir á biðlista í upprunalöndunum og sex aðrar í ferli. Meðaltími á biðlista er mislangur eftir upprunalöndum. Til dæmis er hann tvö ár í Tékklandi og um tvö ár og tveir mánuðir í Tógó.

Fimmtán umsóknir eru nú í forsamþykki hjá sýslumanni en langur tími getur liðið þar til sýslumaður samþykkir. Þegar forsamþykki liggur fyrir er hægt að sækja um í upprunalandi, fara í lækniheimsóknir, safna gögnum og þýða þau fyrir ættleiðingarnefndir í upprunalöndum. Tekur það á bilinu einn til þrjá mánuði að meta hvort viðkomandi séu samþykkt á biðlista.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Næring+ Millimál í fernu



Sjúkratryggingar Íslands veita styrk til kaupa á Næring+





NÝR TOYOTA RAV4 PLUG-IN HYBRID

FRUMSÝNING Í DAG



OPNUNARTÍMAR

Toyota Kaupúni	frá 10-16
Toyota Akureyri	frá 10-16
Toyota Reykjanesbæ	frá 12-16
Toyota Selfossi	frá 12-16

Við kynnum Hybrid flaggskipið hjá Toyota: glænýjan 306 hestafla RAV4 Plug-in Hybrid. Þessi sparneytni sportjeppi er öflugur, umhverfisvænn og lætur vel að stjórn. Aktu á alvöru nútímabíl. Sjá nánar á toyota.is

Verð frá: 8.550.000 kr.

Nýr Hybrid = 100% afsláttur af lántökugjöldum. Sjá nánar á toyota.is



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
460 4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
420 6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



2018

UMHVERFISVERBLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Billinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.

TÖLUR VIKUNNAR 13.09.2020 TIL 19.09.2020



21

þúsund voru atvinnulaus í lok ágúst mánaðar.



14

þúsund rafræn gagnakerfi eru í notkun hjá ríkinu.



131

þúsund tonn var afli íslenskra fiskiskipa í síðasta mánuði.



12

prósent svarenda nýrrar könnunar segjast líkleg til að kjósa nýjan umhverfismiðaðan flokk.



108

eru nú í einangrun hér á landi vegna COVID-19.

Þrjú í fréttum Endurkoma, úrsögn og áttæður Ómar

Benedikt Jóhannesson

fyrrverandi ráðherra

sækist á ný eftir að leiða lista flokksins í alþingiskosningum. Benedikt sneri aftur til ráðgjafarstarfa eftir formannsskipti haustið 2017 en hefur allan tímann starfað í stjórn flokksins. Hann segist ætla að berjast fyrir sömu málum og þeim sem Viðreisn var stofnuð út af.



Rósa Björk Brynjólfssdóttir

þingmaður

tilkynnti Katrínu Jakobsdóttur formanni Vinstri grænna um úrsögn sína úr flokknum. Hún hefur setið á þingi fyrir VG síðan í maí 2016 sem oddviti VG í Suðvesturkjördæmi og 3. þingmaður kjördæmisins. Helsta ástæða Rósu fyrir úrsögninni var brottvísun stjórnvalda á egypsku fjölskyldunni, en Rósa segist ekki lengur eiga samleið með flokknum. Auk Rósu sögðu flokkskonurnar Eydis Blöndal og Hildur Knútsdóttir sig úr flokknum.



Ómar Ragnarsson

athafnamaður

fagnaði áttæðis-afmæli sínu á degi íslenskrar náttúru. Dagsetningin er engin tilviljun enda er dagurinn tileinkaður fjölmiðlamanninum. Ekki var mikið um fagnadarlæti í kringum tímamótin en Ómar segir ástandið í þjóðfélaginu ekki bjóða upp á slíkt.



Þörf á að bæta verulega í til að ná settu marki í fjölda plássna

Formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar segir vinnu í fullum gangi við að fjölga leikskólaplássum, verulega þurfi að bæta í til að ná settu marki. Nýir leikskólar eru á teikniborðinu. Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins segir ekki staðið við kosningaloforð og erfitt að fá upplýsingar um stöðuna.

REYKJAVÍK „Nærtækasta skýringin er sú að við erum með miklu fleiri börn á leikskólaaldri í Reykjavík en öll önnur sveitarfélög og íbúum borgarinnar er að fjölga, þar með talið barnafjölskyldum. Við þurfum því að fjölga verulega leikskólaplássum til að ná settu marki um að bjóða yngri börnum pláss. Sú vinna er þó í fullum gangi,“ segir Skúli Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur.

Greint var frá því í gær að af stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu væri lengsta biðin eftir leikskólaplássi í Reykjavík. Borgin freistar þess að bjóða börnum pláss við 18 mánaða aldur en það markmið hefur ekki gengið eftir og biðlistar eru víða. Í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði eru börn hins vegar að fá leikskólapláss um 12 til 15 mánaða aldur eftir atvikum. Reykjavíkurborg býður upp á lægstu leikskólalagjöldin af stærstu sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu en átta tíma vistun fyrir foreldra í sambúð kostar um 26 þúsund krónur. Veittur er afsláttur fyrir einstæða foreldra og námsmenn en sé tekið tillit til þess er Hafnarfjörður á svipuðum slóðum og Reykjavík.

Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir að hún skilji ekki hvers vegna þetta sé ekki meira forgangsmál hjá meirihlutunum. „Í kosningunum 2014 lofaði Samfylkingin öllum börnum 18 mánaða og eldri leikskólaplássi, þau stóðu ekki við það. Í síðustu kosningum var öllum 12 til 18 mánaða börnum lofað pláss, þau stóðu ekki heldur við það. Biðlistarnir eru allt of langir,“ segir Hildur. Dæmi



Dæmi eru um að allt að tveggja og hálfis árs gömul börn séu enn á biðlista eftir plássi á leikskóla í höfuðborginni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Leikskólalagjöld í fjórum stærstu sveitarfélögunum 8 tíma vistun

	Námshald	Matur	Samtals
Reykjavík			
Foreldrar í sambúð	15.256	11.360	26.616
Einstæðir foreldrar	6.328	11.360	17.688
Kópavogur			
Foreldrar í sambúð	24.176	9.041	33.217
Einstæðir foreldrar	16.920	9.141	26.061
Garðabær			
Foreldrar í sambúð	32.688	7.925	40.613
Einstæðir foreldrar	19.613	7.925	27.538
Hafnarfjörður			
Foreldrar í sambúð	24.720	8.750	33.470
Einstæðir foreldrar	6.180	8.750	14.930

séu um að börn í Vesturbænum fái ekki pláss nema í Breiðholti eða Grafarvogi.

Skúli segir að leikskólaplássum

hafi fjölgað um 200 frá árinu 2018. Verkefninu Brúum bilið sé ætlað að fjölga þeim um 700 til 750 á næstu árum. Í næsta mánuði verður leik-



Hildur Björnsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins

skóli opnaður í Úlfarsárdal, þá verður byggður stór leikskóli í miðborginni. Einnig eru leikskólar í Skerjafirði og í Vogabyggð á teikniborðinu auk viðbygginga við eftirsótta leikskóla. „Núna erum við að taka inn börn niður í 15 mánaða gömul í ákveðnum hverfum og með frekari fjölgun plássna mun sá aldur fara lækkanði þar til takmarkinu er náð um að öll börn, 12 mánaða og eldri, fái boð um leikskólapláss,“ segir Skúli.

Hildur segir erfitt að fá upplýsingar. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins hafi lagt fram fyrirspurn fyrir á kjörtímabilinu um meðalaldur barna við innritun á leikskóla en beðið hafi verið um að fyrirspurnina yrði dregin til baka vegna kostnaðar, aldrei hafi borist svar. „Ég hefði haldið að þetta væru grunnupplýsingar sem borgin vildi afla svo hægst væri að meta árangurinn og takast á við þennan vanda,“ segir Hildur.

Skúli segir þetta koma sér spáskt fyrir sjónir þar sem reglulega berist slíkar upplýsingar. Vonast sé til að hafa handbæra nýjustu samantekt um aldur barna við síðustu innritun í leikskóla borgarinnar síðar í þessum mánuði. „Það eru engin vandræði með það, hvorki pólitísk né önnur,“ segir Skúli.

bjornth@frettabladid.is
arib@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



Við trúum á góðar hugmyndir

Íslandsbanki vill vera hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu. Í október verða veittir styrkir úr Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka til verkefna sem styðja við þau fjögur heimsmarkmið sem Íslandsbanki leggur sérstaka áherslu á:

4 MENNTUN
FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI
KYNJANNA



9 NÝSKÖPUN OG
UPPBYGGING



13 AÐGERÐIR Í
LOFTSLAGSMÁLUM



Alls verða um 10 styrkir veittir og nema þeir frá 1-5 milljónum króna á hvert verkefni.

Umsóknarfrestur er til og með 11. október 2020.
Umsóknareyðublöð og allar nánari upplýsingar
má finna á islandsbanki.is/frumkvodlasjodur



Mikil eftirspurn var eftir hlutum frá almennum fjárfestum og verður eignarhlutur þeirra í félaginu um 50 prósent í kjölfar útboðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Nýr hluthafahópur tekur á sig mynd

Uppstökkun verður í hluthafahópi Icelandair Group eftir útboðið. Íslandssjóðir tóku „vel þátt“ í útboðinu. Brú bætir verulega við hlut sinn og Lífsverk kemur nýr inn. Frjálsi sat hjá og hlutur Stefnis þynnist þrátt fyrir þátttöku. Almenni og Stapi viðhalda sínu.

VIÐSKIPTI Hluthafalisti Icelandair mun taka verulegum breytingum eftir hlutfjárútboð sem fór langt fram úr væntingum markaðarins. Fagfjárfestar sem voru stórir hluthafar fyrir útboðið ákváðu að taka ekki þátt í útboðinu á meðan aðrir bættu verulega við hlut sinn og nýir komu inn af þunga.

Stjórn Icelandair samþykkti yfir níu þúsund áskriftir að fjárhæð 30,3 milljarðar króna og var því ákveðið að nýta heimild til stækkunar útboðsins þannig að fjöldi seldra hluta verði 23 milljarðar. Nýjum hlutum fylgja 25 prósent áskriftarréttindi eða sem nemur 5,75 milljörðum hluta.

Fréttablaðið tók saman yfirlit yfir þátttöku helstu fagfjárfesta í útboðinu. Sjóðir í stýringu Stefnis, sjóðastýringarfélag Arion banka, sem áttu samtals 12,25 prósent hlut fyrir útboðið, tóku þátt samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hlutur Stefnis mun þó minnka töluvert miðað við það sem áður var, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst.

Pálmi Haraldsson keypti hlut

Pálmi Haraldsson staðfesti í samtali við Fréttablaðið að hann hefði tekið þátt. Eignarhlutur Pálma í Icelandair, sem nam um 3 prósentum, er meðal annars í gegnum eignarhaldsfélögin Sólvöll og Ferðaskrifstofu Íslands. Pálmi var á sínum tíma stór hluthafi í Icelandair og sat í stjórn flugfélagsins á árunum 2003 og 2004. Vænting ehf., fjárfestingafélag Bláa lónsins, sem var með 1,3 prósent hlut, tók hins vegar ekki þátt samkvæmt svari frá Helgu Árnadóttur, framkvæmdastjóra hjá Bláa lóninu. Þá náðist ekki í Högna Pétur Sigurðsson, fjárfesti og eiganda Hard Rock Cafe á Íslandi, sem varð stærsti einkafjárfestirinn í hluthafahópi Icelandair í vor. Hann átti þá samanlagt 3,4 prósent.

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, sem var næststærsti hluthafinn með 11,8 prósent hlut, tók ekki þátt. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins féll tillaga um að lífeyrissjóðurinn myndi skrá sig fyrir 2,5 milljarða króna hlut í útboðinu á jöfnum atkvæðum þar sem fjórir stjórnarmenn greiddu atkvæði með og fjórir greiddu atkvæði gegn. Ef tillagan hefði verið samþykkt hefði Lífeyrissjóður verzlunarmanna verið með rúmlega 11 prósent hlut í Icelandair í kjölfar útboðsins.

Þá hafði um nokkurt skeið verið vitað að PAR Capital, sem var stærsti hluthafinn í Icelandair þegar kórónafaraldurinn skall á, myndi ekki taka þátt. Bandaríski fjárfestingasjóðurinn hafði selt sig niður í þriðja sæti hluthafalistans og nam eignarhluturinn 10 prósentum fyrir útboðið.

Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis lífeyrissjóðs, staðfesti þátttöku sjóðsins í samtali við Viðskiptablaðið en hann gaf ekki upp hversu há fjárhæðin væri. Gildi var fjórði stærsti hluthafi Icelandair með 7,24 prósent hlut fyrir útboðið.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), stærsti lífeyrissjóður landsins og fjórði stærsti hluthafi Icelandair Group, skráði sig fyrir um 2 milljörðum hluta í því skyni að verja 8,25 prósent eignarhlut sinn.

Birta lífeyrissjóður, sem var sjötti stærsti hluthafi Icelandair Group með rúmlega 7 prósent hlut, ákvað að taka ekki þátt í hlutfjárútboði flugfélagsins. „Samstaða var um þessa ákvörðun bæði hjá starfsmönnum og stjórn eftir itarlega skodun á málinu þar sem mörg fagleg sjónarmið vögust á,“ sagði í tilkynningunni frá sjóðnum.

Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem fór með 2,8 prósent hlut, tók ekki þátt í útboðinu samkvæmt svari frá Arnaldi Loftssyni, framkvæmdastjóra sjóðsins. Sama gildir um Festu lífeyrissjóð og Íslenska lífeyrissjóðinn en hvorugur var á listanum yfir tuttugu stærstu hluthafana fyrir útboðið.

Brú lífeyrissjóður tók þátt í útboðinu og fékk úthlutað 1.260 milljónum hluta. Þetta stað-

Furðar sig á afstöðu fulltrúa launþega í stjórn Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Guðrún Hafsteinsdóttir, varaformaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að andstæðir pólar hefðu tekist á innan stjórnarinnar við mat á því hvort taka ætti þátt í hlutfjárútboði Icelandair.

„Við fulltrúa atvinnurekenda vorum samstiga í því að styðja þátttöku,“ útskýrir Guðrún.

Hún sagðist hafa átt von á því að stjórnin, sem telur átta manns, myndi standa saman að því að verja störf félagsmanna og

þá hagsmuni sem eru undir fyrir íslenskt efnahagslíf að tryggja rekstur Icelandair.

„Þarna er um að ræða lífsviðurværi þúsunda starfsmanna og starfsfólk Icelandair er einn stærsti greiðandi félagsgjalda til VR og þar með til lífeyrissjóðsins. Það kom mér því á óvart að það hafi verið fulltrúa atvinnurekenda í sjóðnum sem töluðu fyrir mikilvægi þess að verja störf félagsmanna en ekki fulltrúa launþegahreyfingarinnar,“ sagði Guðrún.

Þátttaka fagfjárfesta í útboði Icelandair

	Já	Nei	Hlutdeild áður
Stefnir	x		12,25%
LIVE		x	11,80%
PAR		x	10%
LSR	x		8,25%
Gildi	x		7,24%
Birta		x	7,07%
Frjálsi		x	2,84%
Landsbréf			1,91%
Brú	x		1,77%
Almenni	x		1,53%
Stapi	x		1,36%
SL lífeyrissjóður	x		0,88%
Festa		x	-
Íslandssjóðir	x		-
EFIA	x		-
Lífsverk	x		-0%

festir Gerður Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Brúar, í samtali við Fréttablaðið. Eignarhlutur Brúar, sem var 1,77 prósent, hækkaði því í tæp 4,8 prósent eftir útboðið.

Almenni lífeyrissjóðurinn tók þátt í útboði Icelandair Group samkvæmt svari frá Kristjönu Sigurðardóttur fjárfestastjóra og fékk rúma 441 milljón í sinn hlut. Eignarhlutur sjóðsins eykst því úr 1,5 prósentum upp í 1,8 prósent.

Lífsverk, sem átti ekki teljandi hlut í Icelandair, sótti um 400 milljónir króna í útboðinu og fékk úthlutað 252 milljónir, sem samsvorar tæplega 0,3 prósentum af

eignum samtryggingardeildar.

„Samhljómur var meðal stjórnar og eignastýringar Lífsverks að taka þátt í hlutfjárútboðinu,“ sagði í tilkynningu Lífsverks.

Eftirlaunasjóður FÍA, sem átti smávægilegan hlut fyrir útboðið, keypti fyrir 439 milljónir.

Íslandssjóðir, dótturfélag Íslandsbanka tóku „vel þátt“ í útboðinu að sögn Kartans Smára Höskuldssonar framkvæmdastjóra en fjárhæðir eru ekki opinberar upplýsingar. Félagið var ekki á listanum yfir tuttugu stærstu hluthafana fyrir útboðið. Ekki fengust svör frá Landsbréfum, dótturfélagi Landsbankans, við fyrirspurn um þátttöku en félagið átti 1,9 prósent hlut fyrir.

Þá segir Jóhann Steinar Jóhannsson, framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs, sem átti 1,36 prósent, að sjóðurinn hafi tekið þátt í útboði Icelandair „í samræmi við hlutfjáreign sína í félaginu“. Má því ætla að Stapi hafi keypt hluti í útboðinu fyrir tæplega 400 milljónir króna.

Útgefið hlutafélag Icelandair, sem verður aukið úr 5,4 milljörðum í 28,4 milljarða í kjölfar útboðsins, mun þynnast niður í um 19 til 21 prósent og ef nýir fjárfestar félagsins nýta sér þau áskriftarréttindi sem fylgja með bréfunum, sem hægt verður að gera í einu lagi eða skrefum til allt að tveggja ára, þynnist eignarhlutur hluthafa niður í allt að 16 prósent.

thorsteinn@frettabladid.is



Námskeið fyrir matsmenn

Lögmannafélag Íslands og dómstólasýslan standa fyrir námskeiði fyrir dómkvadda matsmenn. Farið verður yfir hlutverk matsmanna og starf þeirra frá dómkvæðingu og þar til þeir skila matsgerð og/eða mæta fyrir dóm. Þá verður farið yfir ákvæði einkamálagala sem varða störf matsmanna og samningu og uppsetningu matsgerða, undirbúning matsfunda og störf á vettvangi. Í lok síðari námskeiðsdags verður farið í Héraðsdóm Reykjavíkur þar sem nánar er upplýst um samskipti dómkvaddra matsmanna við dómstólana.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem hafa verið matsmenn eða vilja gefa kost á sér sem matsmenn fyrir dómi á sínu sérsviði, s.s. iðnaðarmönnum, tæknifræðingum, verkfræðingum, fasteignasölum, lögmönnum, læknum, sálfræðingum, viðskiptafræðingum og endurskoðendum.

Handbók með ítarlegum leiðbeiningum fyrir dómkvadda matsmenn er innifalin.

Kennarar Viðar Lúdvíksson lögmaður hjá Landslögum og Ragnar Ómarsson byggingafræðingur á Verkfræðistofunni Verkís, formaður Matsmannafélags Íslands.
Staður Kennslustofa LMFÍ, Álfamýri 9, 108 Reykjavík og Héraðsdómur Reykjavíkur.
Tími Miðvikudagur 21. okt. kl. 13.00-16.00 og fimmtudagur 22. okt. kl. 13.30-16.30
Verð kr. 47.000,-

Skráning á heimasíðu www.lmf.is

Sláum nýjan tón í Hörpu



HARPA

Við óskum eftir tillögum að nýju og fersku framboði á veitingaþjónustu, verslun og upplifunum á neðri hæðum Hörpu.

Ert þú með spennandi tillögu sem rímar við kjarnastarfsemi Hörpu sem tónlistar- og ráðstefnuhúss á heimsmælikvarða? Við óskum bæði eftir áhugasömum rekstraraðilum og hugmyndum einstaklinga að spennandi nýjungum í Hörpu.

Harpa fagnar 10 ára afmæli á næsta ári. Af því tilefni viljum við slá nýjan og ferskan tón. Markmiðið er að nýtt skipulag veitingastaða, verslana og annarrar þjónustu endurspegli sérstöðu Hörpu, í takti við breytt landslag og nánasta umhverfi í miðborg Reykjavíkur.

Harpa er einn fjölsóttasti áfangastaður Reykjavíkur, miðstöð mannlífs og menningar þar sem um 1.200 viðburðir eru haldnir á ári.

7. október

Skilafrestur veitingaþjónustu.

19. október

Skilafrestur verslunar, þjónustu og upplifunar.

Tímarammi verkefnis er út árið 2021.

Nánari upplýsingar á harpa.is/nyr-tonn





...algjör sæla!



Listamannalaun 2021

Umsóknarfrestur 1. október

Auglýst eru til umsóknar starfslaun listamanna sem úthlutað verður árið 2021 í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2009.

Umsóknarfrestur rennur út 1. október 2020.

Úthlutað verður úr eftirfarandi sjóðum:
launasjóður hönnuða
launasjóður myndlistarmanna
launasjóður rithöfunda
launasjóður sviðslistafólks
launasjóður tónlistarflytjenda
launasjóður tónskálda

Í umsóknum er óskað eftir upplýsingum um feril umsækjenda, listrænt gildi verkefnis og rökstudda tímaáætlun. Einnig skulu fylgja upplýsingar um náms- og starfsferil svo og verðlaun og viðurkenningar. Þessir þættir liggja að jafnaði til grundvallar ákvörðun um úthlutun starfslauna.

Nota þarf rafræn skilríki við gerð umsóknar. Umsóknir eru einstaklingsumsóknir. Í vinnuáætlun er hægt að tilgreina samstarf sérstaklega. Eingöngu er tekið við rafrænum fylgigögnum.

Hafi umsækjandi hlotið starfslaun áður, verður umsókn aðeins tekin til umfjöllunar ef framvinduskýrslu/lokaskýrslu hefur verið skilað til stjórnar listamannalauna, sbr. 4. gr. laga um listamannalaun nr. 57/2009.

Vakin er athygli á því að áfram verður hægt að fella starfslaun sviðslistamanna inn í atvinnuleikhópaumsóknir.

Aðgangur að umsókn, eyðublöð fyrir framvinduskýrslu ásamt lögum og reglugerðum um sjóðinn o.fl., er að finna á vefslóðinni www.listamannalaun.is.

Nánari upplýsingar veita Ragnhildur Zoëga og Óskar Eggert Óskarsson á skrifstofu Rannís, listamannalaun@rannis.is.

Stjórn listamannalauna, ágúst 2020.

launasjóður artists' listamanna
salary fund


rannís
www.rannis.is



María Júlia er í mjög slæmu ásigkomulagi og hætta á að hún sökkvi á næstunni verði ekkert að gert. MYND/ÞSEND

Reyna að koma Maríu Júlíu í slipp á Húsavík

Björgunarskipið María Júlia á sér merka sögu björgunarafreka og þjónaði Landhelgisgæslunni vel í fyrsta þorskastríðinu. Nú liggur það grotnandi við Ísafjarðarhöfn með leka. Stefnt er á að koma því til Húsavíkur í yfirhalningu.

VESTFIRÐIR Hreyfing er komin á mál björgunarskipins Maríu Júlíu BA 36 sem legið hefur grotnandi við Ísafjarðarhöfn í sextán ár. Lengi hefur verið barist fyrir að fá fjármagn til að gera skipið upp en ekkert gengið.

Nú stefna sveitarfélög á Vestfjörðum og Norðurþing að því að koma skipinu til Húsavíkur í slipp þar sem það yrði í einhver ár á meðan á enduruppbyggingu stendur. Skipinu yrði síðan siglt vestur þegar það væri tilbúið en það er í eigu Byggðasafns Vestfjarða á Ísafirði og safnsins að Hnjóti á Patreksfirði. Afla þarf fjárstuðnings ríkisins til þess að verkefnið gangi eftir en einnig mun sjálfsaflafé koma til.

Málfeini Maríu Júlíu eru að verða aðkallandi því skipið er orðið mjög illa farið og lekt. „Hafnarstjórn hefur sagt að skipið verði að fara úr höfninni vegna ástands þess,“ segir Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafnsins. „Það hefur lekið lengi og alltaf hætta á að það sökkvi.“

María Júlia var smíðuð í Frederikssund í Danmörku árið 1950 og var björgunarskip á Vestfjörðum í nærri 20 ár. Hún er 137 brúttósmálestir að stærð og 27,5 metrar að lengd. Skipið var í þjónustu Land-

 Það hefur lekið lengi og alltaf hætta á að það sökkvi.

Jóna Símónía Bjarnadóttir, forstöðumaður Byggðasafns Vestfjarða

helgisgæslunnar og var notað við björgun 2.000 mannlífa.

Meðal þeirra björgunaraðgerða sem María Júlia var nýtt til var þegar vélbáturinn Már frá Vestmannaeyjum sökk við Selvog skömmu fyrir jóln 1955. Skotið var línu yfir til bátsins og bjargaðist öll sjö manna áhöfnin naumlega, rétt áður en bátinum hvolfdi.

Ekki enduðu allar aðgerðirnar jafn vel. Til að mynda þegar áhöfn Maríu Júlíu kom að bátinum Bangsa í janúar árið 1952 í svartabyl. Skrufan var ónýtt og báturinn að tæstast í sundur í brotsjónum. Náðist að bjarga þremur skipverjum rétt áður en hafið gleypsi Bangsa en tveir menn voru þá þegar horfnir.

María Júlia gegndi einnig mikilvægu hlutverki í fyrsta þorskastríðinu árin 1958 til 1961 sem varðbátur í baráttunni við Breta.

Í september 1958 mátti litlu muna að illa færi þegar breski tundurspillirinn Hogue stímdi að Maríu Júlíu en áhöfn hennar var þá að stöðva veiðar breska togarans Northern Foam. Var Maríu Júlíu komið fimlega undan en tundurspillinn keyrt inn í togarann með miklu offorsi svo að bakborðshliðin, þilfarið og björgunarbátur hans fór allur í skrall og minnstu munaði að hann færi á hliðina. Þetta var ekki eini hasarinn sem María Júlia lenti í í stríðinu.

Milli björgunaraðgerða og stríðsbróts var María Júlia notuð við hafrannsóknir, meðal annars við Færeyjar.


Árið 1968 var skipið selt útgerðarmönnum og nýtt til fiskveiða á Patreksfirði og Tálknafirði til ársins 2003 þegar skipinu var loks lagt. Jóna segir að söfnin tvö hafi keypt skipið með það fyrir augum að gera það upp, en fé hafi ekki fengist til þess. Talið hefur verið að kostnaðurinn sé á bilinu 300 til 500 milljónir króna. „Þetta er mjög merkilegt skip, bæði fyrir sögu Vestfjarða og landsins alls. Við höfum ekki setið aðum höndum í þessi sextán ár heldur mikið barist fyrir því að skipið verði gert upp,“ segir Jóna. kristinnhaukur@frettabladid.is

Sóknarnefndin hættir í sjálfboðavinnu í líkhúsinu

ÞÓRSHÖFN Langanesbyggð mun taka að sér rekstur líkgeymslu á Þórshöfn í kjölfar þess að sóknarnefndin sagði sig frá verkefninu sem nefndarmenn hafa sinnt sem sjálfboðaliðar.

Á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar á fimmtudag var samþykkt að taka upp samstarf við sóknarnefndina og Svalbarðshrepp um að leita lausna varðandi líkhúsið. Sóknarnefndin og stjórn kirkjugarðsins höfðu tilkynnt í lok janúar að þær myndu hætta rekstri þess í júlí.

„Það er alveg ljóst að þetta mál er eins og við getum kallað munaðarlausni í kerfinu. Það eru engin ákvæði í neinum lögum neins staðar um það eða sagt hver eigi að reka þetta,“ rakti Jónas Egilsson

 Það er alveg ljóst að þetta mál er eins og við getum kallað munaðarlausni í kerfinu.

Jónas Egilsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar



sveitarstjóri er hann kynnti málið á sveitarstjórnarfundinum. Sagði hann rekstur líkhúsa ekki í verkaþing sveitarfélaga en að Langanesbyggð bæri samfélagslega ábyrgð. Finna þyrfti lausn til bráðabirgða „og gera þetta svona betur úr garði heldur en það er núna þannig að

einhver svona smá virðing sé sýnd mönnum á lokakafla hérna megin.“

Var þannig samþykkt að ganga frá leigu á herbergi í kirkjunni á Þórshöfn sem líkgeymslu til bráðabirgða og að skipa vinnuhóp til að gera tillögu um framtíðarlausn á líkgeymslu fyrir sveitarfélagið.

„Venjulega er það þannig að þetta er rekið af útfararþjónustum í stærri þéttbýliskjörnum, í fjölmennari sveitarfélögum – sem er ekki í boði hérna,“ undirstrikaði sveitarstjórinn sem sagði vísast að leitað yrði til heilsugæslunnar og jafnvel til dómsmálaráðherra og þingmanna vegna málsins. Mjög mikilvægt væri að starfsemin gæti verið á svæðinu og hægt væri að sinna aðstandendum á „ögurstundu“ eins og Jónas orðaði það. – gar

Hann er kominn!

Nýr 100% rafmagnaður
Volkswagen ID.3

 Komdu í
reynsluakstur



#NúGeturÞú



Komdu í heimsókn og skoðaðu!

Nú er komið að ID.3 að hefja nýjan kafla – tímabil vistvænna ferðamáta. Rafmögnuð akstursafköst, tímamótahönnun og hagnýt drægni. Nýr ID.3 1 endurspeglar óskir viðskiptavina í gæðum, þægindum, tækni og ekur allt að 550 km (WLTP) á einni hleðslu. Fólk sækir í breytingar. Framtíðin er reiðubúin og hún bíður þín. Nú getur þú forbókað reynsluakstur á www.hekla.is/reynsluakstur. Sjáumst!





Óskar er ánægður með nýja kerfið.

Ný skráning heppnaðist vel

COVID-19 Rafrænt skráningarkerfi í skimanir vegna COVID-19 var tekið í gagnið í gær. Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir að frumraunin hafi farið fram úr björtustu vonum. Kerfið er aðgengilegt í gegnum heilsuvera.is. Þar geta aðilar sett sjálfir inn einkenni og skráð sig í sýnatöku. „Forritunin var að klárast rétt áður en þetta fór í loftið en kerfið virkaði vel. Það var ótrúlegt að sjá fólk strax nýta þessa lausn.“

Alls voru tekin um 2.000 sýni við Suðurlandsbraut í gær en 85 prósent þeirra bókuðu sig í gegnum vefinn. „Við vorum meðal annars að skima þá sem mögulega komust í snertingu við veiruna á kránni.“

Sýnataka fer nú fram innandyrna en að sögn Óskars er það mun fljótlegri leið. – bp

Íslendingur slasaður eftir fallhlífarstökk

PÓLLAND Íslendingur á fertugsaldri slasaðist í fallhlífarstökki í Póllandi um síðustu helgi. Þetta kemur fram á pólska vefmiðlinum Portal. Slysíð átti sér stað við flugvöllinn í borginni Elblag, skammt frá Gdansk. Mun Íslendingurinn hafa verið að stökkva með pólskum kennara á sextugsaldri. Þegar 10 metrar voru til jarðar kom sterk vindhviða sem feykta þeim af leið og skullu þeir harkalega til jarðar. Mennirnir voru fluttir á nærliggjandi sjúkrahús. Búst er við að hinir slösuðu nái sér að fullu. – bp

Missi vinstrimenn völdin í Toscana er Conte í vanda

Framtíð leiðtoga Demókrataflokkans á Ítalíu gæti verið í hættu ef hægripopúlistar sigra í Toscana, þar sem vinstrimenn hafa ráðið lögum og lofum í hálföld. Héraðs- og sveitarstjórnarkosningar fara fram í landinu á sunnudag og mánudag en einnig er kosið um stjórnarskrárbreytingu um fækkun þingsæta.

ITALÍA Á næstu dögum fara fram héraðs- og sveitarstjórnarkosningar í sjö héruðum Ítalíu og um eitt þúsund borgum og bæjum. Þar á meðal í Toscana, Feneyjum og hinu fjölmenna héraði Campania á suðvesturströndinni. Kosningarnar eru sagðar fyrsti alvöru prófsteininn á ríkisstjórn Giuseppe Conte sem mynduð var fyrir rúmu ári. Einnig verður kosið um þá stjórnarskrárbreytingu að fækka þingsætum um þriðjung í báðum deildum.

Stjórn Conte hefur þótt taka ágætlega á faraldrinum sem skall mjög harkalega á landinu í mars. Dauðsföllum fjölgaði hratt og heilbrigðisstarfsfólk þurfti að velja hverjir fengju öndunarvélar. Efnahagslegar afleiðingar faraldursins og þær takmarkanir sem enn eru í gildi virðast hins vegar koma verr niður á stjórninni og einnig ósamstaða milli Fimmstjórnuhreyfingar Conte og vinstrimanna. Nú er einmitt krítkískur tími í ítölskum stjórnarmálum þar sem COVID-styrkjum ESB verður brátt úthlutað.

Fyrir fram er búist við því að bandalag Norðurbandalagsins, Áfram Ítalíu, og smærri ófgahægri-flokka vinni á. Það bandalag var kokkað upp af hægripopúlistanum Matteo Salvini og fyrrverandi forsætisráðherra Silvio Berlusconi. Talið er að bandalagið gæti náð völdum í héruðum sem hafa kosið til vinstri í áratugi. Helsta baráttumál Salvini eru innflytjendamál.

Í Marche á austurströndinni hafa vinstriflokkar stjórnað í kvartöld en nú er útlit fyrir að hægripopúlistar vinni þar stórsigur. Í Toscana gæti vinstri meirihlutinn fallið í fyrsta skipti í hálföld, í héraði sem gjarnan er kallað „regione rossa“ eða rauða héraðið, vegna vinstri-



Demókratar eiga undir högg að sækja í höfuðviginu Toscana. Zingaretti heldur hér ræðu í Pisa. MYND/GETTY

Persónulegar vinsældir Matteo Salvini hafa dvínað í faraldrinum en ef hann nær að sigra á ný mun enginn efast um hann sem leiðtoga.

Barbara Fiammeri, stjórnmálaskýrandi

slagsiðunnar. Einu góðu fréttirnar fyrir Demókrataflokkinn, sem fer fyrir vinstribandalaginu, er að hann virðist nokkuð öruggur með

að halda völdum í Campania. Nær engar líkur eru talda á að hægripopúlistar geti misst þau héruð sem þeir halda núna, svo sem Feneyjar.

Skýrendur telja að stórsigur hægripopúlista í kosningunum muni ekki hafa bein áhrif á landsmálin, að minnsta kosti ekki í haust. Næstu þingskosningar eru eftir þrjú ár. Stórt tap Demókrataflokkans gæti hins vegar veikt stöðu Nicola Zingaretti sem stýrt hefur flokknum síðan í mars árið 2019. Falli Toscana gæti hann neyðst til þess að segja af sér, því það væri í raun sambærilegt við að bandaríski Demókrataflokkurinn tapaði Kaliforníu.

Einnig er mikið undir fyrir Salvini, sem áður gegndi stöðu innan-

ríkisráðherra í fyrri stjórn Conte.

„Vinsældir Salvini hafa dvínað í faraldrinum en ef hann nær að sigra mun enginn efast um hann sem leiðtoga,“ segir stjórnmála-skýrandinn Barbara Fiammeri hjá fréttamiðlinum Sole 24 Ore.

Fyrir Fimmstjórnuhreyfinguna skiptir stjórnarskrárbreytingin meira máli, en fækkun þingsæta var eitt af stóru kosningaloförðunum þeirra fyrir síðustu þingskosningar. Í neðri deild myndi fækka úr 630 niður í 400 og í efri deild úr 315 niður í 200. Samkvæmt skoðanakönnunum hefur andstaða fólks við breytinguna aukist á undanföllum vikum.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Finnar brutu gegn lífsréttinum

FINNLAND Finnisk stjórnvöld brutu gegn rétti borgara sinna til lífs í aðdraganda skotárásar sem kostaði tíu manns lífið árið 2008. Þetta er niðurstaða Mannréttindadómstóls Evrópu (MDE) í máli 19 ættingja nemenda og kennara sem létust í skotárás í skóla í bænum Kauhajoki.

Áð mati MDE brugðust yfirvöld skyldu sinni til að bregðast við fyrrisjáanlegri hættu sem stafaði af árársmaninum með því að leggja hald á skotvopn hans áður en hann lét til skarar skriða.

Gerandinn, sem var sjálfur nemandi við skólann, skaut níu samnemendur sína til bana og einn kennara.

Þrátt fyrir að lögregluvöld hefði ekki getað séð fyrir bráða lífs-hættu þolenda árársinnar, að mati dómsins, hafði lögregla vitneskju um yfirlýsingar byssumannsins á internetinu og hafði yfirheyrt hann áður en hann lét til skarar skriða. Til greina kom af hálfu lögreglu að gera skotvopn hans upptækt en eftir yfirlegu var ákveðið að gera það ekki.

Áð mati dómsins hefði upptaka á vopninu verið bæði lögmæt og mál-efnaleg varúðarráðstöfun. Með því að grípa ekki til þess ráðs, brugðust stjórnvöld sérstakri skyldu sinni til að gæta að öryggis borgarana, í ljósi yfirvofandi hættu, og brutu þannig í bága við 2. grein Mannréttinda-sáttmála Evrópu um réttinn til lífs.

Var finnska ríkið dæmt til að greiða Elmari Kotilainen, syni



Skotárásin varð í Kauhajoki-skólanum í september 2008. MYND/EPA



Hinn 22 ára gerandi Matti Juhani Saari svipti sig lífi í lok árársar.

Skotárásin í Kauhajoki var þriðja skotárásin á skóla í sögu Finnlands.

kennarans sem lést í árásinni, 31 þúsund evrur í skaðabætur en Elmari var tveggja ára þegar árásin var gerð. Þá var ríkið einnig dæmt til að greiða tíu fjölskyldum 30 þúsund evrur í miskabætur vegna ættingja sem þær misstu í árásinni. – aa

Styrkir úr Tónlistarsjóði
Umsóknarfrestur til 2. nóvember

Rannís auglýsir eftir styrkumsóknum í Tónlistarsjóð til verkefna sem efnt verður til á tímabilinu 1. janúar – 30. júní 2021.

Hlutverk Tónlistarsjóðs er að efla íslenska tónlist og stuðla að kynningu á íslenskum tónlistarmönnum og tónsköpun þeirra.

Upplýsingar og umsóknargögn er að finna á www.rannis.is. Umsóknum og lokaskýrslum skal skila á rafrænu formi.

Hafi umsækjandi áður fengið styrk úr Tónlistarsjóði þarf að liggja fyrir greinargerð um framkvæmd fyrra verkefnis til að ný umsókn komi til greina.

Umsóknarfrestur rennur út 2. nóvember 2020 kl. 16.00. Umsóknarfrestir Tónlistarsjóðs eru tvisvar á ári, í byrjun maí og nóvember.

Rannís,
sími 515 5800,
tonlistarsjodur@rannis.is



www.rannis.is

**Trésmiðir, úrsmiðir, tónlistarfólk
kaupa tómata, gúrkur, osta og mjólk.**

Brandenburg | sía



Þegar þú verslar hér heima skilar það sér aftur til þín. Þú styður við framleiðslu, ferskleika, úrval og gæði. Þannig skapast verðmæti og ný störf, samfélaginu til góða. Kynntu þér málið á gjoridsvovel.is.

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Óskabarnið



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Landið okkar treystir á samgöngur á sjó og í lofti. Þegar Eimskipafélag Íslands var stofnað fyrir rúmum hundruð árum þótti stofnun þess svo mikilvæg að félagið var nefnt Óskabarn þjóðarinnar. Það var líklega réttnefni, enda mikilvægi tengingar við umheiminn orðin mönnum ljóst.

Fyrsti vísir að því sem við nú þekkjum sem Icelandair varð til fyrir rúmum áttatíu árum þegar Flugfélag Akureyrar var stofnað. Það flutti svo höfuðstöðvar sínar til Reykjavíkur skömmu síðar og nafninu var breytt í Flugfélag Íslands. Þannig hófst saga farþegaflugs milli landa á vegum Íslendinga sem rekur sig allt til okkar daga. Saga farþegaflugs hér á landi er ekki áfallalaus. Flugfélög komu og fóru, ýmist sameinuðust eða gáfust upp í erfiðu rekstrarumhverfi. Það kennir að eins bráðnaudsýnlegt og er að til og frá landinu séu greiðar samgöngur fyrir fólk og vörur, er vandfundinn áhættusamari atvinnurekstur. Jafnframt bendir ýmislegt til að yfir flugi sé ævintýrablær sem margir sogast að þó að þeir eigi ef til vill ekki til þess erindi.

Síðari hluta þessarar sögu hafa erlend flugfélög lagt leiðir véla sinna hingað og í reynd hefur framboð flugferða héðan og hingað verið meira en búast mætti við alla jafna – allt þar til viðbrögð ríkja víða um heim við faraldrinum eyðilögðu það allt. Nú fljúga hingað og héðan örfáar vélar á viku og Flugstöð Leifs Eiríkssonar er mestanpart auð. Það er dapurlegt vitni um eyðingarafli faraldursins og viðbragða við honum.

Mitt í þessu öllu hefur Icelandair staðið í harðri baráttu fyrir tilvist sinni. Baráttan var reyndar hafin nokkru fyrir faraldurinn, þegar ótrúleg atburðarás leiddi til þess að endurnýjun flugflota félagsins fór í vaskinn á síðasta ári.

Barátta Icelandair hefur einkennst af miseríðum samningum við flugstéttir, lánardrottna, flugvélaverksmiðjur, fjármálaþyrirtæki og ríkið um ríkisábyrgð.

Síðasti hluti þessa umfangsmikla verkefnis var að afla féluginu að minnsta kosti 20 milljarða króna í nýju hlutafé. Á því hékk fjöldi annarra atriða.

Það er ekki vafi á að Icelandair er grundvallarfyrirtæki hér á landi og öflug starfsemi þess mun skipta sköpum þegar líf færir í eðlilegra horf eftir faraldurinn og fólk fer að ferðast á ný.

Það þarfnast skýringa að einn fjölmennasti og öflugasti lífeyrissjóður landsins hafi ekki tekið þátt í útboðinu. Ofan í kaupid er hann sá sjóður sem flestir starfsmenn Icelandair greiða iðgjöld til og til þessa, stærsti hluthafinn. Ekki er vist að allir sem greiða iðgjöld í sjóðinn séu sáttir við þá ákvörðun. Skuggastjórnunarhættir forystumanns verslunarmanna hafa þar sjálfsagt ráðið miklu og sú íhlutun hlýtur að verða til skoðunar hjá eftirlitsaðilum í framhaldinu.

Nú liggur fyrir að viðtökur fjárfesta voru þannig að allt það röfl skiptir ekki máli. Nýtt óskabarn þjóðar er orðið til með ellefu þúsund hluthöfum. Eftir allt virðist augljóst að hlýir straumar liggja til félagsins.

Niðurstaðan er sigur og markar fyrsta skrefið í endurreisninni þegar efnahagslega óveðrið gengur niður.



Mitt í þessu öllu hefur Icelandair staðið í harðri baráttu fyrir tilvist sinni.

Gunnar



Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



Að fá annan séns

Það situr í mér eitt kvöld þar sem ég var á skurðlæknavakt fyrir mörgum árum. Á vaktina var komið með starfsbróður minn sem var í alvarlegum sjálfsvígshugleiðingum. Sama hvað ég reyndi, þá komum við að lokuðum dyrum hjá geðdeildinni. Eftirhver trúir því að það sé til læknamafia, þá var hún ekki á vakt þessa nótt. Á endanum fór orkan í að reyna að fela eigin ekka og táfloð, því mér fannst heilbrigðiskerfið, sem ég var partur af, geta gert betur. Góður skurðlæknir á vakt hughreysti óléttu buguðu mig, en það er aukaatriði – ekki vorum við að fara að skera burtu sjálfsvígshugsanirnar.

Það er líklega ein versta tilfinningin, að geta ekki hjálpað til þegar líf nærstaddra er í húfi. Tala ekki um ef þú ræðir ástvin eða barn. Í mínu nánasta umhverfi eru fleiri en eitt og fleiri en tvö tilfelli þar sem lítil sem engin úrræði eru í boði. Fólk hrökklast heim með þann veika og finnst það ekki tekið alvarlega.

Hindrunarlaust aðgengi

Er virkilega ekki hægt að gera betur? Mættu á bráðamóttökuna með sprunginn botnlanga og þú ert strax settur í ferli og læknaður eins fljótt og hendur vinna. En mættu með veikan huga og þú verður allt eins sendur heim.

Alþjóðlegur forvarnadagur sjálfsvíga var haldinn fyrir rúmri viku. Heilbrigðisráðherra gaf vilýrði fyrir auknu fjármagni fyrir stöðu verkefnastjóra sjálfsvígsvörvarna. Á vef Embættis landlæknis segir að það skipti miklu að grípa snemma einstaklinga sem líður illa. Tryggja þurfi því gott og hindrunarlaust aðgengi að þjónustu. Sem er gríðarlega mikilvægt því í flestum tilfellum er ákvörðunin um að enda eigið líf tekin í skyndi.

Eftirsjá

Á vefsíðu lýðheilsudeildar Harvard-háskóla er sagt frá rannsóknunum á fólkum sem var nærri því að látast

eftir sjálfsvígstílaun. Um 75% létu til skarar skrifa á innan við klukkutíma frá því þau tóku ákvörðun og allt að 40% innan einungis fimm mínútna.

Á sömu síðu kom einnig fram að flestir sem lifðu af voru með eftirsjá. Það vakti líka athygli mína að níu af hverjum tíu sem lifa af alvarlega sjálfsvígstílaun munu ekki falla fyrir eigin hendi í framtíðinni.

Null sjálfsvíg

Á Íslandi eru fjögur númer sem hægt er að hringja í líði manni illa, en ekki veit ég hversu markvissa þjálfun fólk á símanum hefur fengið.

Henry Ford heilbrigðisþjónustan í Bandaríkjunum opnaði árið 2001 símalíflínu sem kallast „Zero suicide“, sem er stöðugt verið að uppfæra eftir því sem þekking eykst. Starfsfólk þar sérhæfða þjálfun þar sem virðing og samkennd eru í fyrirrúmi. Áhætta er metin og þau sem eru í mestri hættu fá samdægurs ítarlega geðskoðun ásamt meðferð. Hinir fá vísindalega þróaðar leiðbeiningar og samtál um hvernig gangi. Á níu ára tímabili fækkaði sjálfsvígstíflum hjá þeim um 78%.

Djúpu sárin sem ekki sjást

Vísindamenn hafa lengi vitað að höfnun og vanlíðan rista djúp sár í sálina, sem sjást ekki með berum augum.

Það er samt mikilvægt að átta sig á að kvíði, leiði og reiði er stór partur af eðlilegu tilfinningalífi. Það er þegar hugarinn bugast undan þeim sem þarf að bregðast hratt við.

Við þurfum að byrja að sjá og taka eftir andlegum sársauka, líkt og líkamlegum. Því fagna ég að ákvörðun hefur verið tekin um að tryggja hindrunarlaust aðgengi, því það getur verið of seint að bíða fram á næsta dag.

Starfsbróðir minn fékk á endanum aðstoð og hefur notið velgengni í lífi og starfi allar götur síðan. Hann fékk annan séns.

Íslenskupróf fyrir umsækjendur um íslenskan ríkisborgararétt haustið 2020

Íslenskupróf vegna umsókna um íslenskan ríkisborgararétt verða næst haldin:

- á Akureyri, miðvikudaginn 18. nóvember kl. 13.00
- í Reykjavík, vikuna 23. – 27. nóvember kl. 9.00 og kl. 13.00

Skráning hefst 22. september og fer fram með rafrænum hætti á www.mimir.is

Síðasti skráningardagur er 3. nóvember.


Prófgjald er 35.000 kr.




ÚTLENDINGASTOFNUN
ICELANDIC DIRECTORATE OF IMMIGRATION

Útlendingastofnun • Dalvegi 18 • 201 Kópavogi • www.utl.is

SKEMMTILEGAR BARNABÆKUR!




Harry Potter og leyniklefinn
Verð: 4.499.-




Harry Potter og leyniklefinn - Myndskreytt
Verð: 9.999.-



Öll með tölu
Verð: 3.999.-



Sundkýrin Sæunn
Verð: 3.999.-




Gunnhildur og Glói
Verð: 3.999.-




Kennarinn sem hvarf sporlaust!
Verð: 4.799.-



Þín eigin saga: Knúsípons
Verð: 2.699.-




Þín eigin saga: Risæðlur
Verð: 2.699.-




Lögreglu- og slökkvibílar
Verð: 2.499.-



Kýrin sem klifraði upp í tré
Verð: 3.499.-



Alls ekki opna þessa bók
Verð: 2.999.-



Verstu kennarar í heimi
Verð: 3.999.-



Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verðstunum. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.





AUSTURHÖFN

101 REYKJAVÍK



Heimsborg við höfnina

Óviðjafnanlegar íbúðir í nýju hafnarhverfi

Austurhöfn er ný byggð við hlið Hörpu í hjarta miðborgarinnar. Íbúðirnar setja ný viðmið á Íslandi í innanhússhönnun og efnisvali.

Í Austurhöfn er aukin þjónusta við íbúa. Íbúðum fylgja sér bílastæði og í mörgum þeirra opnast lyfta beint inn í íbúðina.

Finndu þína íbúð á
www.austurhofn.is



Hafðu samband
og bókaðu skoðun

MIKLABORG

Sími 569 7000
austurhofn@miklaborg.is

Þessi frammistaða á að vekja okkur

Slakur árangur íslenskra félagsliða í Evrópukeppnum félagsliða í knattspyrnu karla á yfirstandandi keppnistímabili, og raunar á síðustu leiktíðum sömuleiðis, hefur vakið íslenska sparkspekinga til umhugsunar um hver sé staða mála í fótboltnum á Íslandi.

FÓTBOLTI Arnar Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnusviðs knattspyrnusambands Íslands, segir að úrslit íslenskra félagsliða í Evrópukeppnunum sé spark í rassinn fyrir íslenska knattspyrnu. Allir aðilar sem koma að knattspyrnunni hér á landi þurfi að velja við steinum og athuga í sínum ranni á hvaða sviðum hægt sé að gera betur.

KSÍ hafi stigið nokkur skref á síðustu mánuðum sem eigi að leiða til þess að bæta fótboltaumhverfið á Íslandi en samstarf sambandsins og félaganna, sem hafi verið gott, í það eina og hálf ári sem hann hafi verið í starfi, þurfi að efla enn frekar.

Arnar Þór segir að íslensk félög verði einna helst að bæta sig í hraða- og styrktarþjálfun leikmanna. Þá þurfi meiri sérhæfingu í þjálfaramenntun og fleiri sérhæfða hraða- og styrktarþjálfara inn í þjálfarateymi félaganna í landinu.

Þurfum meiri sérhæfða þjálfun í hraða, snerpu, þol og styrk

„Það hafa verið tekin nokkur framfaraskref síðustu mánuði þar sem við höfum meðal annars mælt hraða, snerpu, þol og styrk allra leikmanna 3. flokks karla og kvenna, sem og yngri landsliðanna, til þess að búa til gagnabanka sem verður nauðsynlegt töl til þess að sjá hvað við getum gert betur í þjálfun.“

Niðurstöður úr þessum mælingum verða mikilvægar til þess að sjá hvar við stöndum. Það er mín skoðun að félög þurfi að hafa á sínum snærum sérhæfða hraða- og styrktarþjálfara,“ segir Arnar Þór í samtali við Fréttablaðið.

„Það sést bersýnilega hjá þeim leikmönnum sem eru að fara í atvinnumennsku að það er mælanlegur munur á hraða og styrk hjá þeim á stuttum tíma eftir að þeir fara utan. Það er umhugsunarvert hvað munurinn er mikill.“

Við Eiður Smári [Guðjohnsen] ræddum það töluvert þegar leikmannahópur U-21 árs landsliðsins kom saman í september, hversu mikill munur væri á hraða og styrk leikmanna sem voru að koma úr atvinnumennsku og þeim sem koma frá íslensku félögum.

Við þurfum að átta okkur á því að fótboltninn er að fara úr því að vera tækniþrótt í það að áherslan er að færast yfir í hraða og styrk leikmanna. Íslensk félög þurfa að fylgja þessari þróun og bæta sig í líkamlegri þjálfun leikmanna,“ segir yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ.

Öll félögin í landinu hafa eignast góðar myndavélar

„Öll félög í landinu eiga núna myndavél sem hægt er að nota til þess að taka upp leiki. Þá eru félög sem eru með lið í efstu deild karla og kvenna komin með myndavélar sem staðsettar eru í stúkunum við vellina hjá þeim, sem geta tekið upp leiki liðanna með áherslu á að geta greint taktík. Það er mikilvægt tæki til þess að nota við leikgreiningu.“

Sams konar vél er einnig á Laugarðalsvellingnum og þjálfarateymi landsliðanna nota þetta meðan á leikjum stendur og í leikgreiningarvinnu eftir leiki. Með þessu getum við bæði nýtt myndefnið til þess að vinna með á meðan leikjum stendur og svo búið til gagnabanka af myndefni af leikjum sem þægilegt er að nota til þess að sjá hvað þarf að laga og bæta hjá leikmönnum,“ segir hann.



KR-ingar féllu úr leik í undankeppni Evrópu-deildarinnar gegn Flora Tallinn í vikunni. Þar með eru öll íslensku liðin úr leik í Evrópukeppnunum. Íslensk félög munu líklega missa eitt sæti í Evrópukeppnunum leiktíðina 2022 til 2023.

MYND/GETTY



Blikar voru slegnir út úr keppni þegar liðið tapaði fyrir Rosenborg.

Við þurfum að átta okkur á því að fótboltninn er að fara úr því að vera tækniþrótt í það að áherslan er að færast yfir í hraða og styrk leikmanna.



„Mér finnst lélegur árangur íslenskra félagsliða í Evrópukeppnunum eiga að vekja okkur til lífsins og að KSÍ og félögin í landinu þurfa að vinna saman í að snúa þessari þróun við. Það gerist með bættu samstarfi, við það að bæta líkamlegt atgervi leikmanna. KSÍ getur, og á að, hjálpa félögum í þessum efnunum. Við verðum að bæta hraða og styrk leikmanna til þess að ná betri árangri. Sem dæmi má nefna að FH hefði haft betur gegn sínum andstæðingi í ár ef þeir stæðu betur hvað líkamlega þáttinn varðar.“

Ég hef síðustu mánuðina verið að búa til afreksstefnu KSÍ sem félögin

geta notað sem hjálpartæki til þess að bæta starf sitt. Sambandið er boðið og búið að aðstoða félögin og ég hef fundið góðan samstarfsvilja hjá félögum í landinu. Vegna kórónaveirufaraldursins hefur samstarf mitt við yfirþjálfarana ekki getað verið eins náð og ég vildi. Vonandi mun það breytast sem fyrst,“ segir Arnar.

Fjölmargir einkar spennandi leikmenn sem eru að koma upp

„Þrátt fyrir að það sé margt sem við þurfum að huga að og bæta, þá er margt jákvætt sem við megum ekki gleyma. Til að mynda eru að koma inn ungir og spennandi leikmenn í A-landslið kvenna, og U-19 ára landslið karla og kvenna hafa verið að ná góðum árangri. Leikmenn eins og Alexandra Jóhannsdóttir, Áslaug Munda Gunnlaugsdóttir, Karólína Lea Vilhjálmisdóttir og Sveindís Jane Jónsdóttir eru mjög spennandi leikmenn, sem eru að gera sig gildandi hjá A-liðinu,“ segir Arnar um framtíðina.

„Karlamegin erum við í þeim fasa þessa stundina að treysta á reynsluna til þess að koma okkur



Karólína Lea Vilhjálmisdóttir er einn mest spennandi leikmaður Íslands.

í lokakeppni Evrópumótsins. Þar á eftir munu svo koma fjögur ár þar sem liðið verður endurmótad og við verðum að sýna því þolinmæði. Það mun taka tíma fyrir næstu kynslóð að komast á þann stall sem liðið hefur verið á með síðustu.

Við eigum marga upprennandi leikmenn sem ég treysti fullkomlega til þess að fylla þau skörð sem þarf að fylla þegar fram í sækir. Það hefur verið talað um það að við gætum lent í vandræðum með hægri bakvaðarstöðuna, en mér finnst við hins vegar hafa leikmenn í dag sem geta tekið við stöðunni þar,“ segir þjálfari U-21 árs landsliðsins.

Fleiri breytingar í farvatninu í fyrirkomulagi yngri flokkanna

Eftir að Arnar Þór tók við sem yfirmaður knattspyrnumála hjá KSÍ, leiddi hann í gegn breytingar á æfingafyrirkomulagi yngri landsliðanna, sem og mótafyrirkomulagi og reglum í leikjum yngri flokka. Hann segir fleiri breytingar vera í burðarliðnum fyrir næsta tímabil.

„Við ákváðum að láta yngri landsliðin okkar æfa oftar yfir árið og lengur í senn. Við vorum að koma

út úr þeim æfingafasa þegar faraldurinn skall á í mars. Það hefði verið gaman að sjá hvernig breytt æfingamyntur hefði skilað sér inn í þau mót sem fyrirhuguð voru og var frestað. Yngri landsliðsþjálfararnir hafa búið til ítarlegan gagnabanka um okkar efnilegustu leikmenn. Nú þurfa landsliðsþjálfararnir og þjálfarar félagsliðanna að vinna saman að því bæta þessa leikmenn á þeim sviðum sem þarf að vinna í hjá hverjum og einum,“ segir landsliðsmaðurinn fyrirverandi.

„Mér fannst þær breytingar sem við gerðum, að innleiða innspark í stað innkasts í 5. flokki karla og lengja leiktímann, takast vel upp. Þetta gaf góða raun og nú beinum við sjónum okkar að 4. og 3. flokki þar sem við sjáum fyrir okkur að lengja tímabilið þar sem við spilum á Íslandsmóttinu. Þá myndum við spila í deildarfyrirkomulagi þar sem lið falla niður og upp um deildir inni á tímabilinu sjálfu. Þetta yrði gert tvisvar til þrisvar yfir sumarið og þá myndu okkar sterkustu leikmenn mætast oftar sem ætti að verða til þess að þeir bæti sig meira en ella,“ segir hann. hjorvar@frettabladi.is



7 ára ábyrgð frá framleiðanda
á öllum nýjum Kia bílum

Kia XCeed PHEV

Rafmagnaður borgarjepplingur

Afborgun á mánuði:

25.777 kr.

60% innborgun og lán til 96 mánaða.
Vextir 4,15%. Heildargreiðsla láns er
2.438.016 kr. Árleg hlutfallstala
kostnaðar er 5,20%.



*Forsendur ábyrgðar eru reglulegt þjónustuefni til sem kaupandi ber kostnað af. Lesu meira um ábyrgðina á www.kia.com/abyrgd.



XCEED
plug-in hybrid



The Power to Surprise

Umhverfismildur, ríkulega búinn og sportlegur

Nýr **Kia XCeed PHEV** er rúmgóður og glæsilegur borgarjepplingur. Hann er ríkulega búinn, með hátt undir lægsta punkt sem eykur útsýni og gerir aðgengi þægilegt. XCeed PHEV er umhverfismildur með allt að 58 km drægi á rafmagni og honum fylgir 7 ára ábyrgð frá framleiðanda. **Komdu og reynsluaktu nýjum XCeed PHEV. Við tökum vel á móti þér.**

Askja býður öflugar hleðslulausnir fyrir allar stærðir heimila. Nánar á hledslulausnir.askja.is

Kia XCeed Plug-in Hybrid verð frá:

4.990.777 kr.



ASKJA · Krókhálsi 11–13 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.



Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland



Leikararnir Kristín Þóra Haraldsdóttir og Hilmar Guðjónsson í hlutverkum sínum í verkinu Upphaf. MYND/HÖRDUR SVEINSSON

Loksins komumst við í leikhús

Stóru leikhúsin opna dyr sínar nú um helgina með fyrstu frumsýningum vetrarins, hálfu ári eftir að samkomubann var sett á og allar leiksýningar voru settar á ís. Aðstandendur sýninganna eru eðlilega fullir eftirvæntingar.

Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is



Loksins, segja nú örugglega einhverjir leikhúsbýrstin Íslendingar sem langþreyttir eru orðnir á að horfa á sjónvarpsskjáinn mánuð eftir mánuð. Í samtals um 100 ára langri sögu þessara tveggja leikhúsa hafa hús aldrei staðið svo lengi án áhorfenda. Nándartakmarkanir eru þó í fullu gildi og aðeins selt í um helming sæta í hverjum sal. Þannig má ætla að rýmra verði um hvern og einn gest svo þeim sem líkar illa við of mikla persónulega nánd geta fagnað enn ákafar og breitt úr sér í sæti sínu.

Bæði í Þjóðleikhúsi og Borgarleikhúsi hverfast fyrstu frumsýningar ársins um samskipti karls og konu, á báðum sviðum standa tveir leikarar á sviðinu og takast á við valdaójafnvægi, óttann við skuldbindingar, þrána eftir nánd og margt fleira. En auðvitað á gjörólíkan hátt í sitt hvoru verkinu.

Upphaf
Þjóðleikhúsið – Kassinn
Frumssýning: 19. september

Fyrsta frumsýning Þjóðleikhússins á nýju leikári ber þann mjög svo videigandi titil Upphaf. Ekki er aðeins um að ræða fyrstu sýningu eftir samkomutakmarkanir ársins,



Vala Kristín Eiríksdóttir og Hilmar Snær í hlutverkum sínum í Oleanna.

heldur einnig fyrstu uppsetninguna í Þjóðleikhúsinu undir stjórn nýs Þjóðleikhússtjóra, Magnúsar Geirs Þórðarsonar.

Leikritið, sem var frumsýnt í Breska Þjóðleikhúsinu í London fyrir þremur árum, hlaut einróma lof gagnrýnenda og áhorfenda og hefur síðan verið sýnt víða um heim.

Fyndið og ljúfsárt

Um er að ræða myndið og ljúfsárt leikrit sem fjallar um um þrána eftir nánd og löngun til að eignast fjölskyldu. En jafnframt um óttann við skuldbindingar og það að tengjast öðrum of sterkum böndum.

Það eru leikararnir Kristín Þóra Haraldsdóttir og Hilmar Guðjónsson sem fara með hlutverk sýningarinnar en þau leika nú saman í fyrsta sinn í Þjóðleikhúsinu en bæði voru þau fastráðin við húsið í sumar.

Getur ekki beðið

María Reyndal leikstýrir verkinu og er hún eðli málsins samkvæmt spennt. „Mér þykir einstaklega vænt um að Upphaf sé fyrsta verkið sem er frumsýnt eftir þetta langa hlé. Þjóðleikhúsið hefur aldrei verið án leikhúsgesta í svona langan tíma í 70 ára sögu. Verkið er líka ákaflega gott og Kristín Þóra og Hilmar eru

frábær í sínum hlutverkum. Ég get ekki beðið, ég er svo spennt að fá að frumsýna.“

Um verkið

Það er miðnætti. Síðustu gestirnir úr innflutningspartíinu hjá Guðrínu eru nýfarnir með leigubíl. Allir nema einn, Daniel, sem flæktist inn í partið af hálfgerðri tilviljun. Hann hikar.

Á hann að láta sig hverfa líka, eða þiggja eitt glas enn?

Við fylgjumst með tveimur manneskjum reyna að nálgast hvor aðra. Þau þreifa sig áfram, kanna hvað þau gætu átt sameiginlegt. Straumarnir á milli þeirra ... gæti þetta orðið upphafið að einhverju? Einnar nætur ævintýri? Eða er eitt-hvað miklu meira í vendum?

Oleanna

Borgarleikhúsið – Nýja sviðið
Frumssýning: 18. september

Fyrsta frumsýning Borgarleikhússins þetta leikárið er Oleanna, tæplega 20 ára gamalt verk eftir bandaríska leikskáldið David Mamet.

Það eru þau Hilmar Snær Guðnason og Vala Kristín Eiríksdóttir sem fara með hlutverk sýningarinnar, hlutverk ungu námskonunnar og háskólakennara hennar.

Beittar og áleitnar spurningar

Um er að ræða beitt verk sem spyr áleitinna spurninga og slær áhorfendur jafnvel út af laginu. Í tilkynningu frá leikhúsinu segir að á tímum

þar sem umræður og deilur um skilgreiningarvald og ólíka orðræðu hafi magnast, sé þetta verk Mamets um vald og sannleika ofureldfimt.

Gríðarleg tilhlökkun

Hilmar Snær fer eins og fyrr segir með annað hlutverk sýningarinnar en lætur ekki þar við sitja og leikstýrir því einnig, ásamt Gunnari Gunnsteinsyni sem segir að beðið hafi verið eftir frumsýningu gærkvöldsins með mikilli eftirvæntingu.

„Byrjað var að æfa verkið í febrúar og var það nánast tilbúið þegar samkomubann skall á. Leikarar og listrænir stjórnendur hafa beðið með óþreyju eftir því að geta loks sýnt verkið fyrir áhorfendum en það er ekki langt síðan að snerting var leyfð á æfingum og því hægt að fullklára verkið. Tilhlökkunin er því gríðarleg en líka fylgir þessu ákveðinn léttir, að geta klárað ætluunarverkið – að eiga samtál við áhorfendur,“ segir Gunnar.

Um verkið

Ung námskona kemur í viðtalstíma til háskólakennara síns. Kennarinn nýtur mikillar velgengni í starfi og einkalífi, er að kaupa sér hús og á von á fastráðningu.

Það sem byrjar sem sjálfsgöð hjálp við námið breytist í miskunnarlausu baráttu og óvænta atburðarás, sem kollvarpar valdajafnvæginu á milli kennara og nemanda, karls og konu og lífi þeirra beggja í leiðinni.

TOYO TIRES

harðskeljadekk

Lendir þú í biðröð í haust?

**SKIPTU
Í DAG!**
TOYO TIRES
harðskeljadekk




Toyo harðskeljadekkinn eru ekki nagladekk og mega því fara undir bílinn strax!

Eitt er öruggt; veturinn kemur og þegar hann kemur gerist það með hveli. Flestir hafa nóg annað við tímann að gera en að standa í biðröðum. Notkun á Toyo harðskeljadekkjum er ekki bundin við ákveðnar dagsetningar og þau mega því fara undir bílinn strax.

Toyo harðskeljadekkinn hafa fyrir löngu sannað sig við íslenskar aðstæður. Þau eru einstaklega gripsterk, hljóðlát og umhverfisvæn.

UMBODSMENN UM LAND ALLT



nesdekk.is

Breiðhöfði 13
110 Reykjavík
590 2080

Fiskislóð 30
101 Reykjavík
561 4110

Grjóthálsi 10
110 Reykjavík
561 4210

Lyngási 8
210 Garðabæ
565 8600

Njarðarbraut 9
260 Reykjanesbæ
420 3333

Njarðarnesi 1
603 Akureyri
460 4350

NESDEKK



BRIGHTON

Borðstofustóll í klassísku útliti. Dökkgrátt, grágrænt og gult sléttflauel. Sterkir, svartir stálfætur.

11.992 kr. ~~14.990 kr.~~



LUTON

Flottur borðstofustóll með stungu áklæði í setu og baki. Klassískt útlit og sterkir, svartir stálfætur. Fáanlegur í gráu, ljósbrúnu og grágrænu velúr áklæði og dökkgráu cowboy vegan leðri.

12.792 kr. ~~15.990 kr.~~



BRAY

Borðstofustóll. Fallegur og þægilegur borðstofustóll í gráu eða rústrauð sléttflaueli. Svartir fætur.

15.992 kr. ~~19.990 kr.~~



NANNA

Hægindastóll. Ólífugrænt slitsterkt, microfíber áklæði. Stöðugur, svartur snúningfótur.

43.992 kr. ~~54.990 kr.~~



CANNES

Hægindastóll m/skemli. Koníaksbrúnt, rautt, grátt eða svart leður.

115.992 kr. ~~144.990 kr.~~

20% AFSLÁTTUR
AF SMÁVÖRU FRÁ

b
BROSTE
COPENHAGEN

NORDAL

Bitz

evasolo

ester & erik

Verri
COPENHAGEN

Sanner

ZONE
DENMARK

KAY
BOJESSEN
DENMARK

bodum

BROSTE HYACINT

Glervasar í þremur stærðum og þremur litum.
5.592 kr ~~6.990 kr~~



b
BROSTE
COPENHAGEN



BROSTE BUBBLE

Vasi 25 cm
4.712 kr ~~5.890 kr~~



VERTI VEGGVASAR

15x15cm / 30x30 cm
3.992 kr ~~4.990 kr~~ / 6.392 kr ~~7.990 kr~~ stk



LUKKUTRÖLL

Viður 14 cm
7.992 kr ~~9.990 kr~~



BROSTE BEND

Kerti – tvær gerðir, fjórir litir
3.192 kr ~~3.990 kr~~

b
BROSTE
COPENHAGEN


Reykjavík 11 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 11 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

Ísafjörður
Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstríkað verð sýnir fullt verð vöru.



DANSKIR DAGAR



20%

AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM DÖNSKUM VÖRUM*



DC 3600

Ekta danskur og stílhreinn með mjúku, svörtu, savoy/split leðri. Nettur og sérlega fallegur sófi með háa arma sem gott er að sitja við.

2ja sæta, stærð: 143 x 80 x 80 cm

191.992 kr. ~~-239.990 kr.~~

3ja sæta, stærð: 202 x 80 x 80 cm

239.992 kr. ~~-299.990 kr.~~

IDdesign

* Gildir ekki af sérpöntunum og einungis af völdum vörum frá Skovby.

ASBEAK

Vegghillur úr lakkaðri spónlagðri eik.



2 hillur; stærð: 36,6 x 150 x H: 54,5 cm

43.992 kr. ~~-54.990 kr.~~

3 hillur; stærð: 36,6 x 150 x H: 90 cm

55.992 kr. ~~-69.990 kr.~~



LAYER SPEGILL

Þriggja laga spegill frá Broste. Hvert speglalag er með sérstökum litatóni. Tvö innri lögin eru með brúnum lit en fremsti spegillinn er hefðbundinn. Tvær stærðir

b
BROSTE
COPENHAGEN

Minni gerð: 48 x 76 cm

19.192 kr. ~~-23.990 kr.~~

Stærri gerð: 70 x 116 cm

37.592 kr. ~~-46.990 kr.~~



Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

**HÚSGAGNA
HÖLLIN**



Helgi Björnsson söng sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar í þáttunum Heima með Helga, en í kvöld hefjast þættirnir Það er komin Helgi með órlitlum áherslubreytingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Hverfum aftur í kvöldvökurnar

Helgi Björnsson hefur í nógu að snúast. Hann tekur þátt í tveimur sjónvarpsþáttum sem eru frumsýndir um helgina, sinnir formennsku í félagi sjálfstætt starfandi tónlistarmanna og stefnir á veitingarekstur á Hótel Borg.

Arnar Tómas Valgeirsson
arnartomas@frettabladid.is



Ég er nú bara rétt að byrja," segir tónlistarmaðurinn Helgi Björnsson aðspurður um hvort hann sé nú ekki að fara að hægja á sér. Helgi hefur, sem oft áður, í nógu að snúast, en um helgina verða frumsýndar tvær þáttaraddir sem hann fer með hlutverk í, auk þess sem hann ásamt félögum sínum stofnaði nýlega Félag sjálfstætt starfandi tónlistarmanna.

„Þegar maður er orðinn rúmlega sextugur þarf að skipuleggja sig betur, skipuleggja orkuna betur," segir Helgi. „Maður er kannski ekki jafn mikið að spreða orkunni í eitthvað sem maður var til í áður. Það er aðeins minni gelgja í manni. Maður á samt nógu inni!"

Gjafakörfur á tröppunum

Þegar kófið lagðist yfir þjóðina með tilheyrandi samkomubönnum tók Helgi upp á því að bjóða landsmönnum á tónleika í heimahúsi

í þáttunum Heima með Helga. Íslendingar létu ekki segja sér það tvisvar og þættirnir fengu met-áhorf.

„Auðvitað átti ég von á því að þetta fengi eitthvað áhorf í ljósi aðstæðna, en kannski ekki að það yrðu svona margir að horfa." Hugmyndin að þáttunum kom til þegar faraldurinn skall á Ítalíu, en Helgi og fjölskylda bjuggu þar skömmu fyrir aldamótin.

„Við eigum stóran og góðan vínahóp þarna úti, svo við fylgdumst grannu með hvernig hlutirnir voru að þróast þar og hvernig fólk brást við þessum aðstæðum," segir Helgi. „Það var óneitanlega kveikjan að þáttunum, en þegar við sáum í hvað stefndi á Íslandi þurftum við að gera eitthvað fljótt."

Stórskotalið íslenskra tónlistarmanna mætti til að syngja með Helga í stofunni, en meðal gesta voru Björn Jörundur, KK og Salka Sól. „Það var aldrei neitt mál að fá fólk til að koma í þáttinn. Kannski ekki furða í ljósi þess að flestir voru í hálfgerðu straffi og höfðu lítið að gera. Flestir tóku tækifærinu fagnandi."

Viðtökur landsmanna fólust þó ekki einungis í miklu áhorfi, en



MAÐUR ER KANNSKI EKKI

JAFN MIKIÐ AÐ SPREÐA

ORKUNNI Í EITTHVAÐ SEM

MAÐUR VAR TIL Í ÁÐUR.

ÞAÐ ER AÐEINS MINNI

GELGJA Í MANNI. MAÐUR

Á SAMT NÓGU INNI!

Helgi lýsir því hvernig viðbrögð fólks úti á götu hafi verið. „Þetta var alveg hreint ótrúlegt. Fólk kom til okkar og þakkaði fyrir að við hefðum haldið sér á lifi og jafnvel bjargað þjóðinni. Þetta var meira að segja orðið þannig að við fundum gjafir á tröppunum fyrir utan hjá okkur. Körfur með alls konar

finerii, kökur og fleira til. Þetta var fallegt og hjartahljandi, og maður fór eiginlega bara hjá sér."

Íslenski fjársjóðurinn

Auk tónlistaratriðanna var fastur dagskrárliður ljódalestur Vilborgar Halldórsdóttur, leikkonu og eigin konu Helga. „Við spurðum okkur hvernig við myndum hafa þetta heima hjá okkur," segir Helgi.

„Þegar faraldurinn fór af stað voru samin ýmis ljóð sem áttu uppsprettu sína í faraldrinum og á samfélagsmiðlum birtust ýmis ljóð sem töluðu beint inn í ástandið. Við vildum líka gefa þessu ákveðna kjölfestu – sýna að við værum öll í þessu saman með því að sækja í þennan sameiginlega tónlistararf. Það sést í svona ástandi hvað fólk leit mikið í þennan íslenska fjársjóð af lögum og textum sem við eigum, sem er svo sameinandi fyrir þjóðina. Þessi kvöldvökustemmning."

Í kvöld hefja svo göngu sína þættirnir Það er komin Helgi sem eru beint framhald af Heima með Helga. Þrátt fyrir að þeir séu teknir upp í myndveru segir Helgi að það sé mikilvægt að halda heimilislegri stemmningu. „Hitt spratt eiginlega bara upp úr ástandinu, en þegar við

vildum halda áfram þá ákváðum við að gera smá áherslubreytingar. Við gátum heldur ekki lagt það á heimilið að vera alltaf heima," segir hann og hlær.

„Við breytum vissulega leikmyndinni og forminu aðeins – en samt ekki. Hljómsveitin verður áfram á sínum stað að leika af fingrum fram og svo koma gestir í heimsókn til að sprella með okkur. Það eru ýmsir möguleikar sem við eigum eftir að skoða betur þegar fram líða stundir. Það verða einhverjar nýjungar, og einhver skemmtilegheit sem voru ekki í hinum þáttunum. Mjög svipað allt saman, en eitt skref upp á við."

EKKI TÓKST AÐ VEIÐA UPP ÚR HELGA hvaða gestum má búast við í þættinum, en hann segir dulúðina hluta af sjarmanum. „Við ætlum nú bara að leyfa þessu að koma í ljós. Það er svo gaman að hafa hlutina óvænta. Við heyrðum til dæmis að fólk hefði verið með getraunir og verðlaun í kringum það hverjir yrðu gestir hvaða kvöld, sem er náttúrulega frábær stemmning. Við höldum bara áfram að hafa þetta hulið."

Borgarstjóran burt!

Staðan í miðbæ Reykjavíkur er ískyggileg. Laugavegurinn, sem áður var aðalverslunargata bæjarins, hefur á örskömmum tíma orðið að draugagötu fyrir tilverknað borgaryfirvalda.

Fjöldi rótgróinna verslana hefur flúið miðbæinn nú að undanfögnu, ótal fyrirtæki lagt upp laupana og eftir stendur auðnin ein. Þarna ræður mestu heft aðgengi með lokunum gatna og fækkun bílastæða, en allt að 4000 stæði hafa verið tekin af okkur borgarbúum á síðustu árum.

Viðskiptavinir komast ekki í bæinn og leita annað. Verslanir og veitingahús fá því engin viðskipti. Um þessar mundir eru yfir 30 verslunarpláss tóm við Laugavegin og gætu trúlega orðið 50 í vetur. Þetta ástand verður ekki skrifað á neina farsótt eða aukna netverslun. Borgarstjórn Reykjavíkur með Dag B. Eggertsson í broddi fylkingar ber fulla ábyrgð á því sem hér hefur átt sér stað.

1. Borgarbúar eru fastir í umferðarteppum alla daga, kvölds og morgna, vegna aðgerðarleysis og skemmdarstarfsemi borgaryfirvalda í samgöngumálum.
2. Umferðartafirnar hafa í för með sér gríðarlega mengun en rannsóknir hafa leitt í ljós að eyðsla bílvéla eykst um 131% í umferðarteppum samanborið við hindrunarlausa umferð.
3. Svifryk í borginni fer ítrekað yfir heilsuverndarmörk. Draga mætti stórléga úr því með því að hreinsa göturnar og rykbinda. Borgaryfirvöld hafa skellt skollaeyrum við slíkum ábendingum.
4. Bragginn í Nauthólsvík var reistur á ábyrgð borgarstjórans. Hann átti að kosta 158 milljónir en endaði í 415 með dönskum puntstráum og öllu tilheyrandi.
5. Reynt er að spilla allri flugstarfsemi í borginni og hrekja flugvöllinn burt sem skapar allt að 1000 manns atvinnu.
6. Grænu svæðin í borginni fá ekki að vera í friði fyrir áformum um þrengingu byggðar, þar á meðal er ráðist á Elliðaárdalinn, náttúruperlu í miðju borgarlandinu.
7. Hvergi er haft samráð við borgarbúa um nýbyggingar. Skemmst er að minnast fyrirhugaðra húsa á saltfiskreitnum við Sjómannaskólann sem reist verða í fullkominni óþökk nágranna.
8. Skólamálin eru hneysa hvarvetna. Ekkert samráð hefur verið haft varðandi Korpuskóla og Rimaskóla svo dæmi sé tekið.
9. Framkvæmdir við nýjan innsiglingarvita fóru tvöfalt fram út kostnaðaráætlun.
10. Umhirða grænna svæða er til háborinnar skammar. Tún eru illa slegin, illgresi kæfir runna og rusl og veggjakrot blasir við hvert sem litið er. Malarhrúgan úti við Eiðsgranda er táknræn fyrir sóðaskapinn sem ein-kennir borgaryfirvöld.
11. Sorphirðugjöld hafa hækkað mikið undanfarin ár en samt sem áður hefur þjónustan versnað stórlega og sorpílát eru aðeins tæmd hálfmánaðarlega með öllum þeim óþrifnaði sem því fylgir, að ekki sé minnst á rottuganginn.
12. Biðlistar eftir félagslegri þjónustu lengjast dag frá degi og þannig hefur ástandið verið lengi.
13. Kostnaður við Mathöll á Hlemmi fór 79% fram úr áætlun.
14. Á vakt borgarstjórans hafa orðið alvarleg mengunarslys sem hann hefur skirrt við að taka á af festu. Borgaryfirvöld vissu vel að sjósundsfólk synti í skólpmeng-uðum sjó vikum saman.
15. Norræn rannsókn leiddi í ljós að 6,3 milljónir plastagana berast úr skólphreinsistöðinni við Klettagarða á hverri klukkustund. Plastagnir eru alvarleg ógn við lífríki heimshafanna og Reykjavík ætti sem höfuðborg sjávarútvegsþjóðar að vera í fararbroddi við verndun lífríkis hafsins. Lítið hefur farið fyrir umbótum í þessu efni.
16. Víða hefur verið ráðist í óskiljanlegar gatnaframkvæmdir með gríðarlegum tilkostnaði. Nægir á benda á Birkimel, Sæmundargötu, Borgartún, Hverfisgötu og Grensásveg, að ógleymdri Hofsvallagötu með alls konar hrákasmíð, fuglahúsum og fleiru.
17. Borgarlínan – sem enginn veit hvað er – nema hvað hún á að kosta á annað hundrað milljarða hið minnsta. Þessu sukki var fagnað með sérstakri veislu borgarbrodda sem skattgreiðendur voru látnir greiða hálf milljón króna fyrir.
18. Eyðilegging besta kostsins fyrir Sundabraut, svokallaðri innri leið, gerir það að verkum að kostnaður margfaldast.
19. Reykjavíkurborg er de facto gjaldþrota og hefur verið um langa hríð.

Þannig mætti halda lengi áfram að telja og þarf enginn að velkjast í vafa um að Dagur B. Eggertsson er verst borgarstjóri Reykjavíkur frá upphafi. Sammælumst um að kjósa hann aldrei aftur! Endurreisn borgarinnar getur ekki hafist fyrr en niðurrifsöflin hafa verið brotin á bak aftur.

Bolli Kristinsson
kaupmaður og Reykvíkingur



Framhald af síðu 22 ◀

Misskildir skúrkar

Helgi lætur ekki eina þáttaröð á helgi nægja, heldur leikur hann einnig í þáttunum Ráðherrann sem hefja göngu sína á sunnudaginn. „Ef veðrið verður áfram grátt held ég það verði fátt betra en að sitja heima með heitt kóko eða rauðvinsglas og njóta þess að glápa.“

Það er erfitt að draga upplýsingar um þættina upp úr Helga sem reynist afar varkár til að spilla ekki neinu. „Þetta myndi líklega flokkast undir pólitískt drama, ef það þyrfti að gefa þessu einhvern merkimiða á streymisveitum. Það er auðvitað spennu í þessu líka, og klækjabrögð eins og gengur og gerist í pólitískum tryllum.“

Þættirnir fjalla um forsætisráðherra Íslands, sem Helgi segir að gangi ekki alveg heill til skógar. „Það býður upp á ansi áhugaverðar flækjur sem persónurnar þurfa að takast á við. Mikil spennu þar sem fólk þarf að bregðast við óvæntum upþákomum.“

Sjálfur leikur Helgi tengdaföður forsætisráðherra, mann sem hefur bæði fjármuni og völd. „Ég leik þarna ansi innmúraðan bak-hjarl í stjórnmalaflokknum. Hann hefur lent í einhverjum árekstrum í fortíðinni sem ekki hefur verið leyst úr.“

Erum við þá að tala um einhvern skíthæl, eins og þú hefur nú stundum leikið áður? „Það skemmtilega við þetta er að áhorfendum gefst sjálfum tækifæri til að túlka hlutina á sinn hátt. Mér finnst ég sjálfur aldrei vera að leika neina skíthæla, samt. Þetta eru allt fyrirmyndarmenn.“ segir Helgi glottandi. En hvað með Tryggva úr Reykjavík Whale Watching Massacre? „Já, hann er á gráu svæði!“

Par sem pólitískir tryllar eru Helga mjög hugleiknir var auðvelt að snara hann í verkefnið. „Mér var boðið í prufu og fékk hlutverkið í kjölfarið. Þetta er mjög flott handrit,“ segir Helgi sem segir fátt skemmtilegra en þætti á bord við House of Cards og Borgen.

„Ég var alveg á heimavelli þarna. Handrit verða oft keimlik, til dæmis í spennuþáttum og morðgátum og svona, en ég held að þetta verði fyrsta íslenska serían sem er á þessum nótum. Það var óneitanlega skemmtilegt að takast á við eitthvað á öðrum nótum en þeim sem maður er vanur.“

Aftur í veitingabransann

Það er ekki að ástæðulausu að viðtalið við Helga fer fram á Hótel Borg, en hann stefnir á veitingarekstur í söllum hótelsins í náinni framtíð. „Þetta er allt á frumstigi ennþá, en þegar mér bauðst að taka þessu verkefni skoradist ég ekkert undan því,“ segir Helgi sem hyggst, ásamt Guðfinni Karlssyni veitingamanni, hefja Borgina aftur til fyrri dýrðar.

„Við viljum koma Gyllta salnum aftur í notkun þar sem vonandi verður hægt að dansa, eins og sagan ber með sér. Það er algjör synd að einn fallegasti salur Reykjavíkur hafi bara verið settur undir þitsuofn. Mér hugnast það engan veginn.“

Þetta eru ekki fyrstu skref Helga í veitingabransanum, en hann hannaði og stofnaði veitingastaðinn Astró á sínum tíma, við hvern hin svokallaða Astró-kynslóð er gjarnan kennd. Þar að auki hefur Helgi einnig verið í veitingarekstri í Berlín.

Hvað eldamennskuna heima fyrir varðar, segir hann að hún vilji oft fara í ítalskar áttir. „Einn uppáhaldsrétturinn minn er „vitello a la milanese“ eða kálfasnitsel að hætti Milanóbúa. Maður lærði auðvitað heilmikið þarna úti.“

Helgi er ekki tilbúinn að segja til um hvort ítalskir réttir verði í forgrunni í söllum Borgarinnar, en lofar að þar verði vandað til verka. „Það eru ekki margir staðir á Íslandi sem eru jafn „grand“ og „classy“ og Borgin.“



Helgi segist vilja hefja Borgina aftur til fyrri dýrðar og að hægt verði að dansa í Gyllta salnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ÞAD ER ALGJÖR SYND AÐ EINN FALLEGASTI SALUR REYKJAVÍKUR HAFI BARA VERIÐ SETTUR UNDIR ÞITSUOFN. MÉR HUGNAST ÞAD ENGAN VEGINN.

Einyrkjar fá rödd

Í byrjun september var Félag sjálfstætt starfandi tónlistarmanna (FSST) sett á laggirnar, þar sem Helgi sennir formennsku.

„Auðvitað hefði átt að vera búið að stofna þetta félag fyrir löngu síðan, en það skapast sérstök þörf í ástandinu sem við lifum í þessa dagana,“ segir Helgi. „Okkur tónlistarmönnum er beinlínis bannað að vinna, en vegna fjöldatakmarkana er búið að slá allt af, jafnvel afmæli, brúðkaup og jarðarfarnir.“

Markmiðið með stofnun félagsins var að gefa sjálfstætt starfandi tónlistarmönnum sameiginlega rödd. „Það áorkar engu ef allir eru að tala

bara hver í sínu horni. Þessi hópur einyrkja í bransanum hefur mikið verið að vinna verktakavinnu og til þessa hafa þeir ekki haft neitt félag í kringum sig – ekkert bakland sem greip okkur þegar ástandið skall á.“

Strebbinn bransi

Brýnasta verkefni FSST segir Helgi vera að hjálpa þeim félagsmönnum sem hafa verið atvinnulausir lengi. „Það er mjög misjafnt hvernig fólk stendur. Ég var mjög heppinn að fá þau sjónvarpsverkefni sem ég fékk, og aðrir hafa getað bjargað sér með einhverjum hætti, en flestir eru í vandræðum. Margir hafa verið atvinnulausir í hálfu ári og það lifir það enginn af til lengdar. Það gengur ekki endalaust að frysta lánin, semja við skattinn og hækka yfirdráttinn.“

Þá segir Helgi að mikilvægt sé að standa vörð um ýmis réttindi félagsmanna, sem geta oft verið óljós. „Margir tónlistarmenn geta líka átt erfitt með að fá fæðingarorlof, þar sem tekjurnar eru sveiflukenndar og ekki fastar. Það eru ýmsir meinbugir við þennan blessaða bransa sem passa ekki inn hjá Vinnuálastofnun. Fólk verður að fá einhverjar bætur svo það missi einfaldlega ekki heimilin.“

Þakklátur þjóðinni

Viðtökurnar við félaginu hafa verið góðar. „Það hrúgast inn félagar. Við náðum sambandi við menntamálaráðherra og þar er verið að smíða einhverjar tillögur að aðgerðum. Ég

vonar að þeim beri gæfa til að hrinda þeim í framkvæmd sem allra fyrst, fyrir tónlistarmenn og aðra. Við erum auðvitað ekkert ein í þessum aðstæðum, en við getum bara talað fyrir okkur.“

Landsmenn hafa líka sýnt framtakinu mikinn stuðning og nýlega var mínútu þögn á fjölda útvarpsstöðva, til samstöðu með tónlistarmönnum. „Það er frábært að fá stuðning frá þjóðfélaginu, en þegar öllu er á botninn hvolft snýst þetta um stjórnvöld. Það þarf alltaf fjármagn þegar farið er út í svona aðgerðir. Þetta kostar auðvitað allt peninga. Staðan er bara orðin það erfið hjá stórum hópi að eitthvað verður að gera, og eitthvað verður að gera hratt.“

Sem dæmi um mikla óvissu tónlistarfólks landsins þarf ekki að líta lengra en á fyrirætlaða Sumarhátíð Helga. „Upprunalega áttu þessir tónleikar að vera í apríl, en þeim hefur nú verið frestað í tvígang. Herlegheitin eru nú sett í lok október, en miðað við nýjustu fréttir þá er allt eins líklegt að þessu verði aftur skellt á frest.“

Þrátt fyrir að það sé vissulega undarlegt að skipuleggja sumarhátíð í haustlok segist Helgi vera þakklátur. „Maður er þakklátur fólki fyrir þessa ótrúlegu þolinmæði og þennan skilning sem það hefur sýnt. Það er ekki hægt að gera annað en að lofa því að þetta verður alvöru show þegar loksins kemur að því.“



ÞETTA VAR MEIRA AÐ SEGJA ORÐIÐ ÞANNIG AÐ VIÐ FUNDUM GJAFIR Á TRÖPPUNUM FYRIR UTAN HJÁ OKKUR. KÖRFUR MED ALLS KONAR FÍNERÍI, KÖKUR OG FLEIRA TIL.

Það eru allir sexi

Þrátt fyrir að vera kominn yfir sextugt er Helgi enn eitt af helstu kyn-táknum landsins þótt hann skilji ekkert í því sjálfur. Hann ranghvolfir augunum þegar hann er beðinn um ráð fyrir upprennandi kyntákni. „Ég hef aldrei almennilega skilið þetta. Ég reyni reyndar alltaf að vera líflegur og hress á sviðinu, en ætli þetta komi ekki hreinlega frá því að ég sé alltaf að spyrja fólk hvort það sé ekki allir sexi? Svo hefur þetta kannski bara snúist yfir á mig.“

Spurningin sem hefur verið svo einkennandi segir Helgi vera retóríska. „Það sem ég á við með þessari spurningu er að það eru allir sexi á sinn hátt. Fyrirframgefnar tölur um stærðir á hinu og þessu hafa ekkert með það að gera, og þar tala ég sjálfur af biturri reynslu,“ segir hann og skellir upp úr. „Ef ég er dæmdur kynþokkafullur hefur það sko ekkert að gera með kassastærðina.“

Hreyfir sig eftir veðri

Þegar verkefnið eru jafn mörg og raun ber vitni getur ekki verið auðvelt að finna frítíma, en Helgi segir að það takist nú samt. „Við hjónin höfum mikið verið uppi í bústaðnum okkar í Þingvallasveit. Þar erum við líka með hesta. Vilborg er mjög dugleg að ríða út og við náðum aðeins að gera það í ágúst, ásamt því að mála þakið á bústaðnum og stússast aðeins.“

Þá hafa Helgi og gömlu félagarnir frá Ísafirði haft þann sið að ganga árlega út á Hornstrandir og um Jökulfirðina, en skiljanlega urðu tálmanir þar á vegi í sumar. „Við ætl-uðum að fara í Hornvík í sumar, en tímasettum það þegar stærsti veðurhvellurinn var í júní. Við breyttum þá aðeins plönunum og tjölduðum á Grímsstöðum á Fjöllum í staðinn í sautján stiga hita og glampanði sól. Gengum svo Jökulsárgljúfrin. Þetta var alveg meiriháttar.“

Í framtíðinni segir Helgi að ferðaplönin verði því frekar leikin af fingrum fram. „Framvegis bleytum við bara fingurinn og fylgjum vindinum. Ísland er svolítið þannig að maður verður að hreyfa sig eftir veðri.“

Kósíkvöldin

Þá hefur Helgi eins og áður var nefnt gaman af stjórnmalá- og samfélagsrými í sjónvarpi. „Ég hef verið að fylgjast með þessum þáttum sem heita Social Dilemma og fjalla mikið um samfélagsmiðlana. Þetta fjallar um neikvæð áhrif samfélagsmiðla þar sem innanbúðarmenn eru að gagnrýna neikvæða þróun þeirra. Það snýst ekki um að það sé verið að selja upplýsingarnar þínar til að búa til pening, heldur er verið að snúa skoðunum heimsins í einhverjar áttir sem hefur náttúrulega þvilík áhrif. Þetta er stórmerkilegt og óhuggulegt líka.“

Svarið við ógnvænlegu ástandi heimsins telur Helgi vera afturhvarf til gömlu góðu kvöldvökustemningarinnar. „Allir safnast saman, syngja nokkur létt lög og passa að hlutirnir séu ekki of flóknir – ég held að það sé rétta leiðin til að róa okkur niður og njóta þess að hafa gaman.“

Til hamingju Búseti!

Framkvæmdum við Keilugranda 1-11 í Reykjavík er lokið, þar sem 78 íbúðir hafa verið afhentar nýjum íbúum. Af því tilefni óskum við Búseta til hamingju og þökkum félaginu gott samstarf.



Heinz Byggingar ehf



BLIKKSMÍÐURINN
ÞEKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA



GLUGGATÆKNI



TRÍMUM
ráðgjöf



Verkfræðistofa
Þráinn & Benedikt



VGH Mosfellsbæ
VERKTAKI SÍÐAN 1988
ÞAD SEM TIL ÞARF

VERKHÖNNUN
VERKFRÆÐINGAÞJÓFU

VERKFERILL



ÓS VERKTAKAR

GLERBORG
Gler, gluggar, gleralipun & speglagerð frá 1922



VILHJÁLmur ÞORGEIRSSON

Dúklagningameistari
Vilti Dúkari

KRAFLA EHF.



Ingunn Lára
Kristjánsdóttir
ingunnlara@frettabladid.is



Þjóðverjinn Heinz Bernhard Sommer og Rúmeninn Victor Sorin Epifanov voru dæmdir í sjö ára fangelsi, fyrir tilraun til að smygla fjörutíu kílóum af amfetamíni og fimm kílóum af kókaini í bílnum. Landsréttur staðfesti þennan dóm þann 11. september.

Heinz hyggst sækja um áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar að sögn verjanda hans, Þorgils Þorgilssonar.

Þetta er eitt stærsta fíkniefnamál sem komið hefur á borð lögreglu hér á landi, en um var að ræða mörg hundruð þúsund söluskammta sem reynt var að smygla inn í landið.

Sagan er hin undarlegasta og teygir sig yfir tvö ár og níu lönd. Skuldugur bankamaður, sköllóttur vaxtarræktarmaður, falin fíkniefni í leynihólfi, 21 þúsund evrur í reiðufé, tveir menn sem reynast vera einn og hinn sami og draumaferð í Bláa lónið sem aldrei varð af.

Einn eða tveir höfuðpaurar

Tveir dularfullir menn, kallaðir A og B í dómskjöllum, voru nefndir í skýrslutöku Heinz og Victors. Talið er að þeir séu höfuðpaurar fíkniefnasmyglisins. Margt er óljóst með mennina og telur lögregla að þetta gæti jafnvel verið einn maður, en ekki tveir.

Victor sagði við lögreglu að rúmenskur maður búsettur í Þýskalandi, þessi sem er kallaður B, hafi staðið að baki ferðalaginu til Íslands og er hann því talinn tengjast innflutningi fíkniefnanna. Victor lýsti manningum fyrir lögreglu og sagði hann rúmlega þrítugan, sköllóttan og sterkbyggðan. Hann tók þó fram að hann vissi ekki rétt nafn hans, því hann hefði aldrei séð persónuskilríki hans.

Sá sköllótti á að hafa ráðið Victor í verkefni á Íslandi, en þar sem Victor er ekki með ökuréttindi þurftu þeir að finna ökumann. Það gerðu þeir í gegnum byggingamann, þennan sem kallaður er A, en hann hafði átt í samskiptum bæði við Heinz og Victor.

Victor hafði áður unnið fyrir byggingamanninn sem verktaki og Heinz hafði verið bedinn um að sjá um bókhald byggingafyrirtækisins. Þannig á Heinz að hafa blandast inn í málið, en hann var fenginn inn í verkefnið sem öku- maður.

„Lítið sem ekkert er vitað um B, eða hvort hann er í raun og veru til,“ segir í dómskjöllum. Lögreglufulltrúi og rannsóknarlögregla sögðu ekki hafa reynst unnt að fá staðfest hjá lögreglu í Þýskalandi að sá maður væri þar til. Vísbendingar séu um að sá sköllótti (B) sé í raun byggingamaðurinn (A).


Fyrirverandi bankastarfsmaður

Heinz er þýskur ríkisborgari á eftirlaunum og fyrirverandi bankastarfsmaður. Hann sagði fyrir dómi að hann væri talsvert skuldugur vegna skatta. Hann hafi ekki haft mikið að gera þegar hann kynntist Victori árið 2018. Þeir þekktust vel en væru þó ekki góðir vinir, en hefðu kynnst í gegnum sameiginlegan vin í tengslum við byggingafyrirtæki.

Drukku bjór í Reykjavík

Victor og Heinz fóru saman til Íslands í fyrsta sinn í ágúst árið 2018 með Norrænu. Heinz segist ekki hafa fundist neitt undarlegt eða grunsamlegt við ferðina. Í Reykjavík hafi þeir drukkið bjór, skodað sig um og annað í þeim dúr. Þá nefnir hann að Victor hafi hitt frænda sinn sem var staddur á Íslandi en búsettur í Bandaríkjunum.

Eftir fyrri Íslandsferðina ferðu-ust Heinz og Victor saman til annarra Evrópulanda, þar á meðal til Spánar, Sviss og Noregs. Segja þeir þessar ferðir hafa verið ýmist vegna



Um er að ræða eitt stærsta fíkniefnamál sem komið hefur á borð lögreglu hér á landi, en í Austin Mini Cooper bílnum fundust mörg hundruð þúsund söluskammtar sem reynt var að smygla inn í landið. MYND/HÉRAÐSSAKSÓKNARI

Fjarstýrt leynihólf

Austin Mini Cooper bíll, sem gerður var upptækur á síðasta ári, í einu stærsta fíkniefnamáli Íslandssögunnar, vekur afar mikla forvitni. Búið var að breyta bílnum og koma fyrir sérhönnuðu leynihólfi í afturhluta hans, sem hægt var að opna með fjarstýringu.



HÓLFID VAR LÆST MEÐ

RAFLOKUM SEM VORU

TENGDAÐ VIÐ STÝRI-

BÚNAÐ MEÐ ÞRÁÐLAUSU

AÐGENGI EÐA FJARSTÝR-

INGARBÚNAÐI.



Fíkniefnunum hafði verið komið fyrir í sérútbúnu lokuðu og læstu hólfi undir farangursgeymslu aftan í bílnum. MYND/HÉRAÐSSAKSÓKNARI

vinnu eða frís, en Victor hafi hitt einhverja aðra menn í þeim ferðum án Heinz.

21 þúsund evrur

Victor fór í eina ferð til Íslands án Heinz í tengslum við verkefni fyrir byggingamanninn. Ekkert hafi hins vegar orðið af því verkefni. Þá hafi sá sköllótti sett sig í samband við Victor og beðið hann um að sækja peninga fyrir sig úr því að hann væri á Íslandi.

Hitti Victor ungan mann sem lét hann fá umslag með 21 þúsund evrum í reiðufé og fékk Victor að eiga tvö þúsund.

Ætluðu í Bláa lónið

Áður en lagt var af stað í seinni Íslandsferðina fékk Heinz ný fót og nýja skó og var tjáð að öll ferðin væri bókuð, með gistingu í Reykjavík í fimm nætur. Hann átti að fá 100 evrur frá byggingamanninum í upphafi ferðarinnar og 300 frá Victori í lok ferðar.

Hann hefði ekki grunað að það

væru fíkniefni í bílnum og hefði staðið í þeirri meiningu að hann væri að fara í fri.

„Á leiðinni til Íslands hefðu ákærði og meðákærði rétt saman um hitt og þetta, en meðákærði hefði aðallega verið að segja honum til við aksturinn. Ákærði hefði ætlað að vera í frii, fara í búðir og skoda sig um í Reykjavík, og hefðu hann og meðákærði rétt það sín á milli að þeir ætluðu að fara í Bláa lónið,“ segir í dómskjöllum.

Victor gaf þá skýringu að þeir tveir hafi átt að sækja peninga fyrir þann sköllótti, þar sem of dýrt væri að senda þá á milli landa í gegnum Western Union.

Framburður manna var nokkuð á reiki, ósamrýmanlegur og ósannfærandi á köflum, að mati dómsins. Enn fremur taldi dómurinn skýringar manna vart geta staðist, að þeir hafi ekki vitað af fíkniefnunum í leynihólfi bílsins.

Sérútbúið hólf í Mini Cooper

Fíkniefnunum hafði verið komið

fyrir í sérútbúnu og lokuðu hólfi, undir farangursgeymslu aftan í bílnum. Hólfid var læst með raflokum, sem voru tengdar við stýrisbúnað með þráðlausu aðgengi eða fjarstýringarbúnaði. Lögreglan komst inn í hólfid með því að fjarlægja ytri afturstuðara og opna rennisþjald sem búið var að koma fyrir á innri stuðara.

Lögreglan fékk efnaverkfræðing til að skoða og meta ástand hólfins. Hann sagði ómögulegt að segja nákvæmlega til um hvenær umrætt geymsluhólf hafi verið útbúið, en miðað við ástandið hafi breytingar verið gerðar á bílnum á tímabilinu janúar til júlí 2018.

Staðsetningarbúnaður með hollensku símakorti fannst einnig falinn í mælaborði bílsins.

Billinn var skráður á Victor Sorin í þýskri ökutækjaskrá. Samkvæmt upplýsingum sem lögreglan aflaði hafði bílnum verið ekið frá Þýskalandi til Danmerkur um landamærin á Suður-Jótlandi áður en lagt var í síðari Íslandsferðina.

Tímalína

2018

■ Janúar - júlí

Efnaverkfræðingur telur að á þessum tíma hafi verið gerðar breytingar á bílnum til að koma fyrir sérútbúnu hólfi.

■ 2. - 9. ágúst

Heinz og Victor ferðast saman til og frá Íslandi með Norrænu í Mini Cooper bílnum. Þeir gista í Reykjavík.

2019

■ Janúar - febrúar

Billinn geymdur í Hollandi.

■ 14. og 15. febrúar

Ferðast til Basel í Sviss.

■ 17. maí

Fara á bílnum til Oslóar í Noregi.

■ 5. - 8. júlí

Ferðast til og frá Malaga á Spáni með flugi um Düsseldorf í Þýskalandi.

■ 11. - 17. júlí

Victor kemur með farþegaflugi til Íslands frá Þýskalandi. Dvelur á gistiheimili í Reykjavík. Hann er í fylgd með tveimur erlendum mönnum sem komu til landsins þann 12. og 13. júlí Allir þrjú fljúga saman til Amsterdam í Hollandi. Misræmi er í fjölda ferðataska þeirra við komu og brottför frá landinu, að sögn lögreglu.

■ 16. júlí

Einn ferðafélagi Victors sendir 1.680 evrur til Heinz í gegnum Western Union á Íslandi. Victor sendir einnig sömu upphæð til rúmenskrar konu sem talin er vera eiginkona A. Nokkrum vikum fyrir Íslandsferð — Victor minnst á Íslandsferð við Heinz, en gefur ekki upp nákvæma dagsetningu.

■ 28. júlí

Heinz segir Victor hafa mætt heim til sín og spurt hvort hann væri búinn að pakka. Þeir væru á leiðinni til Danmerkur og þaðan til Íslands.

■ 30. júlí

Heinz og Victor sigla með Norrænu frá Hirtshals í Danmörku með viðkomu í Þórshöfn í Færeyjum. Í ferjuna hafa þeir með sér Austin Mini Cooper bifreið, sama bíl og þeir höfðu áður ferðast með, nema með öðrum skráningarnúmerum.

■ 1. ágúst

Koma til Seyðisfjarðar og eru stöðvaðir af tollgæslu. Heinz keyrir bílinn og Victor er farþegi. Billinn er tekinn til skoðunar og finnur fíkniefnahundur lykt í afturhluta bílsins. Við frekari leit finnast fíkniefni. Skýrslur tekna af mönnum.

■ 3. ágúst

Úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

■ 15. ágúst

Gefa skýrslur með réttarstöðu sakbornings í annað sinn.

■ 19. ágúst

Haldlagðar ljósmyndir bornar undir Heinz og Victor.

■ 21. ágúst og 20. september

Rannsóknarstofa staðfestir að efnin séu amfetamín og kókain.

■ 28. ágúst

Mennirnir gefa skýrslur í þriðja sinn. Þeim ber saman um að þeir hefðu ekki vitað af fíkniefnunum í bílnum.

■ 23. október

Ákæra frá héraðssaksóknara.

2020

■ 10. febrúar

Dæmdir í sjö ára fangelsi.

■ 11. september

Landsréttur staðfestir dóm Héraðsdóms.



BAUHAUS®

Stór og flott flísadeild

Eitt mesta úrval landsins


Autumn gegnheilar flísar

30 x 60 cm. Ljósar Perla eða dökkar Merengo. Kantfræstar fyrir 2 mm fúgu. Frostþolnar. Skriðvörn R9. Verð á m².
60 x 60 cm 4.095.-

3.895.-
~~4.095.-~~



Við höfum allt sem þú þarft í flísalagninguna!



5.295.-

Home gólf flísar

30 x 60 cm. Svartar eða gráar. Frostþolnar. Slitstyrkur PEI 4. Skriðvörn R9. Verð á m².
60 x 60 cm 5.295.-




3.495.-

Gneiss flísar

30 x 60 cm. Fást í svörtum, gráum eða hvítum lit. Frostþolnar. Slitstyrkur PEI 3. Skriðvörn R9. Verð á m².


Verð gildir til og með mánuðeginum 21. september.



3.345.-

Subway vegg flísar


7,5 x 15 cm. Hvítglansandi. Verð á m².



2.845.-

Hvítar vegg flísar


15 x 15 cm. Glansandi eða mattar. Slitstyrkur PEI 1. Verð á m².



2.645.-

Arktis vegg flísar


25 x 40 cm. Fást í háglansandi og möttu hvítu. Verð á m².



4.645.-

Ambiente snowwhite vegg flísar

30 x 60 cm. Hvítar glansandi eða mattar. Verð á m².



Shape iron gólf flísar

30 x 60 cm. Postulínsflísar með gamaldags yfirbragði. Kantskornar þannig að hægt er að leggja flísarnar með svoltílli fúgu. Frostþolnar. Slitstyrkur PEI 4. Skriðvörn R9. Verð á m².

6.795.-

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18

Með fyrirvara um myndbrenslu, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk. Tilboðin gilda aðeins frá þriðjudegi 14. apríl til og með mánudegi 4. maí, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is



Þær Uglya og Ninna fengu ungar að aldri áhuga á kvikmyndagerð og leikstjórn og luku báðar háskólanámi í faginu í New York. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Björk
Eiðsdóttir
bjork@frettabladid.is

Vilja kynjaflokka og forskeyti burt

Þær **Uglya Hauksdóttir** og **Ninna Pálmadóttir** frumsýna báðar stuttmyndir á kvikmyndahátíðinni RIFF en í fyrsta sinn í sögu hátíðarinnar eru kvenleikstjórar í meirihluta þeirra sem sýna.



VONANDI KOMUMST VIÐ

Á STAÐ ÞAR SEM KYNJA-

FLOKKAR OG FORSKEYTIN

HEYRA SÖGUNNI TIL OG

HÆFNI OG HÆFILEIKAR

ERU Í FYRSTA SÆTI.

Ninna

Selshamurinn er fjórða stuttmyndin sem ég sýni á RIFF en þar sem ég hef verið búsett erlendis hef ég hingað til ekki getað tekið mikinn þátt í fyrri hátíðum, það er því virkilega gaman að vera á landinu í ár," segir Uglya sem býr í New York en hefur dvalið hér undanfarna mánuði vegna COVID faraldursins.

„Síðustu ár hef ég verið að starfa við sjónvarpsleikstjórn bæði hér á landi og erlendis," segir Uglya sem leikstýrði nýlegast þremur þáttum af sjónvarpsþáttaröðinni Hanna sem kom út á Amazon Prime í sumar.

„Það er meiriháttar að fá tækifæri til að leikstýra sjónvarpsseríu af þessari stærðargráðu, en núna hlakka ég til að sýna Selshaminn enda önnur tilfinning að sýna eitt-hvað sem kemur frá eigin hjarta."

Komin eru tvö ár frá því myndin var tekin upp og því mikil eftirvænting hjá leikstjóranum að fá loks að frumsýna eftir samkomutakmarkanir undanfarna missera. „Sýningin á RIFF verður fyrsta tækifæri okkar til að sjá myndina á hvíta tjaldinu með áhorfendum og ég hlakka mikið til að fagna loks með samstarfsfólki mínu."

Samruni þjóðsögu og veruleika

Uglya segir myndina innblásna af þjóðsögunni Selshamurinn úr safni Jóns Arnasonar. „Ég hafði verið að lesa þjóðsögurnar og einhvern veginn leitaði þessi saga á mig og úr varð handrit. Í myndinni rennur þjóðsagan saman við veruleika ungrar stúlku og er því myndin í senn ljóðræn og draumkennd."

Ninna tók í fyrsta skipti þátt í RIFF á síðasta ári og vann þá til verðlauna fyrir bestu íslensku stuttmyndina með mynd sína, Paperboy. „Það er auðvitað mikill heiður að vinna til verðlauna en fyrir mér var einfaldlega stór sigur unninn að fá að sýna mynd á RIFF. Ég man eftir að hafa farið á hátíðina þegar ég var

tvítug og enn í kvikmyndafræði í háskólanum og hugsu með mér að vonandi myndi ég einn daginn sýna mynd þar.

Þess vegna var það svo sýrrealískt að fá að frumsýna myndina mína á einmitt þessari hátíð sem ég hélt svo mikið upp á. Það er afar sérstök tilfinning að sitja í sal fullum af áhorfendum og horfa á sína eigin mynd með þeim á stóru tjaldi. Það að sitja þarna og upplifa orkuna er mikilvægur partur af því að leikstýra. Og það er ekki auðvelt. Síðan er dásamlegt að fá loks að fagna sýningu með teyminu á bak við myndina."

Stuttmynd Ninna sem frumsýnd verður á RIFF heitir Allir hundar

deyja og var útskriftarverkefni hennar í meistaranámi í leikstjórn og handritaskrifum frá NYU Tisch listaháskólanum á síðasta ári. „Allir hundar deyja fjallar um aldraðan bónda og hundinn hans, sem heyrja einvígi við dauðann. Baráttan flækist þegar barnabarn bóndans reynir að opna á tilfinningalíf afa síns."

Videóleigur og bókasöfn

Aðspurðar hvort stefnan hafi alltaf verið tekin á kvikmyndafransann svarar Ninna:

„Ég er frá Akureyri og bjó við hliðina á videóleigu hverfisins. Þabbi er svo mikill bíónöttari að hann leyfði mér að leigja spólur nánast hvenær sem var þegar ég var krakki. Ég fór því að horfa á alls konar kvikmyndir og ég held að leiðin hafi verið nokkurn veginn ákveðin þegar ég var komin í menntaskóla."

Uglya hefur ekki langt að sækja fyrirmyndirnar, hún er alin upp í kringum leikhúsin en móðir hennar, Pálína Jónsdóttir, hefur starfað bæði sem leikkona og leikstjóri. „Ég var mikið í kringum listafolk þegar ég var litil og byrjaði snemma að fíkra mig áfram með skrifum og myndlist. Mamma kom oft heim með „art-house“ spólur frá bókasafninu og ég eyddi miklum tíma í að skoða þessar forvitnilegu bíómyndir sem kveiktu áhuga minn á kvikmyndagerð og byrjuðu líklegast að móta mig í þann leikstjóra sem ég er í dag."

Ninna samsinnir því að það að vera mikið í kringum listafolk hafi haft mótandi áhrif á hana, en sjálf var hún meira í kringum tónlistarsenuna en faðir hennar er tónlistarmaður. „Það hefur vissulega áhrif að vera í kringum einhvers konar list þegar maður elst upp. Maður byrjar að tjá sig með einhverjum hætti í gegnum hana". Hún ólst upp úti á landi og var mikið í sveit og finnst tónlistin jafnt sem náttúran sinn helsti innblástur.

Skapa sin eigin tækifæri

Þær eru sammála um að það þurfi að hafa virkilega fyrir hlutunum til að komast áfram í kvikmyndafransanum.

„Það kemur ekkert til manns nema maður hafi fyrir því, en það er svo sem eins og með allt annað. Maður verður bæði að skapa sín eigin tækifæri og vera líka duglegur að gripa þau þegar þau koma upp, vera svolitill já-ari," segir Ninna.

„Stuttmyndir eru lykillinn að því að geta starfað sem atvinnuleikstjóri og frábær leikvöllur til að prufa sig áfram. Við erum heppin að vera með Kvikmyndamiðstöð hér á Íslandi sem er tilbúin til að styðja unga höfundu við að taka sín fyrstu skref. Það er ómetanlegt og ekki sjálfgefið," segir Uglya.

„Stuttmyndir eru tækifæri til að viðra rödd sína en líka til að prófa hana, enda töluvert minni pressa á þeim en kvikmyndum í fullri lengd.

Með því að fara í kvikmyndanáms fær maður öruggan samastað til að prófa sig áfram og jafnvel mistakast," segir Ninna.

Uglya komst á skrá hjá umboðsskrifstofu í Los Angeles í kjölfar velgengni stuttmyndarinnar How Far She Went sem var útskriftarmynd hennar úr Columbia-háskólanum. Stuttu seinna bauð Baltasar Kormákur henni að leikstýra tveimur þáttum af Ófærð.

„Það eru ekki allir sem fá svona flott tækifæri strax við útskrift og er ég ævinlega þakklát fyrir það. Ég fékk að taka mín fyrstu skref hér heima í öruggu umhverfi og við það opnaðist allt erlendis," segir Uglya sem mun næst leikstýra tveimur þáttum af Amazon sjónvarpsseríunni The Power.

Allt fer eins og það á að fara

Báðar segjast þær vera að þróa handrit að kvikmyndum í fullri lengd en að það ferli taki langan tíma.

Ninna segist hafa verið með ákveðnar hugmyndir um framtíðarferil sinn þegar hún hóf námið í kvikmyndagerð. „Maður var með stóra drauma og væntingar. Svo fer ekki allt nákvæmlega eins og maður hélt að það myndi fara – en þó nákvæmlega eins og það á að fara. Svo maður verður svolitill að treysta ferlinu og trúu því að ef maður er alltaf að gera og skapa þá gangi hlutirnir upp."


Talið berst að kynjahlutföllum í geiranum og þeirri staðreynd að í fyrsta sinn séu konur í meirihluta leikstjóra á RIFF.

„Staðan er mikið betri en hún var. Þegar ég til að mynda byrjaði í mínu námi var staðan ekki svo góð á kvikmynda-vinnumarkaðnum þó svo að hlutfall kynjanna sé jafnt í helstu skólum og hátíðum," segir Ninna. „En mér finnst þó komin mikil hreyfing á þessi mál og bransinn er að vakna og opnast. Það er mikið af flottum kvenleikstjórum þó ég sé ekki harla hrifin af þessu kvenforskeyti. Vonandi komumst við á stað þar sem kynjaflokkar og forskeytin heyra sögunni til og hæfni og hæfileikar eru í fyrsta sæti. Fjölbreyttar raddir eru nefnilega það sem gerir list svo spennandi og lífandi."



LAUGARDAGUR 19. SEPTEMBER 2020

Helgin



Skjaldborg - Hátíð íslenskra heimildamynda hófst í gær en hún stendur yfir um helgina. Þetta er í fyrsta sinn sem hátíðin er haldin í Reykjavík en hún er uppskeruhátíð heimildamyndahöfunda og sérhæfir sig í að frumsýna íslenskar heimildamyndir. ➔5

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Viðar Ingi Pétursson, vip@frettabladid.is

Svanlaug Jóhannsdóttir og Örn Helgason eru eigendur OsteoStrong í Borgartúni. Fólk á öllum aldri hefur notið þess að áhrifaríkt kerfi OsteoStrong hjálpi því að bæta sig í alls kyns hreyfingu. OsteoStrong hjálpar til dæmis til við að auka jafnvægi, sem er nauðsynlegt þegar fólk eldist. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Byltingarkennt kerfi sem virkar fyrir alla

OsteoStrong er byltingarkennt kerfi sem hjálpar fólki að styrkja vöðva, minnka verki í liðum og stoðkerfi, styrkja bein og auka jafnvægi með góðum árangri. Ástundun tekur stuttan tíma, eða 10 mínútur á viku. ➔2

Framhald af forsiðu →

Fólk mætir í venjulegum fötum, tekur á, svitnar ekki en getur fylgst mjög vel með styrktaraukningu. „Það er ómetanlegt að sjá hvernig meðlimir okkar upplifa bætt lífsgæði. Ein af þeim sem stundar golf náði loksins að lækka forgjöfina sína um fjóra, eftir aðeins tveggja mánaða ástundun. Önnur lýsti því að hún hefði þurft að draga sig upp stiga í fimm ár vegna kraftleysis í fótleggjum. Eftir bara mánuð í OsteoStrong var hún farin á labba sjálf upp með fangið fullt af dóti. Það skiptir okkur miklu máli að fólk sé alltaf að keppa við sig sjálft, en ekki eitthvert meðaltal,“ segir Örn Helgason, annar eigandi OsteoStrong. „Styrktaraukning er mjög hröd hérna og fólk er að meðaltali að bæta sig um 73% á ári. Eftir að þessum 10 mínútum lýkur er fólk svo boðið að leggjast á PEMF bekki í slökun, sem eykur blóðflæði og dregur úr bólgum í líkamanum,“ bætir hann við.

3.600 Íslendingar hafa prófað OsteoStrong

„Móttökurnar hafa verið mjög jákvæðar. Við heyrum gleði- og árangurs sögur nánast á hverjum degi,“ segir Örn. „Það er frábært að fá svona mikla staðfestingu á því að kerfið virkar, en mest gefandi að vita að það sem maður starfar við geti breytt lífi fólks svona mikið til hins betra. Eitt af því fallega við OsteoStrong er að flestir sem að prófa fara strax að hugsa hverjum þetta gæti helst hentað og byrja að hvetja vini og ættingja til að mæta. Við höfum tekið á móti 3.600 manns hérna í Borgartúninu á árinu og núna stunda 450 manns OsteoStrong vikulega. Sumir koma bara í nokkra mánuði og þurfa ekki meira, þeir sem vinna að uppbyggingu beina þurfa allavega að vera hjá okkur í 1 til 3 ár. Aðrir hafa ákveðið að gera ástundun að hluta af heilbrigðum lífsstíl,“ bætir hann við. „Það hefur líka verið ánægjulegt hversu mikið af fólk úr heilbrigðisgeiranum hefur kynnt sér starfsemi, eins og lækna, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar og aðrir sem láta sig heilbrigði varða.“

Flestir geta nýtt sér það sem OsteoStrong býður upp á, fólk á öllum aldri, óháð líkamlegri getu.

Með því að setja álag á líkamann hvetjum við hann til þess að styrkja sig. Tæki OsteoStrong gera meðlimum kleift að ýta frá sér fleiri kílóum en er mögulegt annars staðar. Með ástundun þéttast beinin, vöðvar, sinar og liðbönd. Hjá OsteoStrong tekst fólk oft að setja á sig álag sem samsvarar margfalt líkamsþyngd þess, með eins öruggum hætti og hægt er. „Þess vegna gerast hlutirnir oft hraðar hérna heldur en við aðra hreyfingu. Fólk finnur í framhaldi oft fyrir minni verkjum, betra jafnvægi og meiri orku. Þá er svo miklu skemmtilegra að vera til,“ segir Svanlaug Jóhannsdóttir, annar eigandi OsteoStrong.

Betra jafnvægi

„Það má búast við því að jafnvægið batni hratt. Eftir aðeins fimm skipti er fólk að meðaltali búið að bæta það um 77%. Fyrir suma þýðir það að þeir eru betri í golfi, eða stöðugri í jóga tímum. Fyrir aðra þýðir þetta að þeir geta sleppt göngugrindinni, eða átt auðveldara með að ganga.“

Einnitt það sem þarf

Fólk sem stundar OsteoStrong er á öllum aldri og mjög mismunandi á sig komið. Margir nota þetta sem viðbót við aðra þjálfun, en fyrir suma er þetta það eina sem þeir geta stundað.



Þeir sem stunda æfingar hjá OsteoStrong njóta handleiðslu frábærra þjálfara í fjórum tækjum sem reyna á allan líkamann. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Ástundun OsteoStrong tekur mjög stuttan tíma eða um 10 mínútur á viku. Fólk finnur oft mjög mikinn mun á sér fljótt. Margir notfæra sér tækin sem viðbót við aðra þjálfun, svo sem golfið.



Rauð og innrauð ljós bæta kollagenframleiðslu húðarinnar. Margir hafa prófað þessa nýju tækni.

Meðlimir geta átt von á að:

- Minnka verki í baki og liðamótum
- Lækka langtíma blóðsykur
- Auka beinþéttni
- Bæta líkamsstöðu
- Auka jafnvægi
- Auka styrk
- Minnka líkur á álagsmeiðslum
- Álag þéttir vöðva

„Það er ekki meiningin að við séum eina hreyfingin sem fólk stundar. Við hvetjum fólk endilega til að gera allt sem því þykir skemmtilegt. Fyrir suma erum við það fyrsta sem þeir geta gert eftir að hafa dottið út úr hreyfingu í langan tíma. Fyrir aðra þá erum við einmitt hjálpin sem þarf, til þess að ná markmiðum sínum í þriðrautinni,“ bætir Örn við.

Fall er fararheill

„Hugmyndin að opna OsteoStrong á Íslandi kom þegar við vorum tiltölulega nýflutt heim til Íslands eftir að hafa búið í fimm ár á Spáni. Við höfum bæði búið í nokkrum

löndum og það er alltaf nokkur aðlögun sem þarf þegar maður flytur heim. Í þetta skiptið fannst okkur leiðinlegast hvað við fundum hvað margir upplifðu mikið stress í daglega lífinu. Stress er hræðilegt fyrir heilsuna og gleðina og okkur fannst spennandi að geta boðið fólk upp á möguleika til að gera eitthvað uppbyggjandi fyrir sig sjálft á bara 20 mínútum einu sinni í viku. Þegar við vorum búin að skrifa undir samning og fórum á ráðstefnu í Bandaríkjunum um rekstur svona stöðva þá braut ég mig rosalega illa og var í aðgerð skráðuð saman með átta málmstykklum í fótinn, var í fimm daga á spítala í Las Vegas og svo sendi í læknisfyllgd heim til Íslands. Ég var mikið veik og verkjuð í þrjú mánuði þannig að OsteoStrong er búið að vera mín endurhæfing. Það hefur verið ómetanlegt fyrir mig en líka hjálpað til með að skilja allt það sem fólk hefur gengið í gegnum áður en það kemur hingað. Þegar við ákváðum að opna OsteoStrong var ég ekki búin að geta lyft þungu í nokkur ár því að mjaðmagrindin var svo

“Tæki OsteoStrong gera meðlimum kleift að ýta frá sér fleiri kílóum en er mögulegt annars staðar. Með ástundun þéttast beinin, vöðvar, sinar og liðbönd.

viðkvæm eftir fæðingu. Nú get ég bara gert hvað sem ég vil. Það hentar mér töluvert betur því ég er von því að vera sterk og áreiðin og að geta tætt í mig verkefni,“ segir Svanlaug og brosir.

Hámarksárangur á lágmarkstíma hjá OsteoStrong

„Við hjónin stofnuðum þetta fyrirtæki til þess að hjálpa fólk að fá hámarksárangur hreyfingar á lágmarkstíma. Ég var ekkert sérstaklega að hugsa um sjálfan mig í því samhengi. Ég hef alltaf verið hraustur. Síðan áttaði ég mig allt í einu á að ég var farinn að geta synt bringusund, sem ég hafði ekki getað í tólf ár út af hnenu á mér. Ég varð stundum preyttur í bakinu,

en það er alveg búið. Líkamsstaða mín er betri, ég er með opnari bringu og ber mig betur. Ég er orkumeiri, hressari og verð ekki veikur. Ég á líka miklu auðveldara með að stjórna mataræðinu, því að ástundun OsteoStrong hefur áhrif á blóðsykurinn. Ég er líka orðinn svo sterkur að ég næ að gera allt sem mér dettur í hug án þess að finna fyrir því daginn eftir. Við vinnum mjög mikið því við erum með nýtt fyrirtæki, svo að allur okkar frítími fer í að njóta þess að vera með börnunum okkar. Við erum reyndar nýbúin að taka upp á því að bjóða vinnu okkar upp á mánaðarleg matarboð. Við veljum bara dagsetninguna og svo raðast alls konar fólk saman sem þekkt kannski ekki neitt. Það er búið að slá í gegn. Íslendingar eru greinilega alltaf að verða opnari fyrir nýjum upplifunum.“

OsteoStrong býður upp á ókeypis prufutíma á fimmtudögum og föstudögum í Borgartúni 24. Áhugasamir geta skráð sig á osteostrong.is eða í síma 419 9200.

Minni sykurlöngun, jafnari blóðsykur og aukin orka

Raspberry Ketones frá Natures Aid getur hjálpað til að losna við sykurþörfina og minnkað matarlöngunina. Fjölmargir tala um aukna orku og að auðveldara sé að losna við aukakílóin.

Sykur er eitthvað sem gleður bragðlauka flestra okkar en getur líka verið eitt það óhollasta sem við látum ofan í okkur. Sykurinn getur nefnilega valdið fíkn sem þýðir að erfitt er að hætta neyslu án þess að finna verulega fyrir því. Sykurneysla getur valdið bólgum í líkamanum sem við finnum oft sérstaklega fyrir í liðunum. Sykur getur komið ójafnvægi á þarmaflóruna, getur valdið sveppasýkingum og haft slæm áhrif á blóðsykurinn og insúlínframleiðslu líkamans, sem ýtir undir fitusöfnun. Það er því til mikils að vinna fyrir okkur að losna við sykurinn og hefur Raspberry Ketones reynst mörgum vel í þeim efnum.

Náttúrulegur andoxunargjafi

Raspberry Ketones er náttúrulegur andoxunargjafi sem inniheldur kjarna úr hindberjum og grænu tei. Raspberry Ketones getur haft áhrif á hormónið adiponectin sem heilbriggt fólk í kjörþyngd hefur í miklu magni í líkamanum. Þetta hormón getur aukið insúlínæmi sem þýðir að blóðsykurinn er jafnari og við brennum fitu betur.

Fitubrennsla

Grænt te er fullt af andoxunar-efnum og lífrænum efnasamböndum sem geta haft mikil áhrif á starfsemi líkamans. Þar á meðal er bætt heilastarfsemi, fitutap (aukin fitubrennsla) ásamt því að geta dregið úr líkum á fjölmörgum sjúkdómum.

Dregur úr sykurþörf og eykur kraft

Agnes Hlíf Andrésdóttir er viðskiptastjóri hjá auglýsingastofunni Hvíta húsinu, móðir og áhugamanneskja um heilbrigðan lífsstíl. „Ég sinni krefjandi starfi sem krefst bæði mikils aga og einbeitingar á hverjum einasta degi. Það skiptir mig því gríðarlega miklu máli að æfa reglulega og huga vel að næringunni minni.“

Agnes Hlíf segir það lykilinn að velgengni, bæði í leik og starfi, að halda góðu jafnvægi á mataræði og



“Raspberry Ketones minnkar sykurþörfina og gefur mér aukinn kraft og einbeitingu.”

Agnes Hlíf Andrésdóttir

hreyfingu. Það skipti ekki síður máli að vera góð fyrirmynd og stundum geti stríðið við sykurþúkan tekið á. „Raspberry Ketones kom því eins og himnasending inn í lífið mitt. Það dregur ekki aðeins

úr sykurþörfinni, heldur gefur mér aukinn kraft í æfingarnar og veitir oftast en ekki þetta „litla auka“ sem stundum vantar upp á þegar kemur að daglegu amstri,“ segir Agnes Hlíf.

„Ég byrja daginn alltaf á að taka eina töflu fyrir morgunmat og finn hvernig það gefur mér strax aukakraft inn í daginn. Svo tek ég eina áður en ég fer á æfingu, hvort sem það er í hádeginu eða seinni-partinn. Fyrir mér er Raspberry Ketones jafn mikilvægt og lýsið er fyrir börnin mín,“ útskýrir hún.

„Græna teið í Raspberry Ketones hjálpar mér að halda góðri einbeitingu lengur og orkan helst jafnari og stöðugri en ella. Ég mæli

hiklaust með Raspberry Ketones fyrir fólk með marga bolta á lofti.“

Veldu gæði

Hvert hylki inniheldur 400 mg af hreinum hindberjakjarna ásamt 35 mg kjarna af hreinu, grænu tei. Það inniheldur engin litarefni, rotvarnarefni, laktósa eða ger. Raspberry Ketones Advance frá Natures Aid er GMP vottað (Good manufacturing process) og uppfyllir ströngustu gæðakröfur sem völ er á.

Fæst í apótekum heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

Mest selda liðbætiefni á Íslandi

LIÐVERKIR – STIRÐLEIKI – EÐA BRAK Í LIÐUM?



„Ég upplifi enga verki í dag og er aftur farinn að njóta þess að styðja við heilsu mína með hreyfingu, þökk sé Nutrilenk.“

Kristófer Valdimarsson, 81 árs.

2-3ja mánaða skammtur í hverju glasi



Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

Reyna að bjarga björnunum

Ríkisstjórn Nýja Suður-Wales í Ástralíu ætlar að eyða rúmlega sex milljörðum króna í vernd kóalabjarna, en án brýnna aðgerða stefnir í að tegundin muni verða útdauð fyrir árið 2050.

Oddur Freyr
Þorsteinsson

oddurfreyr@frettabladid.is

Án brýnna aðgerða ástralskra yfirvalda stefnir í að kóalabirnir verði útdauðir fyrir árið 2050. Mælt var með 42 aðgerðum til að sporna gegn þessari þróun.

Vandi kóalabjarna vakti heimsathygli í skæðu skógareldunum sem geisudu í Ástralíu síðasta sumar, þar sem tugþúsundir þeirra létust.

En það eru ekki bara loftslagsbreytingar og skógareldar sem ógna þeim, heldur líka skógarhögg, námugróftur og vöxtur þéttbýlis.

Stjórnvöld eru nú að reyna að vakta stofninn og mælt var með friðlýsingu landsvæðis, banni við frekari eyðingu gamalla skóga í ríkiseigu og að sett yrði á laggirnar net vel fjármagnaðra sjúkrahúsa fyrir villt dýr á lykilstöðum í Nýja Suður-Wales, þar sem hæft starfsfólk og dýralæknar myndu vinna.

Ríkisstjórn Nýja Suður-Wales hefur sett rúmlega 6 milljarða króna í verkefnið, sem er hæsta fjárhæð sem hefur verið varið í vernd kóalabjarna í sögu fylkisins.



Hér heldur Dean Reid, starfsmaður hjá ástralska skriðdýragarðinum, á ungum, fallegum kóalabirni sem er kallaður Ash, en björninn var í almennri heilsufarsskoðun. MYNDIR/GETTY



Hér situr Ash í eucalyptus-tré. Í Port Macquarie starfa um 150 sjálfboðaliðar sem passa dýrin og fæða þau.



Ungur kóalabjörn situr á grein eucalyptus-trés eftir heilsufarsskoðun í ástralska skriðdýragarðinum.



www.bilasali.is

- gott úrval af nýlegum notuðum bílum.

Höldur



SKODA SUPERB LIMO L&K
Skr: 9/2018, ekinn 41.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 5.390.000
Raðnúmer. 261636



VW TOUAREG V6 3.0 TDI
Skr: 2020, ekinn 3.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 11.390.000
Raðnúmer. 261611



VOLVO XC90 T8 HYBRID
Skr: 12/2015, ekinn 34.000 km.
Bensín/Rafm, verð: 7.690.000
Raðnúmer. 340657



M-BENZ GLC 250 D 4MATIC
Skr: 11/2015, ekinn 66.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 5.990.000
Raðnúmer. 261631



SUZUKI JIMNY GL
Skr: 7/2020, ekinn 4.600 km.
Bensín, beinsk, verð: 3.990.000
Raðnúmer. 261618



SUZUKI SX4
Skr: 7/2013, ekinn 103.000 km.
Bensín, beinsk, verð: 1.290.000
Raðnúmer. 261606



FORD FIESTA TITANIUM
Skr: 11/2016, ekinn 29.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 1.890.000
Raðnúmer. 261589



SKODA OCTAVIA AMBITION
Skr: 4/2019, ekinn 32.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 3.390.000
Raðnúmer. 261571



VW GOLF R-LINE
Skr: 3/2015, ekinn 33.000 km.
Bensín, sjálfsk, verð: 2.690.000
Raðnúmer. 261598



NISSAN X-TRAIL TEKNA+
Skr: 3/2018, ekinn 39.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 4.980.000
Raðnúmer. 261622



SKODA OCTAVIA COMBI
Skr: 6/2018, ekinn 48.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 3.190.000
Raðnúmer. 261564



TOYOTA HIACE
Skr: 11/2011, ekinn 115.000 km.
Dísil, beinsk, verð: 2.990.000
Raðnúmer. 261260



SKODA RAPID SPACEBACK
Skr: 6/2014, ekinn 76.000 km.
Dísil, sjálfsk, verð: 1.490.000
Raðnúmer. 340675



VW GOLF VARIANT HIGHLINE
Skr: 6/2015, ekinn 69.000 km.
Bensín, sjálfsk, verð: 1.990.000
Raðnúmer. 340472



VW E-GOLF PREMIUM
Skr: 10/2017, ekinn 22.000 km.
Rafmagn, sjálfsk, verð: 3.400.000
Raðnúmer. 340713

Njóttum í vetur

LAUGARDAGUR 19. SEPTEMBER 2020

Kynningar: Ferðapjónustan á Hólum, Radisson Blu, 1919 hótél



Hvíld og rómantík í sveitinni

Sirry Arnardóttir stjórnendapjálfi er rómantísk í eðli sínu og kann að njóta þegar svo ber undir. Sirry hefur gefið út bækur sem styrkja og efla konur. Fljótlega kemur út ný bók um heilsu karla.

Elin
Albertsdóttir
elin@frettabladid.is



Sirry og eiginmaður hennar, Kristján Frján Magnús, héldu nýlega upp á 30 ára brúðkaupsafmæli. Hún segir að þau hafi alla tíð verið mjög meðvitúð um það að vera góð hvort við annað, standa saman og tala mikið saman. „Það þarf ekki að vera mikið tilstand eða flottheit í hjónabandinu en það er nauðsynlegt að hafa tíma saman,“ segir hún.

Núna þegar fáir fara til útlanda er fólk duglegt að gera eitthvað saman hér heima. Sirry segir að það sé einmitt það sem þau hjónin gera. „Jú, það er nú eitt af því góða við þetta annars erfiða ástand að fólk fer núna miklu styttri leið til að upplifa og njóta lífsins. Það þarf ekkert að fljúga. Rétt utan við borgina og bæina eru staðir sem bjóða upp á hvíld og rómantík – og oft á tilboðsverði. Ég og maðurinn minn nýttum okkur til dæmis tilboð Fosshótelanna í sumar og haust. Við áttum frábæra dvöl á flottum hótélum í Stykkishólmi, við Jökulsárlón og víðar. Einnig nýttum við okkur tilboð í Húsa-felli og vorum þar í golfi, giljaböðum, fjallgöngum og sundi. Það var frábært,“ segir hún.

„Mér hefur fundist best að hafa einhverja hreyfingu, einhverja áskorun áður en maður fer að njóta hvíldar og dekurs. Göngur, golf og útivist af ýmsu tagi er nauðsynleg áður en farið er í heitar laugar og góðan kvöldverð,“ bætir Sirry við og þegar hún er spurð hvort það þurfti að vera til efni, svarar hún.

„Það fer eftir efnum og aðstæðum fólks hverju sinni. En nei í raun finnst mér mikilvægt að hugsa um það að lifa fallega hvern dag. Til dæmis að vera saman á sunnudagsmorgnum með

Til dæmis að vera saman á sunnudagsmorgnum með eitthvað nýbakað úr bakariinu, blöðin og gott kaffi. Blóm og fallega lagt á borð.

eitthvað nýbakað úr bakariinu, blöðin og gott kaffi. Blóm og fallega lagt á borð. Mér finnst þetta hreinlega mikilvægur hluti af daglegu lífi. Ég þekki nokkra sem ætluðu að gera svo margt saman seinna en það kom svo aldrei að því, því miður,“ segir hún, en vel má minna fólk á að njóta þess að lifa í núinu.

Þegar Sirry er spurð hvert út á land henni finnst mest gaman að fara á hún erfitt með að gera upp á milli nokkurra staða. „Ég get nú ekki valið eitthvað eitt sem er skemmtilegast. En mér fannst til dæmis alveg frábært síðasta vetur að aka bara upp í Hvalfjörð og gista á Hótel Glym eina helgi. Margt að skoða – fossinn, fjörðurinn og hafði og svo lúxusinn á hótelinu, heitir pottar með útsýni yfir sjóinn og góður matur. Það er stutt að fara en algjörlega æðislegt,“ svarar hún og er ákveðin í að ferðast meira innanlands í haust og vetur.

Þar sem Sirry starfar við Háskólann á Bifröst er hún oft í snertingu við undurfagra náttúru. Frá skólanum eru fallegar gönguleiðir og á haustin er gaman að skoða ótrúlega haustlíti í náttúrunni. „Þegar ég verð með vinnuhelgar í byrjun vetrar förum við konurnar saman í göngutúra, borðum góðan mat og njótum sveitalífsins í bland við námið. Síðan fæ ég kannski manninn minn til að koma upp




Sirry hefur verið dugleg að njóta Íslands í sumar og heimsótt marga frábæra staði auk þess að nýta sér tilboð hótélanna.



Sirry segir að vel sé hægt að njóta lífsins úti í íslenskrí náttúru og jafnvel að bregða sér í dekur. Mörg hótél bjóða góð tilboð í haust.

MYND/EINKASAFN



HÓPEFLI
HVATAFERÐIR
VINNUFERÐIR

ÁRSHÁTÍÐIR
JÓLAHLAÐBBÖRÐ
AFMÆLISVEISLUR



Sími +354 562 2900
stay@360hotel.is

www.360hotel.is

NÝTT HÓTEL Á ÍSLENSKUM MARKAÐI

- Um 1 klst. frá Reykjavík
- 200 fm SPA
- Hæstu einkunnir gesta
- Fundaraðstaða
- Hámark 26 gestir
- Lúxus matur
- 13 stór herbergi
- Kokteilbar



eftir að vinnuhelgi lokinni og fara með mér í mat á Hraunsnefi eða Varmalandi, gönguferðir að Glanna og Paradísarlaut, í Jafna-skarðsskóginn og það er bara mjög rómantískt að ganga og spjalla saman við Hreðavatn. Það er fallett þarna í hrauninu allan ársins hring. Þör geta farið saman eða í vinahóp, bæði er skemmtilegt. Það þarf ekki að fara langt eða skipuleggja eitthvað flókið ef hjartað og rétta manneskjan er með í för,“ segir hún.

Sirry hefur verið að þjálfa fólk í öruggri tjáningu, kynningum, viðtölum og samskiptum við fjölmiðla enda sjálf gamalreynd fjölmiðlakona. „Ég kenni þetta líka við Háskólann á Bifröst og hef gert í mörg ár ásamt því að halda fyrirlestra. Þá hef ég nýlega tekið við sem verkefnastjóri í „Mætti kvenna – stofnun fyrirtækja“ sem ég er alveg heilluð af. Það er ellefu vikna fjarnám með öflugum vinnuhelgum við Háskólann á Bifröst. Við förum af stað með

námskeiðið 23. október svo þetta er mjög ofarlega í huga mínum núna,“ segir hún, en Sirry er að senda frá sér nýja bók, „Þegar karlar stranda – og leiðin í land“, í samvinnu við VIRK og bókaútgáfuna Veröld. Fyrri bók Sirryjar sem hún vann með VIRK heitir „Þegar kona brotnar – og leiðin út í lífið á ný.“

Það má með sanni segja að það sé spennandi vetur fram undan hjá henni og alltaf nóg að gera.



ÍSLANDS
HÓTEL

Grand
HÓTEL
REYKJAVÍK

FOSSHÓTEL



EINSTÖK TILBOÐ HÓTELGISTING Í HAUST & VETUR



TILBOÐIN GILDA Á EFTIRFARANDI HÓTELUM:

- Grand Hótel Reykjavík • Fosshótel Húsavík • Fosshótel Jökulsárlón
- Fosshótel Stykkishólmur • Fosshótel Reykholt

TILBOÐ

FERÐUMST INNANLANDS

– Má nýta á einu eða fleiri hótélum –

4 nætur – 44.000 kr.

Tilboðið miðast við einn til tvo fullorðna í herbergi.
Verð eru án morgunverðar en boðið upp á valkosti.
Nánari upplýsingar á islandshotel.is/tilbod

EINSTAKT VERÐ
Í HAUST & VETUR

2 nætur – frá 21.930 kr.

3 nætur – frá 30.960 kr.
á sama hóteli

Tilboðin eru í gildi til 31. desember
og hægt að bóka gistingu til
30. apríl 2021.

FERÐA-
GJÖF

EINFALT AÐ BÓKA Á VEFNUM OKKAR: ISLANDSHOTEL.IS/TILBOD

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast sendið okkur tölvupóst á bokun@islandshotel.is

Galdurinn er vír á rúllu

Pegar haustar skiptir Ísland litum og verður að gullakistu fyrir fagurkera sem njóta þess að tína náttúruskraut til heimilisprýði og stásslagra slots.

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Það er einstaklega huggulegt og hlýlegt að prýða heimilið með fallegum haustkransum og njóta litadýrðar haustdaganna heima," segir Elísa Ó. Guðmundsdóttir, blómahönnuður og eigandi blómabúðarinnar 4 árstíðir.

Elísa segir rakið að njóta fagurrar árstíðarinnar með gönguferðum um litríkt landslagið og tína þar til efnivið í haustkransa og haustskreytingar.

„Nú er rétti tíminn til að víða að sér efnivið úr náttúrunni áður en allt fellur undir. Að hafa augun opin fyrir fallegum laufblöðum, lyng, berjum og stráum og í raun hverju sem til fellur og gleður augað. Það er sívinsælt að gera sér hurðarkrans í haustlitunum og margir gera sér haustkransa til að hafa inni við," upplýsir Elísa.

Íslensk náttúra sé rík af heillandi efnivið í haustskreytingar.

„Þetta er spennandi fönðurefni sem þornar oftast vel, en það er helst greni sem sem getur hrúnið af og misst barrnálnar. Þessi árstíð er svo falleg og það má í raun taka hvað sem er í kransagerðina," segir Elísa, sem hefur glóggst auga fyrir samsetningu blómaskreytinga og haustkransa, eins og sjá má á myndunum.

„Best er að vinna kransinn þétt og hafa meira efni í honum en minna, því haustkransar rýrna alltaf aðeins. Þá er fyrir öllu að binda kransana þétt og vinna þá

Ég bý gjarnan til minn eigin hring eða undirlag úr gömlum dagblöðum sem ég bleyti og móta í hring sem ég bind fast saman.

áður en efnivið þornar. Þá hrynur minna úr þeim, maður nær betra haldi, útkoman verður góð og kransinn endist lengur."

Þurrkuð strá nú í tisku

Ef ekki verður komist í kransagerðina strax er gott að varðveita efniviðinn með því að leggja hann í kassa og geyma í kaldri farangursgeymslu bils yfir nótt.

„Ef lauf sem tind voru á ferðalaginu eru ekki þegar blaut má hafa svolitinn raka á þeim en í raun dugur kuldinn til og viðheldur öllu fersku og blautu í nokkra daga," segir Elísa sem hefur ráð undir rífi hverju þegar kemur að vel heppnaðri kransagerð.

„Fyrst þarf að huga að góðri undirstöðu sem er annað hvort tágahringur, sem margir eiga frá jólum, eða að búa til sitt eigið undirlag úr pappmassa, sem ég geri gjarnan. Þá nýtir maður dagblöð með því að bleyta þau og móta í hring sem maður bindur fast saman."

Elísa heldur áfram: „Galdurinn við vel heppnaðan krans er vír á rúllu í stað lausra víra. Góð virrúlla er lykill að góðri



Blómahönnuðurinn Elísa kann þá list betur en margur að gera gullfallega haustkransa. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Elísa hefur efniviðinn ríkulegan og þéttvafinn í þessum glæsilegu haustkrönsum því kransar eigi það til að rýrna.



endingu og útkomu, en ef maður notar lausa víra er maður alltaf að byrja upp á nýtt, festa þá og ganga frá. Þá verður kransagerðin miklum mun auðveldari ef maður er búinn að klippa niður allt sem nota á í kransinn fyrir fram og hafa tilbúið í kringum sig. Þá þarf maður ekki sífellt að sleppa takinu til að klippa og sækja sér efnivið heldur getur jafnóðum náð í hann

og fléttað inn í kransinn. Maður notar svo virrúlluna til að vefja utan um kransinn, byrjar á að festa vírinn vel á hringinn til að fá gott hald og leggur svo haustlauf, ber, lyng og hvað eina fallett að eigin smekk og vild yfir vírinn sem maður færir niður og heldur áfram að raða á kransinn þar til hann er tilbúinn," útskýrir Elísa. Hún segir tiskustrauma fáa

þegar kemur að haustkrönsum. „Fólk sækist eftir haustlitunum og því sem náttúran gefur af sér á þessum árstíma. Sumir vilja finlegan krans sem samanstendur eingöngu af laufum og nú eru þurrkuð strá í tisku sem er gnótt af úti og tilvalin í haustkransa. Aðrir kjósa stór ber og skrautlegri kransa og allt er það jafn heillandi, fallett og móðins."

Borgarferð í hjarta Reykjavíkur

Hótel 1919 er staðsett í hjarta borgarinnar og því kjörinn áfangastaður fyrir þau sem vilja njóta alls þess besta sem borgin hefur upp á bjóða, en möguleikarnir á afþreyingu eru ótæmandi.

Nú þegar haustar og stemningin í venjulegu ári væri að horfa til borgarferða með vinunum, fjölskyldunni eða makanum, þá vonumst við til þess að landar okkar horfi meira til þess að upplifa það sem Reykjavík hefur upp á að bjóða," segir Valgerður Ómarsdóttir, hóteltjóri hjá Radisson Blu, 1919 hóteli. „Ég held við finnum öll hvað fólk þráir að komast út af heimilinu og hitta vinahópinn, fagna stórafmælum og gera sér dagamun."

Öryggið í fyrirrúmi

Hótel 1919 hefur undanfarna mánuði lagt ríka áherslu á skjót og vönduð viðbrögð sem miða að því að tryggja öryggi gesta og starfsfólks til hins itrasta. „Við förum strax í vor í mjög viðamiklign vottunarferli á okkar hreingringarferlum í samstarfi við SGS, sem er alþjóðlegt fyrirtæki og í samstarfi við Radisson hótelskjöna. Við viljum vera viss um að við séum að bjóða bæði okkar gestum og okkar starfsfólki upp á eins öruggt umhverfi og við mögulega getum og á sama tíma halda áfram að taka þátt í að skapa ljúfar minn-



Valgerður segir tilvalið að kynna borginni á nýjan hátt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ingar fyrir gesti okkar," skýrir Valgerður frá, en ferlið felur meðal annars í sér tuttugu skrefa viðbragðsáætlun.

Staðsetning hótelsins er þá ein sú besta sem á verður kosið. „Hótel 1919 er staðsett í einu fallegasta húsi borgarinnar og á einum besta stað í bænum fyrir borgarferð. Við heidruðum 100 ára sögu hússins

með endurnýjun á öllum herbergjum hótelsins á síðasta ári. Herbergin og svíturarnar endurspeglar notalega skandinavíska hönnun sem er hönnuð til að auka upplifun og þægindi gesta. Herbergin eru mjög mismunandi að stærð og gerð og setur hin mikla lofthæð í húsinu mikinn svip á þau.

Við viljum vera viss um að við séum að bjóða bæði okkar gestum og starfsfólki upp á eins öruggt umhverfi og við mögulega getum.

Hið fullkomna ferðalag

Valgerður segir upplagt að gera sér glaðan dag en hótelið er umkringt veitingastöðum og verslunum, auk þess að vera nálægt höfninni, tjörninni og raunar hverju sem hugurinn gírnist. „Í miðbænum eru fjölmargir og fjölbreyttir möguleikar í boði þegar kemur að matarupplifun, viðburðum og að njóta saman. Við mælum eindregið með því að sofa út og röla svo á einn af þeim fjölmörgu veitingastöðum sem bjóða upp á bröns, en þeim fjölgar hratt nú þegar liður

á haustið. Hið nýja Hafnartorg við hlið hótelsins býður svo upp á fjölbreytta flóru af verslunum og frábært að geta verslað og losað sig svo við pokana upp á herbergi áður en haldið er áfram í næstu búð eða í happy hour."

Á komandi vikum séu mörg tilefni til þess að brjóta upp hversdaginn, njóta og skapa nýjar minningar í góðum félagskap. „Það er alveg tilvalið að skella sér í adventuferð í borginni, versla jólagjafirnar og fara á jólahlaðborð. Svo eru einnig vetrarfrí framundan í skólunum og svo margt í boði fyrir krakka í borginni og þau kunna ekki síður að meta að fara í frí á hóteli."

Nú sé tíminn og tækifærið til að gera vel við sig og aðra. „Við erum með tilboð á gistingu frá kr. 14.900 þessa dagana og vonum að við fáum að dekra við sem flesta í vetur. Svo eru gjafabréf í gistingu frábær hugmynd sem tækifærisgjöf eða í jólapakkann."

Á Fésbókarsíðu hótelsins eru allar nánari upplýsingar um tilboðin á hverjum tíma.



KÓPAVOGSBÆR LEITAR AÐ LEIÐTOGUM

Í stefnu Kópavogsbæjar segir að hlutverk sveitarfélagsins sé að tryggja lífsgæði íbúanna með góðri og fjölbreyttri þjónustu. Með það að markmiði samþykkti bæjarstjórn nýverið breytingar á skipuriti bæjarins sem fela í sér stofnun nýs sviðs, fjármálasviðs, svo að rekstur og stjórnslusvið sveitarfélagsins verði enn skilvirkari. Skipurit Kópavogs telur því fimm svið. Tvö stoðsvið; stjórnslusvið og fjármálasvið og þrjú fagsvið; menntasvið, velferðarsvið og umhverfissvið.

SVIÐSSTJÓRI STJÓRNSÝSLUSVIÐS

Stjórnslusvið hefur yfirumsjón með þeirri þjónustu sem bæjarskrifstofur Kópavogs veita íbúum sveitarfélagsins og öðrum sem til þeirra leita með þjónustulund og vandaða málsmeðferð að leiðarljósi. Helstu verkefni stjórnslusviðs eru stjórnslusvið, lögræðitengd málefni, mannauðsmál, menningarmál, stafræn þróun, rekstur þjónustuværs auk nýsköpunar og þróunar. Sviðsstjóri stjórnslusviðs fer því með forystu- og samþæfingarhlutverk í stjórnslu og þjónustu bæjarins.

Helstu verkefni sviðsstjóra

- Dagleg stjórnun og rekstur stjórnslusviðs
- Ábyrgð á virkni stjórnkerfis bæjarins og yfirumsjón með miðlægrri stjórnslu og stoðþjónustu
- Ábyrgð á að stefnumörkun bæjarstjórnar sé fylgt eftir með upplýsingamiðlun og stoðþjónustu við fagsvið bæjarins
- Stuðla að lýðræðislegum stjórnunarháttum með því að auka gegnsæi og styrkja upplýsingaflæði
- Undirbúningur funda bæjarráðs og bæjarstjórnar
- Ábyrgð, ásamt bæjarstjóra, á því að ákvörðunum bæjarráðs og bæjarstjórnar sé fylgt eftir innan stjórnslunnar
- Staðgengill bæjarstjóra í fjarveru hans

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf sem hentar starfseminni. Framhaldsmenntun kostur
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Farsæl reynsla af stjórnun ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnslu, stefnumótun og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af rekstri og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af samningagerð
- Framsýni, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar
- Hæfni til að miðla þekkingu og upplýsingum á íslensku og ensku

SVIÐSSTJÓRI FJÁRMÁLASVIÐS

Fjármálasvið mun sinna undirbúningi fjárhagsáætlunargerðar, fjárstýringu, reikningshaldi, launamálum auk þess sem ný deild, innkaupadeild, verður til með skipulagsbreytingunum. Nýr sviðsstjóri fjármálasviðs veitir hagkvæmum innkaupum forystu um leið og hann leiðir eftirlit með innkaupaferlum bæjarins og að þeim sé fylgt í hvívetna. Þá sér fjármálasvið um að veita bæjarráði glöggar upplýsingar um stöðu reksturs og framkvæmda í hverjum mánuði. Sviðsstjóri fjármálasviðs er öðrum sviðsstjórum til ráðgjafar í fjármálum einstakra sviða og tryggir að sett séu metnaðarfull markmið í rekstri þeirra.

Helstu verkefni sviðsstjóra

- Dagleg stjórnun og rekstur fjármálasviðs
- Fjárstýring og rekstur bæjarsjóðs
- Ábyrgð á gerð fjárhagsáætlunar og þriggja ára áætlunar bæjarsjóðs fyrir A- og B-hluta
- Ábyrgð á öllu fjárstreymi í rekstri bæjarsjóðs
- Yfirumsjón með áætlanagerð og eftirfylgni
- Ábyrgð á reikningshaldi og uppgjörum
- Umsjón með innkaupum til rekstrar og framkvæmda í samræmi við innkaupastefnu
- Ábyrgð á útreikningum og greiðslu launa og yfirsýn, umsjón og eftirlit með kjarasamningum og framkvæmd þeirra

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf á sviði fjármála, viðskipta eða reksturs. Framhaldsmenntun kostur
- Leiðtogahæfileikar og framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Viðtæk þekking og reynsla af fjármálum, rekstri og áætlanagerð
- Farsæl reynsla af stjórnun og mannaforráðum
- Þekking og reynsla af samningagerð
- Þekking og reynsla af rekstri innan fyrirtækis eða opinberrar stofnunar
- Þekking og reynsla af stefnumótun ásamt reynslu af því að leiða breytingar
- Sjálfstæði, metnaður, frumkvæði og skipulagshæfileikar

Umsóknarfrestur er til **5. október**. Nánari upplýsingar á www.hagvangur.is.

HAGVANGUR

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is

HAGVANGUR

Sérhæfð störf hjá Þroska- og hegðunarstöð



Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins auglýsir eftir sérhæfðu starfsfólki á sviði taugaproska og hegðunarvanda barna og unglunga.

Viltu verða hluti af teymi á Þroska- og hegðunarstöð og taka þátt í að efla þjónustu og stytta biðlista með fjölgun fagaðila? Boðið er upp á fjölbreytt störf í örvandi starfs- umhverfi og góðum starfsanda.

Störfín eru tímabundin til 1 árs, með möguleika á framlengingu.

Þroska- og hegðunarstöð er miðlæg, sérhæfð starfseining innan HH þar sem þverfaglegur starfshópur sinnir m.a. greiningu, ráðgjöf, meðferð, fræðslu, rannsóknum, framþróun og starfsþjálfun vegna barna sem hafa frávik í taugaproska, hegðun og/eða líðan. Markhópur starfseinnar eru 6-18 ára börn.

Læknir (20-100%)

Starf læknis felst einkum í greiningu, ráðgjöf og meðferð barna með þroska-, hegðunar- og geðheilbrigðisvanda í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga stöðvarinnar.

Hæfniskröfur

- Sérfræðimenntun í barna- og unglíngageðlækningum eða barnalækningum
- Staðgóð þekking, reynsla og/eða áhugi á greiningu og meðferð barna með geðheilbrigðisvanda

Hjúkrunarfræðingur (80-100%)

Starf hjúkrunarfræðings felst einkum í þátttöku í þverfaglegri greiningu á ADHD og skyldum röskunum, viðtölum og eftirfylgd vegna lyfjameðferðar.

Hæfniskröfur

- Þekking og reynsla af vinnu með börnum og foreldrum
- Þekking á þroska og hegðun barna og unglunga og algengum vanda svo sem ADHD og kvíða
- Reynsla af barnageðhjúkrun, skólahjúkrun og/eða barnahjúkrun æskileg

Sálfræðingar (80-100%) – 2 stöður

Starf sálfræðinga felast einkum í greiningu, ráðgjöf, fræðslu og hópmeðferð barna með frávik í þroska, hegðun og líðan í þverfaglegu samstarfi við aðra sérfræðinga stöðvarinnar.

Hæfniskröfur

- Reynsla af þverfaglegri teymisvinnu við greiningu ADHD, einhverfurófsraskana, hegðunarvanda, kvíða og skyldra raskana
- Reynsla af notkun helstu greiningartækja fyrir börn og ungmenni
- Sérfræðiviðurkenning á sviði barnasálfræði eða sérhæfing á sviði þroska-, geð- og hegðunarvanda hjá börnum æskileg

Umsóknarfrestur er til og með 1.10.2020

Nánari upplýsingar veitir
Gyða Haraldsdóttir

gyda.haraldsdottir@heilsugaeslan.is

513-5150



Sjá nánar á www.heilsugaeslan.is undir laus störf og www.starfatorg.is

Við erum að leita að þér!



Óskum eftir að ráða **verkefnastjóra fráveitu** í Reykjanesbæ. Nánari upplýsingar á www.reykjanesbaer.is undir laus störf. Umsóknarfrestur er til og með **30. september 2020**.



Hjálparstarf kirkjunnar auglýsir eftir verkefnisstýru fyrir opið hús fyrir konur sem verður rekið í anda hugmyndfræði um skaðaminnkandi nálgun

Verkefnisstýra leiðir starf fyrir konur sem ekki eiga í örugg hús að venda á daginn. Um er að ræða fullt starf. Starfsemi í opnu húsi á að vera í gangi mánudaga til föstudaga. Markmið er að mæta hverri og einni þar sem hún er stöð af virðingu og kærleika. Gengið er út frá því að konurnar sjálfar taki þátt í að móta starfið.

Reiknað er með verkefnisstýru í fullu starfi.

Helstu verkefni

- Móta og leiða starf í opnu húsi fyrir konur
- Einstaklingsviðtöl og ráðgjöf
- Meta félagslegar aðstæður, veita ráðgjöf og stuðning
- Einstaklingsbundin virkniúræði
- Samstarf við stofnanir og fagaðila
- Þátttaka í kynningu á starfinu

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum, lipurð og hlýleiki
- Sjálfstæð vinnubrögð og skipulagshæfileikar

Gott væri ef viðkomandi gæti hafið störf sem fyrst.

Umsóknir sendist á netfangið: starf@help.is.

Umsóknarfrestur er til 30. september 2020.

Nánari upplýsingar: Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri, bjarni@help.is og Vilborg Oddsdóttir umsjónarmaður innanlandsstarfs, vilborg@help.is. Sími 528 4400.

SÉRFRÆÐINGUR Í AÐGENGISMATI



Lyfjastofnun
Icelandic Medicines Agency

Lyfjastofnun auglýsir laust starf sérfræðings í lyfjagátar- og aðgengismatsteymi. Teymið heyrir undir matsdeild á skráningarsviði. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er reiðubúinn að vinna fjölbreytt og krefjandi starf. Starfshlutfall er 100% eða eftir samkomulagi. Markmið aðgengismats er að tryggja að lyf uppfylli þær kröfur sem gerðar eru varðandi aðgengi og þar með öryggi og verkun.

HELSTU VERKEFNI OG ÁBYRGÐ:

- Mat á aðgengisgögnum og ritun matsskýrsla vegna umsókna um markaðsleyfi lyfja
- Mat á samantekt á eiginleikum lyfja og fylgiseðla í tengslum við aðgengismat
- Þátttaka í EES samvinnu t.d. vísindaráðgjöf
- Önnur verkefni sem heyra undir teymið/deildina

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR:

- Meistarapróf í lyfjafræði, lyfjavísindum, líffræði eða sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla sem nýtist í starfi
- Nákvæm, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði, sveigjanleiki og lausnamiðaðir vinnuhættir
- Mjög góð samskipta- og samstarfshæfni
- Mjög gott vald á ensku í ræðu og riti
- Góð tölvukunnátta


Lyfjastofnun er ríkisstofnun sem heyrir undir heilbrigðisráðherra

Helstu hlutverk hennar eru að gefa út markaðsleyfi fyrir lyf á Íslandi í samvinnu við lyfjafirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu, hafa eftirlit með lyfjafyrirtækjum og heilbrigðisstofnunum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega upplýsingagjöf um lyf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda. Hjá Lyfjastofnun starfa um 70 starfsmenn. Lyfjastofnun leggur áherslu á gott vinnuumhverfi, starfsþróun og framfylgir stefnu um samræmingu fjölskyldulífs og vinnu.

Gildi Lyfjastofnunar eru gæði – traust – þjónusta

Farið verður með allar fyrirspurnir og umsóknir sem trúnaðarmál og þeim svarað. Umsókn þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf. Sótt er um starfið á www.alfred.is.

Umsóknarfrestur er til og með 28.09.2020. Nánari upplýsingar um starfið veita Guðrún Stefánsdóttir, teymisstjóri lyfjagátar og aðgengismatsteymis: guðrun.stefansdottir@lyfjastofnun.is og í síma: 520-2100



BYGGINGARFULLTRÚI

Sameinað sveitarfélag Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótaldshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar óskar eftir að ráða byggingarfulltrúa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í nýju sveitarfélagi. Leitað er að öflugum einstaklingi sem sýnir metnað og frumkvæði í starfi. Næsti yfirmaður er framkvæmda- og umhverfismálastjóri.

Helstu verkefni:

- Byggingareftirlit og umsjón með byggingarmálum sveitarfélagsins
- Ráðgjöf er varðar byggingarmál ásamt móttöku og afgreiðslu á byggingarleyfisumsóknum
- Framkvæmd úttekta og útgáfa leyfa ásamt staðfestingu eignaskiptayfirlýsinga
- Samskipti við hagsmunaaðila
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af framkvæmda- og umhverfismálastjóra sameinaðs sveitarfélags

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Viðkomandi skal hafa löggildingu sem hönnuður skv. 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010
- Góð þekking og reynsla á sviði byggingarmála æskileg
- Mikil samskipta- og samstarfshæfni
- Frumkvæði og öguð vinnubrögð
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta

SKIPULAGSFULLTRÚI

Sameinað sveitarfélag Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótaldshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar óskar eftir að ráða skipulagsfulltrúa til starfa. Um er að ræða fjölbreytt og áhugavert starf í lifandi umhverfi. Næsti yfirmaður er framkvæmda- og umhverfismálastjóri.

Helstu verkefni:

- Umsjón skipulagsmála í sveitarfélaginu
- Útgáfa framkvæmdarleyfa og gerð umsagna um skipulags- og byggingaerindi
- Umsjón með grenndarkynningu deiliskipulagsbreytinga og byggingaleyfa
- Auglýsir skipulagslýsingar og skipulagsbreytingar lögum samkvæmt
- Lögformleg afgreiðsla erinda og eftirfylgni mála
- Upplýsingagjöf og samskipti við íbúa, kjörna fulltrúa og aðra hagsmunaaðila
- Önnur verkefni sem viðkomandi er falið af framkvæmda- og umhverfismálastjóra sameinaðs sveitarfélags
- Umsjón með vinnu við gerð aðalskipulags sameinaðs sveitarfélags

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, svo sem arkitekt, landslagsarkitekt eða skipulagsfræðingur
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi æskileg
- Umsækjandi skal uppfylla menntunar- og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013
- Reynsla af starfi tengdu skipulagsmálum er skilyrði
- Þekking á opinberri stjórnsýslu æskileg
- Frumkvæði í starfi, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni og hæfni í framsetningu efnis
- Góð almenn tölvukunnátta

Umsóknir fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Við hvetjum áhugasama til að sækja um óháð kyni og uppruna.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknir óskast fylltar út á vef Hagvangs www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 25. september 2020. Nánari upplýsingar veitir Geirlaug Jóhannsdóttir, geirlaug@hagvangur.is.

 HAGVANGUR

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

hagvangur.is



 HAGVANGUR



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstpjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 30 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða í stöðu sérfræðings við eftirlit með öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og fjarskiptafyrirtækja

Póst- og fjarskiptastofnun hefur eftirlit með net- og upplýsingaöryggi fjarskiptafyrirtækja, stafrænna grunnvirkja og veitenda stafrænnar þjónustu í samræmi við fjarskiptalög og ný lög um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða (NIS-laga). Þá gegnir stofnunin ráðgefandi samhæfingarhlutverki gagnvart öðrum eftirlitsstjórnvöldum í því skyni að stuðla að samræmdri framkvæmd eftirlits á sviði netöryggis.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Uppbygging á aðferðarfræði eftirlits með öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða og fjarskiptafyrirtækja.
- Framkvæmd úttekta á öryggisskipulagi aðila og gerð prófana á grundvelli fjarskiptalaga og NIS-laga.
- Rannsókn á alvarlegum atvikum (netarásum) sem verða í net- og upplýsingakerfum eftirlitsskyldra aðila.
- Þátttaka í uppbyggingu á samhæfingarhlutverki PFS og samvinna við önnur eftirlitsstjórnvöld við framkvæmd eftirlits.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða sambærilegu.
- Reynsla á sviði öryggismála net- og upplýsingakerfa, t.a.m. framkvæmd prófana og/eða úttekta, svo sem á grundvelli staðla, er kostur.
- Þekking á stafrænum innviðum og stafrænni þjónustustarfsemi er kostur.
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi.
- Umsækjendur þurfa að geta unnið undir álagi og hafa tamið sér skipulag í vinnubrögðum.
- Góð íslensku og enskukunnátta, bæði töluð og í rituðu máli, er áskilin.

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og viðkomandi stéttarfélag hafa gert.

Umsóknarfrestur er til og með 28. september nk. Umsjón með starfinu hefur Unnur Kristín Sveinbjarnardóttir, fagstjóri samhæfingar net- og upplýsingaöryggis, tölvupóstur: unnur@pfs.is. Umsóknir óskast fylltar út á Starfatorgi.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs. Umsækjandi þarf að gangast undir og standast bakgrunnsskoðun og öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

Póst- og fjarskiptastofnun lítur svo á að umsókn gildi í 6 mánuði frá dagsetningu hennar, nema umsækjandi ákveði umsókninni skemmri gildistíma.



www.skra.is
www.island.is

Sviðsstjóri skrifstofu forstjóra

Þjóðskrá Íslands leitar að framsæknum og reyndum leiðtoga til að stýra skrifstofu forstjóra. Undir sviðið heyrir innleiðing stefnu stofnunarinnar, mannauðsmál, fjármál, rekstur, gæða- og öryggismál og persónuverndarmál. Um er að ræða spennandi starf þar sem viðkomandi gefst tækifæri til að móta stefnu og skipulag, sem og þróa og innleiða nýja ferla.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Stjórnun og skipulagning sviðsins
- Áætlunargerð, stefnumótun og framkvæmd á stefnu stofnunarinnar
- Samstarf og stuðningur við önnur svið stofnunarinnar er varða ábyrgðarsvið sviðsins
- Tengiliður við ráðuneyti og önnur stjórnvöld

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, framhaldsmenntun er kostur
- Marktæk stjórnunar- og rekstrarreynsla er skilyrði
- Marktæk reynsla af stefnumótun, markmiðasetningu og innleiðingu stefnu
- Marktæk reynsla af fjármálastjórnun og áætlanagerð
- Marktæk reynsla af opinberum rekstri og þekking á lögum um opinber fjármál
- Reynsla af mannauðsstjórnun er kostur
- Reynsla af straumlínustjórnun er kostur
- Þekking á ISO27001 og persónuverndarlöggjöf er kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Góðir skipulagshæfileikar, leiðtogahæfni, framsýni og drifkraftur í starfi
- Metnaður, skipulagshæfileikar og geta til að hafa yfirsýn og umsjón með verkefnum
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti

Hlutverk Þjóðskrár Íslands er að greiða götu fólks og fyrirtækja í samfélaginu og gæta upplýsinga um réttindi þeirra og eignir. Við sinnum því með því að safna, varðveita og miðla upplýsingum um fólk, mannvirki og landeignir. Innan starfs sviðs þjóðskrár Íslands er rekstur fasteignaskrár og þjóðskrár, útgefið fasteignamat og brunabótamat og umsjón með útgáfu vegabréfa. Við leggjum ríka áherslu á jákvæð samskipti og góða samvinnu sem er undirstaða góðrar þjónustu. Við teljum eftirsóknarvert að fá til liðs við okkur þá sem vilja starfa í anda gilda okkar um virðingu, sköpunargleði og áreiðanleika. Við kunnum vel að meta frumkvæði, nákvæmni og hraða í vinnubrögðum og nýtum aðferðir straumlínustjórnunar til að gera betur í dag en í gær. Við hvetjum öll kyn til að sækja um.

Um er að ræða fullt starf og laun samkvæmt gildandi kjarasamningi. Umsóknarfrestur er til og með 5. október 2020.

Umsóknnum skulu fylgja starfsferilsskrár og kynningarbréf. Umsóknir óskast sendar í Alfreð ráðningarkerfi. Athygli er vakin á því að umsóknir geta gilt í 6 mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út. Öllum umsóknnum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Margrét Hauksdóttir, forstjóri, netfang mh@skra.is.

Þjóðskrá Íslands hefur tvær starfsstöðvar, á Akureyri og í Reykjavík. Starfið getur verið staðsett á báðum stöðum.

Deildarstjóri fjárreiðudeildar



„Ég kem frá ágætlega fínu heimili. Blóðfaðir minn var ekki alltaf til staðar. Hann er samt yndislegur maður, sjómaður og hugsar smá eins og þorskur," segir Sigggi og hlær.

„Svo á ég systur sem er tveimur árum eldri en ég sem heitir Salný Sif og er best. Ég elska hana mikið. Við eigum í góðum samskiptum. Svo á ég þrjá bræður, Gabriel, Kristin og Andra, sem eru allir yndislegir.“

Sigggi var þriggja ára þegar stjúpfadur hans kom inn í líf fjölskyldunnar.

„Hann var mikið til staðar þegar ég var barn og er pabbi yngri bróður míns. Þó að við séum ekki í miklu sambandi er ég honum þakklátur. Ein skemmtilegasta minning sem ég á úr æsku var þegar hann fór með mig á fótboltamót og við grilluðum pylsur.“ Sigggi álasar ekki því fólki sem um tíma gafst upp á að hann næði bata, eða hafi neyðst til að taka þá ákvörðun að slíta samskipti við hann.

Heimilislífið á þessum tíma var nokkuð edlilegt, að sögn Sigga.

„Það voru kannski ekki til miklir peningar en mamma gerði alltaf sitt besta og við vorum þakklát fyrir það sem við fengum. Ég þældi ekkert endilega í því sem skorti.“

Sárt að missa stjúpföður

Þegar móðir Sigga og stjúpfadur slitu samvistum fékk hann loforð um að þeir fengju að hittast þrátt fyrir að sambandinu væri lokið. Það varð ekki raunin.

„Það særði mig mikið enda hafði ég lítið á hann sem pabba minn í mörg ár. Ég hitti hann reglulega af því að hann er pabbi litla bróður míns og hef kannski farið út að borða með honum nokkrum



Sigurður Rósant segir fíkniefnaneysluna hafa þróast mjög hratt og að hann hafi verið farinn að nota kannabis daglega aðeins 13 ára gamall.
FRÉTTABLAÐIÐ/
VALLI



MAMMA SAT VIÐ RÚMIÐ

HJÁ MÉR ALLAN TÍMANN.

HÚN HLUSTAÐI EKKI Á

LÍKUR OG TÖLFRÆÐI,

HELDUR VONINA.

sinnum síðan. En alltaf þegar við hittumst þá hugsa ég um að ég elski hann og vonandi elskar hann mig líka. Hann er góður maður.“

Sigggi lýsir sér sem ofvirkum krakka sem hafi aldrei fengið þá aðstöð sem hann telur að hann hefði þurft á að halda. Hegðun hans hafi einfaldlega verið túlkuð sem óþekkt.

„Ég fékk ekki þessa athygli sem ég þurfti og fannst eins og tilfinningar mínar væru ekki viðurkenndar. Þannig festist ég í einhverri stanslausri vanlíðan. Ég fann mig svo eiginlega í því að vera þakklátur og með vesen," segir hann og bætir við að hegðunin hafi svo versnað með árunum.

„Málið er að ég hef alltaf verið góður gaur, trúi ég. Jú, ég hef átt mín tímabil og hef auðvitað lifað glæpalífi. En ég hef alltaf reynt að vera góður maður.“

Sigggi segist fyrst hafa reykt kannabis þegar hann var tólf ára gamall.

Aðeins tveimur árum síðar sprautaði hann sig í fyrsta sinn með fíkniefnum.

„Ég notaði bara það sem var í boði. Ég var byrjaður að reykja kannabis daglega þegar ég var þrettán ára. Þetta þróaðist mjög hratt. Mig vantaði einhvern til að leggja mér línurnar, en það eina sem gerðist var að ég var skammaður og það fór þveröfugt í mig. Ég fékk ekki réttu skilaboðin um lífið.“

Hann viðurkennir að ákveðin áhættu- og adrenalínfíkn hafi leitt hann áfram á þessum árum.

Krakki var ég til dæmis alltaf að brjótast inn í skólann minn, bara til að upplifa spennuna. Ég var ekki einu sinni að ræna neinu heldur bara að brjótast inn til að brjótast inn.“

Sigggi þótti einn af fremstu hjólabrettamönnum landsins.

„Sama í hvaða ástandi ég var, þá

hélt ég alltaf áfram að skeita. Þó að maður hafi byrjað ungur að fíka við þessi hörðu efni þá voru það alltaf bara tímabil. Núna eru mörg ár síðan ég hef sprautað mig," segir hann en bætir svo við: „Fyrir utan eitt skipti fyrir þremur árum.“

Niðurbrotin en ekki í neyslu

Það birtir yfir Sigga þegar hann er bedinn að lýsa móður sinni.

„Hún var alltaf til staðar. Kærleikurinn var hennar leiðarljós í lífinu. Sama hvornig aðrir komu fram við hana, þá sýndi hún alltaf kærleik til baka. Nánast eins og hún væri að safna karma, hún var góð í gegn.“ Sigggi segir móður sína aldrei hafa átt í vandræðum með áfengi eða fíkniefni en farið hafi að falla undan fæti þegar hann var í kringum niú ára aldurinn.

„Það sem braut hana mest var

Framhald á síðu 32 ►

SÓMI

Sóma Veislubakkar

★ FERSKAR HUGMYNDIR ★

— FYRIR VEISLUR OG FUNDI —

GAMLI GÓÐI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt,
eggjasalat.
Roastbeef,
remúlaði,
steiktur laukur.
Rækjusalat.

EDALBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Hangikjöt, lauk-
sósa, salatmix.
Beikon, egg, steiktir
ferskir sveppir.
Kjúklingur, rautt
pestó, sýrður rjómi,
paprika, salatmix.

LÚXUSBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

Kalkúnn, beikon,
tómatar, sinnepssósa.
Kjúklingur,
egg, lauksósa.
Reyktur lax, íssalat.

PÍTUBAKKI



24 bitar
fyrir 5 manns

Tikka masala
kjúklingur
og íssalat.
Reykt skinka.
Eggja- og íssalat.

PARTÝBAKKI



20 bitar
fyrir 5 manns

BBQ kjúklingur,
bakaðar sætar
kartöflur, spinat.
Fetaostur, rauð-
laukur, spinat.
Heitreyktur lax,
ferskt dill, spinat,
lauksósa.

VEISLUBAKKI



30 bitar
fyrir 5 manns

Reykt skinka,
egg, íssalat.
Tikka masala
kjúklingur, íssalat.
Kjúklingaskinka,
smurostur, ofnakaðir
tómatar, salatmix.

ÁVAXTABAKKI



40 - 60 bitar
fyrir 5 - 8 manns

Mangó, ananas,
melónur, vínber
og fleiri góðir
ávextir allt
eftir árstíðum
og framboði.

DESERTBAKKI



50 bitar
fyrir 10 manns

Vatnsdeigsbollur
fylltar með
vanillukremi.
Kókostoppur
með súkkulaði.

KÖKUBAKKI



24 bitar
fyrir 10 manns

Súkkulaðikaka
með mjúku
súkkulaðikremi.
Gulrótarkaka með
rjómaostakremi.
Eplakaka með
kanilkeim.

Við höfum ferska og ljúffenga veislubakka með fjölbreyttum brauðréttum, tortillum, kökum og ávöxtum á boðstólum. Það er auðvelt að velja og panta á netinu og við bjóðum fría

heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu ef pantaðir eru 4 bakkar eða fleiri. Athugið að panta þarf bakkana eigi síðar en kl. 15:30 næsta virka dag fyrir afhendingu.

Pantaðu í
síma 565 6000
eða á somi.is

FRSKT Á FERÐINI ★ FRESH TO GO



Siggi segir að sér hafi alltaf liðið eins og eitthvað vantaði og verið í sífelldri leit að samþykki. Í dag langar hann að gefa syni sínum allt það sem hann fékk ekki sjálfur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framhald af síðu 32 ◀

þegar henni var neitað um að hitta yngri bróður minn. Því var meðal annars logið upp á hana að hún hefði verið í neyslu. Það er alls ekki satt.“ Siggi segir mann hafa komið inn í líf móður sinnar sem hafi haft slæm áhrif á fjölskylduna. „Það var svo ótrúlega margt erfitt sem gerðist,“ segir Siggi.

„Mamma þráði líka öryggi. Hún starfaði sem tækniteiknari og hafði ekki mikið á milli handanna.“

Í nokkur ár voru Siggi og móðir hans ósátt og töluðust minna við. Það gerðist í kjölfar þess að hún ákvað að flytja til Noregs, án Sigga, sem upplifði það sem útskúfun.

„Þá flutti ég til ömmu sem er yndisleg manneskja, samt svolítið fyndin,“ segir hann og hlær. „Þetta var náttúrulega flókið, ég var eins og ég var. Ég fann frið í því að reykja gras. Ég man eftir því þegar ég reykti í fyrsta sinn og einhver ró rann yfir mig, allur kvíðinn hvarf,“ segir Siggi sem hafði þjáðst af kvíða frá því hann var lítið barn.

Samviskubít gagnvart börnunum Sex ár eru liðin frá því slitnaði upp úr síðasta sambandi móður hans. Siggi segir hana aldrei hafa orðið sama eftir það.

„Eitt skiptið kom ég heim og hún sat ein á miðju gólfinu, óskrandi og rífandi af sér hárið. Ég náði engu sambandi við hana og þetta var ekki eina atvikið. Hún lokaði sig líka af heima hjá sér. Það var á einhvern hátt búið að ná að sannfæra hana um að hún væri rugluð. Hún var orðin svo brotin, marg brotin.“

Samskipti Sigga við móður sína voru þó góð síðustu ár.

„Hún kallaði mig alltaf ljósabarnið sitt. Hún sagði það alltaf við mig þegar við hittumst: „Aldrei gleyma að þú ert ljósabarnið mitt.“ Hún var alltaf til staðar fyrir mig, eða eins mikið og hún gat.“

Hún var alltaf að segja við okkur síðustu árin hvað hún væri miður sín yfir að hafa ekki verið meira til staðar, eða hafa ekki gert meira



OG MÉR LÍÐUR EINS OG

ÉG FINNI ÞETTA TÓM SEM

HEFUR ALLTAF VERIÐ Í

HJARTANU MÍNU FYLLAST

SMÁTT OG SMÁTT, Í HVERT

SINN SEM ÉG GEF HONUM

ÞAÐ SEM ÉG ÞRÁÐI.

fyrir okkur á meðan á þessu erfiða tímabili stóð. Henni leið eins og hún væri fyrir. Hún var í stanslausri baráttu við sjálfa sig.“

Hann segir að það erfiðasta við ásakanirnar í garð móður hans hafi verið sú staðreynd að hún hafi verið farin að trúa þeim sjálf.

„Mamma þorði stundum ekki að vera ein með Leó, son minn, því hún var svo hrædd um að þetta væri satt, að hún væri ekki nógu góð við börn. Það var bara búið að telja henni trú um það. Henni leið eins með dóttur Salnýjar, systur minnar. Hún átti einnig erfitt með að vera hátt uppi í húsi eða annars staðar borti. Það var eitthvað sem tengdist æsku hennar. Hún faldi alla hnifa heima hjá sér því hún var svo taugatrekkt yfir þessu. Ég fann ekki einu sinni brauðhníf heima hjá henni,“ segir Siggi og bætir við að hann hafi upplifað það svo að móðir hans væri alltaf að bíða eftir næsta áfalli.

Hjartahimnubólga af ofneyslu

Fyrir sex árum reif Siggi á sér þindina og fékk hjartahimnubólgu vegna ofneyslu.

„Þá hafði ég tekið alls konar efni og hjartað fór allt í einu á fullt. Á einhvern ótrúlegan hátt lifði ég það af, en ég var mjög veikur eftir þetta og gat hvorki gengið né borðað. Á þeim tíma var ég byrjaður í tónlistinni en heillengi átti ég svo erfitt með að anda að ég gat ekki rappað.“

Það leið hálf tveimur árum eftir að hafa komist í aðgerð vegna þindarslitsins. Það var erfitt, en ég náði mér upp úr því og hélt áfram að vera með Fanneyju.“

Siggi kynntist kærustu sinni og barnsmóður, Fanneyju Ósk Þórisdóttur, um þetta leyti.

„Ég var búinn að vera edru í tvö ár en datt þá aðeins í það eftir að hafa komist í aðgerð vegna þindarslitsins. Það var erfitt, en ég náði mér upp úr því og hélt áfram að vera með Fanneyju.“

Í dái rétt eftir fæðingu sonarins

Fyrir tæpum tveimur árum eignuðust Siggi og Fanney soninn Leó. Hann segir fæðingu Leós hafa verið fallegustu stund lífs síns, en eigin vanlíðan hafði þó varpað skugga á þessa gleðistund.

„Tíu dögum eftir að hann fæddist datt ég í það í eina og hálfu viku. Ég man ekkert frá þeim tíma. Ég endaði í dái í tvær og hálfu viku með nýrnabilun, lifrabilun og súrefnisleysi í heilanum. Að sögn lækna voru líkurnar á að ég lifði af mjög litlar. Um leið og nýrun byrjuðu að taka við sér þóttu allar líkur á því að ég myndi vakna með varanlegan heilaskaða. Fyrstu tvær vikurnar eftir að ég vaknaði úr dáiinu vissi ég ekkert, hvorki hverjir aðrir væru né ég sjálfur. Mamma sat við rúmið hjá mér allan tímann. Hún hlustaði ekki á líkur og tölfræði, heldur vonina.“

María Ósk var handviss um að sonurinn myndi ná sér. Sagði hún Sigga að Guð hefði komið til sín og sagt henni að allt myndi fara vel.

„Nánast allir nema hún voru búnir að missa vonina og kveðja mig.“ Hann segist oft hafa upplifað að þessi trú og tenging Maríu Óskar hafi orsakað hluti sem jaðra við að vera yfirnáttúrulegir.

„Ég þurfti að læra að labba upp á nýtt eftir dáðið og var á Grensá. Mér leið stanslaust illa og var alltaf kalt. Mér var kalt í heilan mánuð. En allt í einu fóru hlutirnir að gerast og ég náði smátt og smátt að braggast.“

Fanney stóð líkt og móðir hans með honum allan tímann.

„Hún kom með Leó upp á hvern einasta dag til mín. Hún þekkir mína sögu og veit hvað mér hefur liðið illa. Mér hefur alltaf liðið eins og eitthvað vanti. Til dæmis eins og þegar það kemur að samþykki. Þegar ég var litill þá hljóp ég beint til mömmu að sýna henni ef ég lærði eitthvað nýtt á brettið og kallaði á hana: „Sjáðu, sjáðu!“ Mig langar bara að vera séður. Mig langar að vera viðurkenndur, fyrir það að vera til.“

Tók út peninga fyrir börnin

Mánuðina áður en María Ósk lést vörðu hún og Siggi mörgum ómetanlegum stundum saman.

„Við hittumst nánast daglega og hún kom alltaf með mér að sækja Leó á leikskólann. Hún lék við hann á meðan ég eldaði mat. Síðustu ár leið henni það illa að hún horfði bara á gólfið. En undir lokin, var farið að birta yfir henni,“ segir hann.

Daginn áður en María Ósk hvarf lék hún við Leó í sandkassanum fyrir utan heimili Sigga á meðan hann eldaði, líkt og svo oft áður.

„Eftir á upplifi ég að hún hafi mögulega fundið einhvern innri frið þegar hún var búin að taka ákvörðunina. Hún vissi sjálf að hún væri loksins að fá frið frá áhyggjunum og sársaukanum. Hún var bara búin að ákveða þetta.“

María Ósk skildi eftir á heimili sínu fjármuni fyrir börnin sín sem hún elskaði svo mikið. Siggi frétti síðar að hún hefði tekið peningana út hálfu ári áður.

„Ég hafði alltaf verið í svo miklu ójafnvægi. Síðan næg mér á réttan kjöl og er á góðum stað í nokkurn tíma. Amma hafði orð á því sjálf, mamma hefði aldrei gert þetta nema af því hún sá að ég var kominn í gott jafnvægi. Hún vildi bara sjá að börnunum hennar liði vel og við værum búin að koma okkur fyrir.“

Að kvöldi 2. júlí síðastliðins var lýst eftir Maríu Ósk í fjölmíðlum. Hún fannst svo látin í bíl sínum í hádeginu daginn eftir.

„Amma hringdi í mig með miklar áhyggjur af mömmu því það var slökkt á símanum hennar. Mamma slökkti aldrei á símanum og ef það gerðist þá fékk amma miklar áhyggjur, því hún vissi hve illa mömmu leið. Síðan hringir litli bróðir minn í mig og segir mér að hún hafi skilið allt eftir, hringana sína, gullúrið, allt saman. Þá fór ég að hágrata,“ rifjar hann upp.

Langar að gefa honum allt

Siggi segir sína nánustu hafa fylgst vel með líðan hans og viðbrögðum.


„Af því ég er náttúrulega eins og ég er. Ég óskraði og vissi ekki hvað ég átti við mig að gera.“

Siggi upplifði mikla vanlíðan í kjölfar fráfalls móður sinnar.

„En ég veit að hún var stolt af mér. Hún var stolt af þeim stað sem ég var kominn á og að það væri hægt að eiga góðar samræður við mig. Þrátt fyrir þetta rugl sem hefur verið á mér, þá sá hún alltaf það góða í mér.“

Hann segir að sér hafi fyrst um sinn þótt erfitt að vera einn með Leó, þar sem móðir hans hafi alltaf verið með þeim.

„Við fjölskyldan erum því dugleg að vera öll saman. Mig langar svo mikið að gefa honum allt sem mig vantaði. Og mér liður eins og ég finni þetta tóm sem hefur alltaf verið í hjartanu mínu fyllast smátt og smátt, í hvert sinn sem ég gef honum það sem ég þráði. Ég vil viðurkenna og samþykka tilfinningar hans og upplifun. Ég vil gefa honum allt sem ég fékk ekki og svo miklu meira til.“



490.-



3299.-



799.-


BÓKA MARKAÐURIN

í Hörpu


10. - 27. SEPTEMBER

ÓTRÚLEGT ÚRVAL • ÞÚSUNDIR TITLA

ÓPIÐ KL. 12 - 20 ALLA DAGA




990.-




990.-



1490.-



990.-



2790.-



690.-



1990.-



990.-

TÍMAMÓT



Elskulegur faðir minn,
tengdafaðir og afi,

Þórður Sigurðsson

fyrirv. yfirlögregluþjónn,
Böðvarsgötu 11,
Borgarnesi,

lést 4. september í Brákarhlíð, Borgarnesi.
Útför hans fer fram frá Borgarneskirkju, 26. september,
kl. 13. Henni verður einnig streymt á www.kvikborg.is.
Þökkum auðsýnda samúð, vináttu og hlýju.

Guðlaugur Þór Þórðarson **Ágústa Johnson**
Þórður Ársæll
Sonja Dís
Anna Ýr
Rafn Franklín



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts og útfarar
ástkærs eiginmanns míns, föður,
tengdafaður, afa og langafa,

Hannesar Haraldssonar

vélvirkjameistara,
Furulundi 47,
Akureyri.

Guðrún Guðmundsdóttir

Haraldur Örn Hannesson

Guðmundur Heiðar Hannesson

Gauti Már Hannesson

Sverrir Hannesson

Hannes Rúnar Hannesson

Björk Birkisdóttir

Herdís Arnórsdóttir

Brynja Eysteinsdóttir

Vilborg Einarsdóttir

Eðvarð Þór Eðvarðsson

afabörn og langafabörn.



Sýningarstjórnir Birgir Örn Jónsson og Signý Þórhallsdóttir sitja hér á ullarbolla frá Ístexi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fátt íslenskara en ullin

Ný sýning sem ber heitið 100% ull verður opnuð í dag í Hönnunarsafninu á Garðatorgi frá klukkan tólf til fimm. Signý Þórhallsdóttir sýningarstjóri lýsir henni nánar.

Upphaflega átti að vera allt önnur sýning hér í Hönnunarsafninu á þessum tíma. Hennar uppruni var framandi, en sá póll var tekinn í hæðina að leggja frekar áherslu á íslenskt efni nú á þessum sérstöku tímum og hvað er íslenskara en ullin? Það fyrsta sem fólk dettur í hug er eflaust handþrjónaðar peysur en ullin er notuð í svo margt fleira og við vildum frekar beina sjónum þangað. Því leitum við uppi hönnuði, handverksfólk og framleiðendur sem nota íslenska ull á margvislegan hátt enda býr hún yfir óendanlegum möguleikum, þó um náttúrulegan og klassískan efnivið sé að ræða.

Það er Signý Þórhallsdóttir hönnuður sem hefur orðið. Hún er annar tveggja sýningarstjóra hinnar nýju sýningar í Hönnunarsafninu, 100% ull. Hinn er líka hönnuður og heitir Birgir Örn Jónsson.

Meðal varnings á sýningunni er fatnaður úr ullarefnum. Þó að verkmiðjuvefnadur heyrir sögunni til hér á landi þá eru enn þrjónaverksmiðjur og ullarvinnslufyrirtækið Ístex er með mikla framleiðslu. Fatahönnuðurinn Magn-



Því leitum við uppi hönnuði, handverksfólk og framleiðendur sem nota íslenska ull á margvislegan hátt enda býr hún yfir óendanlegum möguleikum

ea Einarsdóttir sýnir líka yfirhafnir úr 100% ull og Kormákur og Skjöldur kynna framleiðslu á vaðmáli (tweed) sem er búið til úr íslenskrri ull og verða með fatnað úr því til sýnis.

„Hún Ásthildur Magnúsdóttir vefari sat úti í glugga á safninu í vetur þegar

allt var lokað vegna COVID-19 og óf röggvarfeld sem er hér núna og hún er líka með fræðsluborð þar sem hún sýnir mismunandi gerðir af ull sem ekki er búið að vinna úr,“ lýsir Signý. Hún vekur líka athygli á nýrri afurð frá hljóðvistar-fyrirtækinu Kula by Bryndís. Sú afurð er þó ekki kúlulaga en hún er gerð úr ull, eins og kúlurnar marglitu sem víða hafa verið settar upp á undanförunum árum til hljóðdempunar. Þessi er á heilum vegg á sýningunni og ætti víða heima þar sem bæta þarf hljóðvist.

„Sýningin 100% ull mun verða uppi fram til 15. nóvember og hér verða haldnar smiðjur fyrir alla fjölskylduna og sunnudagsleiðsagnir meðan á henni stendur. Það verður allt auglýst á heimasíðu safnsins og Facebook,“ segir Signý og bætir við: „Hingað verður líka boðið skólahópum, því verið er að taka í notkun nýjan sal þar sem auðvelt er að vera með fræðslu og aðra dagskrá.“

Hún bendir á að verkin á sýningunni séu ólík þó efniviðurinn sé í grunninn allur af íslenskum kindum og segir ánægjulegt að upplifa hversu mikil fjölbreytni sé í því sem fólk er að búa til úr þessari eðlafurð, ullinni.

gun@frettabladid.is

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Kristín Ingólfssdóttir



Sverrir Einarsson



Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242



Minningarkort á hjartaheill.is

eða í síma 552 5744



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Elsku afi okkar, tengdafaðir og langafi,
Hákon Guðmundur Torfason

lést á hjúkrunarheimilinu
Sunnuhlíð, Kópavogi, sunnudaginn
13. september. Útför hans fer fram frá
Lindakirkju í Kópavogi, mánudaginn
21. september, klukkan 13.00.

Hákon Hallgrímsson

Unnur Hallgrímsdóttir

Þór Hallgrímsson

Hallgrímur Þór Ingólfsson

og barnabarnabörn.

Hrefna Guðmundsdóttir

Sandra Heimisdóttir



Hjartkær móðir okkar og tengdamóðir,
Guðný Sigurðardóttir

lést á Dvalar- og hjúkrunarheimilinu
Höfða, 8. september síðastliðinn.
Útför hennar fer fram frá Akraneskirkju,
Þriðjudaginn 22. september kl. 13.00.
Streymt verður frá athöfninni á vef
Akraneskirkju. www.akraneskirkja.is.



Guðmundína Hallgrímsdóttir

Ólafur Hallgrímsson

Hörður Hallgrímsson

Matthias Pálsson

Bryndís Bragadóttir

Geirlaug Jóna Rafnsdóttir

og fjölskyldur.

Litir Íslands utanlands

Í sænska bænum Hälleforsnäs verður viðburður í dag, þegar sýning níu íslenskra myndlistarmanna verður opnuð, klukkan 12 að íslenskum tíma. Hún nefnist Íslandsfärger.

Samsýning níu íslenskra myndlistarmanna verður opnuð í bænum Hälleforsnäs í Svíþjóð í dag, 19. september, undir yfirskriftinni Íslandsfärger, sem útleggst: Litir Íslands.

Listaverkin eru af ýmsum toga: tví- og þrívíð textilverk, bókverk, málverk, vatnslitamyndir, samklippur og pappírslágmyndir og bak við þau er níu manna hópur sem tengist Gilfélaginu á Akureyri, þó ekki búi allir í höfuðstað Norðurlands.



Við ætluðum upphaflega að vera viðstödd og vorum búin að öngla saman fyrir farinu, en nærveru okkar var ekki óskað.

„Opnunin verður með óhefðbundnum hætti vegna COVID-19 en hún verður send út beint á netinu. Þar mun fara fram samtal nokkurra þátttakenda, sænskra listamanna og listnema. Við ætluðum upphaflega að vera viðstödd og vorum búin að öngla saman fyrir farinu, en nærveru okkar var ekki óskað og við skiljum það. Enda mælt til að ekki séu fleiri en 10 saman í sýningarrýmiinu,“ segir Guðmundur Ármann Sigurjónsson, einn þeirra sem eiga verk á sýningunni. Hinir eru Anna Gunnarsdóttir, Eiríkur Arnar Magnússon, Guðrún H. Bjarnadóttir



Sex af níu eigendum listaverka í kassanum sem sendur var til Svíþjóðar: Ragnar Hólm, Ívar Freyr, Jónborg (Jonna), Anna, Guðrún H. (Hadda) og Guðmundur Ármann.

(Hadda), Heiðís Hólm Guðmundsdóttir, Ívar Freyr Kárasón, Jónborg Sigurðardóttir (Jonna), Ragnar Hólm Ragnarsson og Sigurður Magnússon.

„Við erum að endurgjalda sýningu

sem hópur sænskra listamanna kom með til okkar og var í Deigluinni á Akureyri haustið 2018,“ segir Guðmundur. Sýningin í Hälleforsnäs stendur til 22. nóvember. gun@frettabladid.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi, langafi og sonur,

Bjarni Sverrisson

Hnjúkaskeli 4,

Lést á líknardeild Landspítalans, þriðjudaginn 15. september. Útför hans verður frá Seljakirkju, föstudaginn 25. september, klukkan 15. Streymt verður frá útförinni á <https://www.facebook.com/minningarsidabjarnasverrissonar>.

Hanna María Oddsteinsdóttir
Linda Björk Bjarnadóttir
Guðný Sigríður Bjarnadóttir
Lára Jóhannesdóttir
Lilja Jóhannesdóttir
Steinunn Árnadóttir
og barnabörn.

Bragi Hilmarsson

Kristinn Snær Agnarsson

Sverrir Geirdal

Reynir Björnsson



Ástkær eigenmaður minn, sonur, faðir okkar, tengdafaðir og afi,
dr. Gunnar Mýrdal Einarsson
yfirlæknir og sérfræðingur í
brjóstholsskurðlækningum,

Lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu þann 10. september sl.

Jarðarförin fer fram miðvikudaginn 23. september kl. 15.00, frá Hallgrímskirkju.

Streymt verður frá athöfninni:
<https://vimeo.com/event/305327>.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hans er bent á Minningarsjóð Gunnars Mýrdal hjá Kviku fjárfestingarbanka: 0701-26-110464, kt. 030579-3649.

Ingbjörg Kristjánsdóttir

Hulda Haraldsdóttir

Hulda Mýrdal Gunnarsdóttir

Dagmar Mýrdal Gunnarsd.

Erna Mýrdal Gunnarsdóttir

Valdís Jóna Mýrdal Gunnarsdóttir

Gunnar Breki Mýrdal Gunnarsson

Rafn Alexander Mýrdal Gunnarsson

Geirlaug María Mýrdal Gunnarsdóttir

Kara Lív Mýrdal Dagmarsdóttir

Þórunn María Kærsted

Bryndís María Theódórsd.

Anton Ingi Sigurðarson



Ástkær eigenmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, sonur og afi,

Jón Guðmundsson

arkitekt,

Lést í faðmi fjölskyldu sinnar sunnudaginn 6. september 2020. Útförin fer fram í Dómkirkjunni, 24. september kl. 13.

Ragnheiður Björk Hreinsdóttir
Sigurrós Jónsdóttir
Guðmundur Hjalti Jónsson
Ingunn Ívarsdóttir
Brynjar Þór Björnsson
Lisa Mikaela Gunnarsdóttir
Bjartmar og Sólmar



Okkar ástkæri sonur og faðir,
Kjartan Sveinarsson

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut, 3. september sl. Jarðarförin hefur farið fram.

F.h. ástvina,

Margrét Kjartansdóttir

Sveinar Eyfjörð Þórsson

Margrét Kjartansdóttir

Jón Valgeir Kjartansson



Innilegar þakkir fyrir sýnda samúð og hlýju við andlát elsku móður okkar, tengdamóður og ömmu,

Kristínar L. Valdemarsdóttir

Sléttuvegi 11,

áður Hrauntungu 22, Kópavogi,

sem lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 6. ágúst sl. Sérstakar þakkir til alls starfsfólks Bärubrauns í Hafnarfirði fyrir einstaka umhyggju.

Kærlleikskveðja,
Frosti Bergsson
Valdimar Bergsson
Anna Rós Bergsdóttir
ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubarn.
Halldóra M. Mathiesen
Helga M. Geirsdóttir
Haraldur Guðfinnsson



Kristín H. Pálsdóttir

hjúkrunarfræðingur,
Skipalóni 24,
Hafnarfirði,

Lést á líknardeild Landspítalans 10. september. Útförin fer fram frá Frikirkjunni í Hafnarfirði, miðvikudaginn 23. september klukkan 14.

Í ljósi aðstæðna munu einungis nánasta fjölskylda og vinir verða viðstaddir. Athöfninni verður streymt á <https://www.sonik.is/kristin>.

Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Rjóðrið, hvíldar- og endurhæfingarheimili fyrir langveik börn: 0513-26-22241, kt. 640394-4479.

Guðmundur Friðrik Sigurðsson

Sigrún Sveinbjörnsdóttir

Páll Arnar Sveinbjörnsson

Próstur Sveinbjörnsson

Jónas Hagan Guðmundsson

Magnús Friðrik Guðmundss.

Michael Ted Lawson

Henny María Frimannsdóttir

Valgerður Jóna Jónbjörnsd.

Jóhanna Sævarsdóttir

Becky Guðmundsson

og barnabörnin tólf.



Ástkær dóttir okkar og systir,
Eiríka Steinunn Petersen
Agnarsdóttir

Lést í faðmi ástvina sinna á gjörgæsludeild Landspítalans við Fossvog, miðvikudaginn 9. september. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 24. september, kl. 13. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina.

Agnar Már Jónsson
Soffía Dóra Sigurðardóttir
Sigurður Andri Agnarsson
Anna Kristín Petersen Agnarsdóttir



Elsku faðir minn, afi, tengdafaðir og bróðir,
Jóhann Guðjónsson

líffræðingur og kennari við Flensborgarskólann,

Lést þann 14. september.

Útför fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 25. september, kl. 13.00.

Þeim sem vilja minnst hans er bent á að styrkja umhverfis- og náttúruverndarsamtök að eigin vali.

Guðrún Eva Jóhannsdóttir
Jóhanna Eldey Óskarsdóttir
Daniel Orri Óskarsson
Óskar Pétur Einarsson
Jón Trausti Guðjónsson
Gunnsteinn Guðjónsson
Anna Kristín Guðjónsdóttir
Magnús Guðjónsson
Ingvar Guðjónsson



Innilegar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Önnu
Guðjónsdóttir

Álfaskeiði 58, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Sólvangi.

Guðjón Þorkelsson
Magnús Þorkelsson
Íris Þorkelsdóttir
Sesselja G. Sigurðardóttir
Guðrún Ásmundsdóttir
Friðrik Guðjónsson
barnabörn og barnabarnabörn.




Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,
Ingigerður Stefania
Óskarsdóttir
(Inga)

Lést á hjartadeild Landspítalans aðfaranótt 15. september. Útför verður auglýst síðar.

Guðjón Árni Konráðsson
Jóna Ósk Konráðsdóttir
Guðmundur Kristinn Konráðsson
Óli Gunnarr Hákansson
Hildur Arna Hákansson
Frantz Adolf Hákansson
Crystal Elaine Moore Hákansson
Henny Guðmundsdóttir
Tinna Guðmundsdóttir
Inga Kavov Guðmundsdóttir
og barnabarnabörn.
Lena Hákansson
Andri Buchholz
Magnús Þór Bjarnason


Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyrningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR




Lausnarorð síðustu viku var

FERFÆTLINGAR



LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist byggðarlag. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 24. september næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „19. september“.



FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Gegnum vötn, gegnum eld**, höfundur **Christian Unge** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Árni Stefánsson, Sauðárkróki**.

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

- 1 Að innan er þetta austurtrog eins og framandi byttur (9)
- 11 Náðum að klára það sem við hentum fyrir borð (10)
- 12 Foringi greiðir för til Rómara eða Ríga (11)
- 13 Kvartsbrún pirrar leiðindanuddara (10)
- 14 Maður gerir ekki bíl úr bjálka þótt harður sé (11)
- 15 Fara bollablóm hnignandi? (10)
- 16 Plöturnar eru á hafsbotni en brettin á yfirborðinu (9)
- 17 Neyddum þau til að fórnar ásum frenju (7)
- 19 Það er galli rúna að vera til ama (9)

- 24 Saga af stórvirki stelpna á svipuðum aldri (6)
- 27 Mættu í hús með allt sem þær græddu (7)
- 29 Af gripunum skulið þér þekkja þá, frekar en rifrildinu um þá (8)
- 30 Hvort sem það er skóli eða elliheimili, hann er kóngurinn! (5)
- 31 Á albestu tímabilunum var ég með mestu þúkunum (9)
- 33 Tala um storm eftir sennu (8)
- 34 Hvað heitir lasna ljónið í Narníu? (5)
- 36 Það hefur orðið bylting í turnunum (8)

- 38 Hví lemur hún svo masgef-inn og hreinskilinn svein?
 - 39 Lendum í ógöngum með ösnum (5)
 - 41 Loddarar tilbiðja kjörnar konur (8)
 - 42 Hitti sál ljósa meðal ómerk-inga (9)
 - 44 Husla ber rauð í ruglinu (4)
 - 45 Sú saga fer af förunum að þau klikki á forskeytinu (9)
 - 47 Spotta frjálst fólk út í eitt (9)
 - 48 Forseta eggja og Frey (3)
 - 49 Létum laus í ljós (9)
- LÓDRÉTT**
- 1 Förun burt úr öfugum bæjarhlutum (9)

- 2 Ævidreki er mitt fjöregg (9)
- 3 Hvað efonur manns hvetur til stafrænnar efnistöku? (9)
- 4 Þessi glenna ku girnast háfætta herra (9)
- 5 Máttur guðanna magnar upp mikinn storm (10)
- 6 Á degi barnanna var mikið prógramm á þessari búllu (12)
- 7 Sveipum HÍ adstoðarfólki (10)
- 8 Ég man feðurð ungdómsins er bláklukkan brumaði (9)
- 9 Rúin værd vegna ríkidæm- is? (9)

- 10 Gult mun hæfa svona hnöttum (7)
- 18 Aðeins við kunnum skil á hlutdrægum hugsjónum (8)
- 20 Gleymum hvorki vígasveit né skemmitkröftunum sem fóru að dæmi hennar (12)
- 21 Guðdómlegur drykkur mótar áhriflistaverks (12)
- 22 Háfjallabjallan á sér frænku í vísbendingu 8 (12)
- 23 Hálf hundrad manna og allir jafn gamlir (9)
- 25 Liðug leika liðdyr fyrir klink (8)

- 26 Úr hólma og bolla má hnoða músikalskt nafn (5)
- 28 Ofurlíði barnar sveitir mildan kalla' á krist/koppa- lognið leggst þá yfir land og sæ (11)
- 32 Lýsir forsendum skatts (7)
- 35 Snúum þeim sem snöggu eru (6)
- 37 Þessi tittur er alltaf með væl um gúmmilaði úr íðrum skemmtigarðs (7)
- 40 Stuðar hvern sem grafist getur (6)
- 43 Þetta trýni er til þess gert að ota því (4)
- 46 Stækkuðu jafnt í báðar áttir (3)

LÉTT

	5		3				1
		3	6	1		2	9
7			8				
4	7				6		
3			4			1	
	1		2	3	4		5
5	7					2	8
	8	2	1	7		5	
		4					

MIDLUNGS

2			8	4			
3				5			9
	7	8	9				5
		9	2			6	1
		3				2	7
	1			7	9	4	
		7	1			3	8
			3	9			6
				8	1		

PUNG

		5		6	7		
1	2	9		7			8
							9
	3						4
		6				9	5
8		7		1		3	
		4		2	9		6
9		1	5				4
							8

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Hector átti leik gegn Kjacko í Toulouse í Frakklandi árið 1989.

1. Dxf8+! Kxf8 2. Hh8+ Rg8 3. Hxg8+! Kxg8 4. Hh1 1-0. EM ungmenna í netskák hófst í gær og verður framhaldið um helgina. Átján íslensku ungmenni taka þátt. Beinir útsendingar alla helgina á skak.is í þar sem fylgst verður með öllum íslensku krökkunum. www.skak.is: EM ungmenna í netskák.

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

9	3	8	2	4	5	1	7	6
1	4	7	6	3	8	9	5	2
2	6	5	9	7	1	4	8	3
4	7	2	1	9	3	5	6	8
8	9	3	5	6	7	2	1	4
5	1	6	8	2	4	3	9	7
6	2	4	7	5	9	8	3	1
7	5	1	3	8	2	6	4	9
3	8	9	4	1	6	7	2	5

9	2	6	3	4	7	1	5	8
7	1	3	8	5	6	2	9	4
8	5	4	9	1	2	6	3	7
4	8	7	1	3	9	5	6	2
1	6	2	4	7	5	3	8	9
3	9	5	2	6	8	7	4	1
2	3	1	5	8	4	9	7	6
5	7	8	6	9	1	4	2	3
6	4	9	7	2	3	8	1	5

1	2	8	4	7	3	9	6	5
3	4	5	2	9	6	7	8	1
6	7	9	5	8	1	2	3	4
4	8	7	6	5	2	3	1	9
5	6	2	3	1	9	8	4	7
9	1	3	7	4	8	5	2	6
2	9	4	8	6	7	1	5	3
7	3	6	1	2	5	4	9	8
8	5	1	9	3	4	6	7	2

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

BRONSSTIGAKEPPNIN

Halldór Þorvaldsson og Magnús Sverrisson eru orðnir mjög heitir í samkeppninni um bronsstiga-meistara í sumarbridge Bridge-sambands Íslands. Þegar þessi orð eru skrifuð eru þeir með 352,5 stig en Hermann Friðriksson, sem er í öðru sæti, er með 289,5 stig. Mánudaginn 14. september lönduðu þeir öruggum og

mikilvægum sigri með 64,8% skor í sumarbridge BSI. Annað sætið var með 58,6% skor. Faraldursástandið dregur ekkert úr áhuga bridge-spilara. Þátttaka var mjög vegleg, alls mættu 24 pör það kvöld. Á því spilakvöldi kom þetta spil fyrir. Suður var gjafari og enginn á hættu:

<p>Norður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ 73 ♥ 1087 ♦ 432 ♣ ÁG754 	<p>Vestur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ 94 ♥ KG93 ♦ ÁD109876 ♣ - 	<p>Austur</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ KDG ♥ ÁG ♦ KG5 ♣ D10986
<p>Suður</p> <ul style="list-style-type: none"> ♠ Á108652 ♥ D542 ♦ - ♣ K32 		

Suður ákvað að opna veikt í tveimur spöðum á borðinu þeirra. Halldór Þorvaldsson sat í vestur og lintti ekki látum fyrir en hann hafnaði í 6♦. Hann vann þann samning auðveldlega, trompaði bara 2♥ í blindum og komst auðveldlega heim með lauftrompunum. Halldór og Magnús voru eina parið í AV sem fór í 6♦. Þeir fengu því hreinan topp fyrir að standa þann samning. Lang flest pörin í AV spiluðu 3 grönd. Flestir fengu 12 slagi en tvö pör fengu aðeins 10 slagi.

KRÓNAN

Þessi gula króna ...

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

Ódýrt

SPARAR ÞÉR AURINN

Ef vara er merkt **ÓDÝR** þýðir það að þetta sé ódýrasta varan í þessum vöruflokki



Gestus maískorn, 340 g

114 kr. stk.



Gestus svartar baunir, 400 g

145 kr. stk.



Kjúklinga bringur, 900 g

1299 kr. pk.



Banderos osta dýfa, 300 g

269 kr. stk.



Banderos salsa, 300 g

198 kr. stk.



Banderos vefjur, 6 stk.

199 kr. stk.



Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

Skoðaðu blaðið
husa.is




Tilboðsveisla



HÚSASMÍÐJAN

FYRIR ÞIG



PHILIPS
Bað-og vegggljós
20%
afsláttur Gildir ekki af HUE



Flísar
25%
afsláttur



Parket
25-30%
afsláttur



AVASCO
Hillurekkar
20%
afsláttur



Berlinger Haus
25-30%
afsláttur



Sláttuvélar
30%
afsláttur



Nilfisk
Háprýstidælur
og ryksugur
20%
afsláttur



Tognana
Borðbúnaður
25-30%
afsláttur

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíki. Únval getur verið misjafnt milli verslana.

LADY
PREMIUM PAINT & COLORS

20%

afsláttur
af allri LADY
innimálningu



isla



20%

HIKOKI
HIGH PERFORMANCE POWER TOOLS

29.995 kr

~~37.695 kr~~

Borhamar DH26PC SDS PLUS

830W, borar og meitlar, höggorka 0-3.2J, mesta borun í stein 26 mm, léttfleygun, HSC taska. 5247170



30%

af öllum NEO topp-
lýklasettum

NEO

13.995 kr

~~19.945 kr~~

Topplýklasett

Toppár 1/2" 10-32 mm, 1/4" 4-14 mm. 111 stk. 5052573



Sjáðu
verðið!

AEG
79.990 kr

~~89.990 kr~~

Þvottavél AEG. L6FBI48S

Magn af þvotti mest 8 kg, 1400 snúninga, A+++ orkuflokkur. 1860502

Rafmagnshjól



Sjáðu
verðið!

149.900 kr

Rafmagnshjól Enox

Enox Yadea rafmagnsreiðhjól, umhvefisvænt, 250W, 25 km hraði, drægni 70 km, 7 gíra. 3903103

blómaaval
1970-2020

AFMÆLIS TILBOÐ

50 ára

BLOMAVALIS

POTTA-
PLÖNTUR
20-50%
AFSLÁTTUR

-33%

Philodendron
Hybrid
11 cm pottur.
10327873

1.990 kr

~~2.990 kr~~



-25%

Rósir
10 stk.

2.990 kr

~~3.990 kr~~




-25%

Orkidea
2 greinar
12 cm. 11325000

1.990 kr

~~2.690 kr~~



-33%

Nóvember-
kaktus
9 cm pottur. 11328200

999 kr

~~1.490 kr~~



-33%

Ástareldur
10,5 cm pottur.
11328305

999 kr

~~1.490 kr~~



HAUSTERIKUR
3 STK.

-28%

Hausterikur
3 stk. að eigin vali

1.290 kr

~~1.797 kr~~

HAUSTLAUKAR
Í ÚRVALI

Frábært verð
Magnpakning

1.990 kr/pk.




KRAKKAR

Konráð ⁴²¹ og félagar á ferð og flugi

„Jæja, Róbert,“ sagði Kata pirruð. „Þú veist náttúrulega allt um þennan fugl, er það

ekki? Hvað hann heitir, hefur örugglega bæði ungað honum út úr eggjum, þekkir ömmu hans og ef ég þekki þig rétt líka étið hann.“ Kata var augljóslega ekki í góðu skapi í dag. „Svona, svona,“ sagði Róbert óvenju auðmjúkur.

„Ég veit lítið um þennan fugl og ekki hvað hann heitir.“ Svo bætti hann við: „Nema að ég hef séð hann og hann er mjög kvikur, hleypur um og dillar stélinu upp og niður.“ Kata lét þetta svar sér nægja og þagði þótt pirruð væri.



Veist þú
hvaða fugl
þetta er?

Allt gekk á afturfótunum fyrsta daginn

Þó að Walt Disney sé þekktur fyrir sínar vinsælu sögupersónur í teiknimyndum og kvikmyndum þá gekk ekki allt eins og í sögu þegar fyrsti Disneyland-garðurinn í heiminum var opnaður á vegum Walt Disney-samsteypunnar. Það var í Anaheim í Kaliforníu og árið var 1955. Garðurinn er því sextíu fimm ára á þessu ári.

Aðeins vel valdir gestir og fjölmíðlar voru viðstaddir opnun garðsins en hann var samt yfirfullur af fólki. Auk þess var viðburðurinn sendur út um öll Bandaríkin.

Það var hásumar, glampanði sól og gríðarlegur hiti þennan dag og allir gosbrunnar í garðinum þornuðu upp. Nýlagt malbikið í garðinum bráðnaði líka þannig að fólki hætti til að límast við það, sérstaklega olli það þó vandræðum fyrir konur á háum hælum.


Allur matur kláraðist í boðinu. Ekki nóg með það. Gasleki kom upp í garðinum og hann leiddi til þess að loka varð þremur svæðum hans.



Mikki mús er lukkuðyr Walt Disney fyrirtækisins. Hann varð til 1928.

En þetta voru byrjunarörðugleikar. Vinsældir garðsins hafa orðið gríðarlegar og mörg hund-

ruð milljóna hafa heimsótt hann á þessum sextíu og fimm árum sem saga hans spannar. –gun



Hafdis Braga og Embla María eru áhugasamar um gerð kvikmynda.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kvikmyndun er spennandi

Hafdis Braga Óðinsdóttir og Embla María Jóhannsdóttir eru í 9. bekk Laugalækjarskóla. Í síðustu viku tóku þær þátt í námskeiðinu Stelpur filma, sem Reykjavíkurborg og Riff stóðu fyrir í Norræna húsinu með stuðningi Barnamenningsjóðs.

VIÐ LÆRDUM AÐ KLIPPA OG SETJA INN TÓNLIST OG GERÐUM ÞAÐ BARA HÉR Í SKÓLANUM.

Hafdis Braga

Hvernig var á námskeiðinu, stelpur? Embla María: Það var ótrúlega gaman. Við vorum á fyrirlesturum hjá fólki í kvikmynda-bransanum sem lýsti því hvernig það byrjaði og upplifði hlutina.

Hafdis Braga: Það var gaman að hitta Baltasar Kormák. Hann var að kenna okkur hvernig ætti að leikstýra.

Fenguð þið eitthvað að gera sjálfar? Embla María: Já, við vorum sex í hóp úr Laugalækjarskóla og bjuggum til stuttmynd. Það var kennari með okkur en við sáum að mestu um vinnuna sjálfar og leystum þau vandamál sem komu upp. Skólinn lánaði okkur mikkrofón og myndavél.

Sömduð þið handritið sjálfar? Hafdis Braga: Já, hópurinn byrjaði á að gera það saman. Myndin okkar heitir Heimaskjól og fjallar um vandamál í sambandi við heimilisofbeldi en svo verður allt betra í endann. Hún er rétt undir þremur mínútum.

Embla María: Við vorum svo hræddar um að hún yrði of löng að við fókuseruðum strax á aðalatriðin og þurftum ekkert mikið að stytta.

Fenguð þið góðar leiðbeiningar á námskeiðinu? Embla María: Já, Margrét Örnólfsdóttir var til dæmis að kenna okkur að byggja upp handrit.

Hafdis Braga: Svo var Nanna Kristín Magnúsdóttir að kenna líka og sýndi okkur þrjár stuttmyndir sem hún hafði gert. Við lærðum að klippa og setja inn tónlist og gerðum það bara hér í skólanum.

Voruð þið komnar með kvikmyndabakteríu áður? Embla María: Mér hefur alltaf fundist eitthvað spennandi við kvikmyndun.

Hafdis Braga: Mér líka, mig langar að gera eitthvað meira enda er ég í stuttmyndavali í 9. bekk. Þetta var samt þínu flóknara en ég hélt.

Horfið þið mikið á kvikmyndir sjálfar? Hafdis Braga: Já, ég er mikið fyrir hryllingsmyndir. Adrenalínið fer ekkert hátt hjá mér, ég er orðin svo von þeim.

Embla María: Ég höndla ekki hryllingsmyndir. Horfi oftast á rómantískar gamanmyndir eða ævintýra-spennmyndir.

Fleiri áhugamál? Embla María: Ég æfi dans oft í viku, alls konar stíla.

Hafdis: Mér finnst mest gaman að vera með vinum mínum. Nú fer ég kannski líka að skrifa handrit!

Gerðu góð kaup

KAUPAUKI

VETRARDEKK!

Umgangur fylgir
Kjarabílum til
25. september.



SÉRVALDIR NÝIR BÍLAR Á KJARABÍLAVERÐI
KOMDU Í REYNSLUAKSTUR Á SÆVARHÖFÐA 2

KJARAVERÐ
2.690.000 kr.



AHY88

Nissan Micra Acenta

Bensín, framhjóladrifinn, beinskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 2.990.000 kr.

KJARAVERÐ
3.990.000 kr.



KYV69

Dacia Duster Comfort

Bensín, fjórhjóladrifinn, beinskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 4.450.000 kr.

KJARAVERÐ
6.590.000 kr.



IAU04

Nissan X-Trail Acenta+

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 7.290.000 kr.

KJARAVERÐ
2.890.000 kr.



FYK14

Dacia Dokker Ambiente

Dísil, framhjóladrifinn, beinskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 3.150.000 kr.

KJARAVERÐ
4.790.000 kr.



GYD17 100% rafmagn

Nissan Leaf N-Connecta

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 5.130.000 kr.

KJARAVERÐ
7.290.000 kr.



DEZ10

Renault Koleos Initial Paris

Dísil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 7.990.000 kr.

KJARAVERÐ
4.190.000 kr.



EOF06 100% rafmagn

Renault NÝR ZOE Intens

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Reynsluakstursbíll
Listaverð: 4.950.000 kr.

KJARAVERÐ
6.990.000 kr.



JSY51

Subaru Outback LUX

Bensín, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 8.090.000 kr.

KJARAVERÐ
6.190.000 kr.



MTS09

BMW X1

Dísil, framhjóladrifinn, sjálfskiptur. Nýr bíll
Listaverð: 6.794.000 kr.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík



10 | 11
°C ↗

Ísafjörður



6 | 15
°C ↗

Akureyri



10 | 12
°C ↗

Egilsstaðir



13 | 6
°C ↗

Kirkjubæjarkl



10 | 10
°C ↗

Hveravellir



3 | 12
°C ↗

Fremur hæg suðvestanátt en 10-18 og skúrir eftir hádegi. Hægari vindur austanlands fram eftir degi og bjart með köflum.

Reykjavík



Sunnudagur



11 | 11
°C ↑

Mánudagur



5 | 5
°C ↗

Þriðjudagur



3 | 3
°C ←

Miðvikudagur



2 | 3
°C ↙

Fimmtudagur



4 | 6
°C ↓

Ísafjörður



3 | 6
°C ←



-1 | 5
°C ↙



0 | 4
°C ↙



-1 | 5
°C ↙



0 | 6
°C ↙

Akureyri



8 | 4
°C ↙



0 | 2
°C ↘



-1 | 1
°C ↙



-1 | 2
°C ↘



0 | 3
°C ↘

Egilsstaðir



8 | 1
°C ↗



3 | 6
°C →



2 | 2
°C ↓



1 | 4
°C ↘



1 | 1
°C →

Kirkjubæjarklaustur



11 | 10
°C ↑



7 | 4
°C ↗



5 | 4
°C ←



4 | 2
°C ↙



5 | 2
°C ↙

Hveravellir



5 | 12
°C ↑



-2 | 3
°C ↙



-1 | 2
°C ↑



-3 | 7
°C ↙



-2 | 8
°C ↓



BFS BRÚ - FÉLAG STJÓRNENDA

AÐALFUNDUR

Brú félag stjórnenda heldur aðalfund sinn, **mánudaginn 21. september 2020 kl. 18:00** í sal Læknafélagsins að Hlíðasmára 8, 4. hæð 201 Kópavogur.

DAGSKRÁ

Venjuleg aðalfundastörf

Stjórnin.

BANNER-UP STANDAR



Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.



Sundaborg 3
104 Reykjavík
777 2700
xprent@xprent.is

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



DAG HVERN LESA

93.000

ÍSLENDINGAR FRÉTTABLAÐIÐ AÐ MEÐALTALI

BÓKA MARKAÐUR Á FISKISLÓÐ 39 OPIÐ ALLA DAGA kl. 10-19

ÍS OG
NAMMI FYRIR
BÖRNIN
Á MEÐAN BIRGÐIR
ENDAST



NÓG AF
FRÍUM
BÍLA-
STÆÐUM!





2.490 kr.



690 kr.



1.490 kr.



9.990 kr.



1.990 kr.




1.490 kr.



1.990 kr.



1.290 kr.



2.990 kr.




99 kr.
TILBOÐ



2.990 kr.

NÝIR
TITLAR

ÓTRÚLEGT
VERÐ!



*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

MARKAÐURINN ER LÍKA Á NETINU: WWW.FORLAGID.IS | GJÖF FYRIR ALLA SEM KOMA

Undiraldan í Beethoven var grípandi

TÓNLIST

Sinfóniutónleikar



Verk eftir Beethoven og Glass

Flutningur: Sinfóniuhljómsveit Íslands.

Stjórnandi: Eva Ollikainen.

Einleikari: Víkingur Heiðar Ólafsson.

Eldborg í Hörpu/Bein útsending RÚV

fimmtudagur 17. september



Þetta var frábær flutningur, segir Jónas Sen um Víking Heiðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einhver nemandi í barnaskóla skrifaði einu sinni í ritgerð um tónlist að börn og eiginkona Beethovens hefðu alltaf verið að rífast í honum og gert hann ENNBÁ heyrnarlausari.

Það er að vísu satt að Beethoven byrjaði að þjást af heyrnarskerðingu 26 ára gamall og hún leiddi á endanum til algers heyrnarleysis. Hann átti hins vegar hvorki konu né börn. Heyrnarleysið gerði hann smám saman útlægan úr mannlegu samfélagi, og svo var hann einkar skaphefur í þokkabót. Ekki er vitað hvað olli heyrnarleysinu, en Beethoven sagðist ætla að taka örlögin kverkataki. Hann var staðráðinn í að láta þau ekki buga sig, og hann þjálfaði sig í að semja tónlist án þess að þurfa að heyra hvernig hún hljómaði á pianói, eins og tónskáld gjarnan gera.

Fyrir byltingu

Sú tónlist sem flutt var eftir hann á Beethoven-veislu Sinfóniuhljómsveitar Íslands á fimmtudagskvöldið var samin frekar snemma á ferlinum, áður en hann varð heyrnarlaus. Fyrsta verkið á dagskránni var lokakaflinn úr fyrstu sinfóníunni, en hann samdi alls níu. Sú fyrsta er í hefðbundnu formi að mestu; Beethoven var enn ekki orðinn sá byltingarmaður sem hann varð síðar, er hann umbreytti hefðbundnum klassískum tónlistarformum og opnaði brautina fyrir miklu meira frelsi í tónsköpun en áður hafði þekkt.

Kaflinn var hressilega spilaður undir stjórn Evu Ollikainen, sem er nýráðinn aðalstjórnandi hljóm-sveitarinnar. Strengir voru að vísu ekki alltaf alveg samtaka, sem heyrðist nokkuð glögg í útsendingu RÚV, en undirritaður horfði á hana í sjónvarpinu. Túlkunin var þó fyllilega í anda verksins; skapstór og tignarleg, gædd gríðarlegum krafti sem var algerlega óstöðvandi.

Hin dulda merking

Maður veltir stundum fyrir sér hvað svona tónlist merkir. Hver er merking tónlistarinnar? Beethoven var sjálfur spurður hvað tiltekið verk eiginlega þýddi, eftir að hann hafði leikið það á pianó fyrir litinn hóp áheyrenda í stofu. Tónskáldið reiddist við spurninguna, og án þess að svara settist hann aftur við pianóið og lék allt verkið á ný. Það var svar hans; merkingin var í sjálfri tónlistinni, hún þýddi ekkert annað.

Merkingarþrungin túlkun

Þetta kom upp í hugann þegar Víkingur Heiðar Ólafsson lék einleikinn í þriðja pianókonserntinum, sem var næstur á dagskránni. Tæknilega séð var leikurinn lýtalaus, alls konar tónahlaup voru óaðfínnanlega skýr og jöfn, tónmyndunin var safarík og samspilið við hljóm-sveitina hárnákvæmt. Það í sjálfu sér var ekkert sérlega athyglisvert. Það sem var sláandi var hve túlkun Víkingar var merkingarþrungin. Hún var gædd miklum tilfinningum án þess að vera væmin; stórbrotin með undiröldu sem greip mann strax. Þetta var frábær flutningur.

Í lok tónleikanna kvað við nýjan tón, en þá var byrjunin úr Glass-works eftir Philip Glass á dagskránni. Þetta er heillandi tónlist í einfaldleika sínum, hún byggist á sífelldri endurtekningu einfalds tónefnis, sem skapar dálítið nostalgíska stemningu. Flutningur strengjaleikara og pianóleikara var fagaður og ljúfur áheyrnar, og var það fallegur endir skemmtilegra tónleika. **Jónas Sen**

NIDURSTADA: Magnþrunginn flutningur á þriðja pianókonserntinum eftir Beethoven, og annað kom líka ágætlega út.

Verk um þrá eftir að tengjast

Þjóðleikhúsið frumsýnir Upphaf eftir David Elridge um helgina. Leikstjórinn segir alla geta samsamað sig einhverju í verkinu.

Kolbrún

Bergþórsdóttir

kolbrun@frettabladid.is



Leikritið Upphaf eftir David Elridge verður frumsýnt í Kassanum, Lindargötu, í kvöld, laugardaginn 19. september. Leikarar eru Kristín Þóra Haraldsdóttir og Hilmar Guðjónsson. Leikstjóri er María Reyndal.

„Verkið fjallar um Guðrúnu og Daniel. Hann er einn eftir þegar gestirnir úr innflutningspartii hennar eru farnir. Verkið gerist á rauntíma á einum og hálfum klukkutíma og fjallar um samskipti þeirra þessa nótt,“ segir María.

Sannleikur og nánd

